FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

224. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 23. SEPTEMBER 2017

Fasteignakaup Róberts

Þriggja milljarða verðmiði á dýrustu íbúð Íslendings. → 2

2017

Aftur á kjörstað

Formenn átta stærstu stjórnmálaflokkanna sitja fyrir svörum.

→ 24, 26 og 28

Japönsk matargerð

Matgæðingar gefa góð ráð. → 38

Íslenskir aðdáendur Stephens King

Endurkoma Kóngsins. → 32

Nýttu **Orkuna** til góðs!

Ofurdagur Á allra vörum

-16 kr. afsláttur í dag hjá Orkunni og Skeljungi*

+2 kr. af hverjum lítra renna beint til Á allra vörum, óháð greiðslumáta

Í dag, 23. september, renna 2 kr. af öllum seldum eldsneytislítrum hjá Orkunni og Skeljungi til Á allra vörum, óháð greiðslumáta. Viðskiptavinir fá einnig 16 kr. afslátt* þegar greitt er með kortum eða lyklum Orkunnar eða staðgreiðslukorti Skeljungs.

Veður



Rigna mun talsvert á landinu í dag þegar hitaskil ganga norðvestur yfir landið. Mest mun þó rigna á Suðausturlandi og Austfjörðum. Skilunum mun einnig fylgja hvassviðri og stormasamt verður undir Eyjafjöllum og í nágrenni Skaftafells.
SJÁ SÍÐU 52

Vill ljúka þingstörfum á þriðjudag

ALÞINGI Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, telur að hægt væri að ljúka þingstörfum á tveimur dögum í næstu viku en segir formenn annarra flokka ekki deila þeirri skoðun með honum.

„Ég myndi vilja vinna að því að þingið þyrfti bara að koma saman í einn, tvo daga og svo væri hægt að ganga til kosninga. En svo eru aðrir sem vilja berjast fyrir einhverjum einstökum málum. Það getur orðið mjög flókið að ljúka þinginu þegar þannig er," segir Bjarni.

Formenn flokka funduðu í gær til að freista þess að ná samkomulagi um þinglok en það tókst ekki eftir nærri tveggja tíma fund. – **hmp**

Gegn hatursorðræðu

Knattspyrnumaðurinn Pape Mamadou Faye var einn þeirra sem tóku til máls á ráðstefnunni Hatursorðræða í íslensku samfélagi í gær. Pape lýsti því í samtali við DV í gær að hann hefði ekki haft hugmynd um hvað kynþáttahatur var fyrr en hann flutti til Íslands. Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra tók einnig til máls og sagði Íslendinga dragast aftur úr þegar kemur að viðbrögðum við hatursorðræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lengd gæsluvarðhalds endurspeglar vitneskju lögreglu

LÖGREGLUMÁL Erlendur karlmaður var í gær úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Úrskurðurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur. Maðurinn er grunaður um að hafa orðið konu að bana í íbúð hennar við Hagamel á fimmtudagskvöld.

Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að stutt gæsluvarðhaldið segi töluvert um hvað lögregla telji sig vita um atburðinn. Þó þarfnist málið töluverðrar rannsóknar enda séu fjölmörg atriði sem þurfi að klára.

Viðkomandi gæti þó verið leiddur aftur fyrir dómara eftir atvikum ef gerð er krafa um áframhaldandi gæsluvarðhald. Hvort sem það væri á grundvelli rannsóknarhagsmuna eða með tilliti til almannahagsmuna.

Málið er rannsakað sem manndráp. Konan, sem var einnig af erlendu bergi brotin og var á fimmtugsaldri, var flutt með alvarlega áverka á slysadeild Landspítalans á fimmtudagskvöld. Hún var síðan úrskurðuð látin á spítalanum.

Íslendingur var einnig handtekinn í íbúðinni á Hagamel en honum var sleppt í gær. Segir Grímur að rannsókn málsins í gær hafi sýnt að aðild Íslendingsins að málinu væri engin. – **þea**

Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn

Dýrasta íbúð sem Íslendingur hefur átt

Róbert Wessman keypti íbúð á Manhattan í New York í lok síðasta árs fyrir rúma þrjá milljarða króna. Lánsskjöl benda til þess að hann hafi einungis fengið 1,6 milljarða króna að láni.

Íbúð Róberts Wessman er miðsvæðis á Manhattan og þaðan er gott útsýni yfir Central Park. Íbúðin kostaði meira en þrjá milljarða króna.

VIÐSKIPTI Vilhelm Róbert Wessman, stofnandi Alvogen, keypti íbúð á Manhattan um miðjan desember. Gögn sem Fréttablaðið hefur um söluna og lán henni tengt sýna að kaupverðið var 29 milljónir Bandaríkjadala. Það samsvarar 3,3 milljörðum íslenskra króna miðað við gengi krónunnar þann dag sem viðskiptin fóru fram, 15. desember síðastliðinn.

Íbúðin er á 432 Park Avenue í New York. Samkvæmt söluyfirliti er hún 373 fermetrar að stærð. Á gólfum er eikarparket og af myndum að dæma eru innréttingarnar hinar glæsilegustu. Komið er inn í stórt anddyri og við tekur glæsileg setustofa og borðstofa. Íbúðin er í 96 hæða húsi, sem byggt var árið 2015. Þaðan er gott útsýni yfir Central Park.

Róbert keypti íbúðina í gegnum einkahlutafélag sem hann á 100 prósenta hlut í. Af lánsskjölum að dæma hefur hann tekið 14,5 milljóna dala veðlán fyrir íbúðinni. Það er andvirði 1,6 milljarða króna miðað við gengi krónunnar í desember. Svo virðist sem engin önnur lán hvíli á eigninni, sem bendir til þess að Róbert hafi reitt fram jafnvirði 1,7 milljarða króna í greiðslu.

3,3

milljarðar var verðmiðinn á íbúð Róberts Wessman sem hann keypti í desember síðastliðnum.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þetta dýrasta íbúð sem Íslendingur hefur átt. Árið 2009 sagði fasteignablað New York Times frá því að Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir, eigandi 365 miðla, hefðu sett íbúð sína við Gramercy Park North í New York á sölu. Ásett verð var 25 milljónir dala, eða um 3 milljarðar króna.

Róbert Wessman var forstjóri Actavis áður en leiðir skildi með honum og Björgólfi Thor Björgólfssyni í viðskiptum og Róbert stofnaði Alvogen.

Hann er forstjóri síðarnefnda fyrirtækisins í dag. Á vefsíðu Alvogen segir að hann hafi á einungis sex árum byggt Alvogen frá því að vera lítið fyrirtæki í Bandaríkjunum upp í að verða á meðal 15 stærstu samheitalyfjafyrirtækja heimsins, með starfsemi í 35 löndum.

Róbert var kvæntur Sigríði Ýri Jensdóttur lækni um árabil, en Séð og heyrt greindi frá því í byrjun árs að hann væri skilinn við eiginkonu sína.

jonhakon@frettabladid.is

HYBRID SÝNING

LEXUS SÝNIR **HYBRID LÍNU** SÍNA
Í KAUPTÚNI Í **DAG FRÁ KL. 12 – 16**

HVÍTA HÚSIÐ 2017 / SÍA.IS

Komdu og kynntu þér tækni án málamiðlana.
Kaffibarþjónn lagar kaffi eftir kúnstarinnar reglum og boðið verður upp á veitingar í anda þeirrar hugmyndafræði sem einkennir Lexus; nákvæmni, vandvirkni og gæði.

Lexus-Ísland – Kauptúni 6, Garðabæ – **lexus.is**

LEXUS

TÖLUR VIKUNNAR 17.09.2017-23.09.2017

23%
væri fylgi Sjálfstæðisflokksins og VG samkvæmt könnun í vikunni.

19,1%
var hækkun tólf mánaða visitölu íbúðaverðs í ágúst.

465 þúsund
krónur voru laun kokkanna á Sjanghæ.

64,3%
telja Bjarta framtíð hafa haft gilda ástæðu fyrir stjórnarslitunum.

27
milljónir króna kostaði kosningabarátta Bjartrar framtíðar í fyrra.

66
konur eru starfandi lögreglumenn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

500 þúsund
ferðamenn skoðuðu Seljalandsfoss á síðasta ári.

Þrjú í fréttum

Þingrofsbeiðni, nauðganir og tjáningarfrelsi

Bjarni Benediktsson
forsætisráðherra

gekk á fund forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, á mánudaginn og afhenti honum þingrofsbeiðni. Forsetinn féllst á tillögu forsætisráðherrans og gengið verður til kosninga þann 28. október næstkomandi. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar er skammlífasta meirihlutastjórn í sögu lýðveldisins.

Ragnheiður Bragadóttir
lagaprófessor

telur að aukin áhersla á samþykki í nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga gæti dregið úr brotum. Hún vakti athygli á því að núgildandi nauðgunarákvæði væri tíu ára gamalt, eða frá 2007. Þá gætu öflugar forvarnir einnig dregið úr brotum af þessu tagi. Hún ræddi sögu þessa lagaákvæðis á fundi Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum á fimmtudaginn.

Hildur Eir Bolladóttir
prestur á Akureyri

segir dæmi um að pör hafi hætt við að láta hana gefa sig saman í hjónaband vegna ummæla sem hún lét falla um Sjálfstæðisflokkinn. Hildur er hvergi bangin og segist ætla að halda áfram að segja skoðun sína á íslensku samfélagi.

Foreldrar ungra barna leita í ódýrara melatónín í neyð

Ólafur Adolfsson lyfsali segir að Embætti landlæknis geti ekki fríað sig ábyrgð á þeirri aukningu sem orðið hefur á notkun melatóníns hjá börnum. Skiljanlegt sé að foreldrar leiti ódýrari og ólöglegra kosta á netinu þar sem það geti reynst mörgum fjölskyldum dýrt að kaupa melatónín löglega hér á landi.

HEILBRIGÐISMÁL Það er sjálfsbjargarviðleitni foreldra barna, sem eru að nota melatónín samkvæmt ávísun læknis en fá ekki niðurgreiðslu á Circadini, að útvega sér það með öðrum leiðum. Margir hafa ekki efni á að greiða allt að 80-100 þúsund krónur á ári fyrir lyfin, segir lyfsali. Margfalt ódýrara sé að flytja melatónín inn ólöglega frá Bandaríkjunum.

Hér á landi getur 30 daga skammtur af lyfinu Circadin (melatónín) kostað allt að 8.600 krónum. Ströng skilyrði eru fyrir greiðsluþátttöku í Circadini og þarf fyrsta umsókn að koma frá sérfræðingi í barnalækningum, barnageðlækningum eða barnataugalækningum.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að sprenging hefði orðið í bæði ávísun lækna á melatónín og haldlagðar póstsendingar lyfsins hjá tollgæslu. Melatónín er náttúrulegt hormón sem hefur svæfandi áhrif og eykur svefnhneigð en það er meðal annars notað fyrir börn sem fá lyf við ADHD og eiga erfitt með svefn af þeim sökum. Magnús Jóhannsson, læknir hjá Embætti landlæknis og prófessor í lyfjafræði, sagði í Fréttablaðinu í gær að mikil notkun á melatóníni gæfi vísbendingar um að í einhverjum tilfellum væri verið slá á aukaverkanir örvandi lyfja við ADHD eða að verið væri að gefa lyfið á röngum tímum sólarhrings.

Ólafur Adolfsson lyfsali bendir þó á að Embætti landlæknis geti ekki fríað sig ábyrgð á aukinni notkun melatóníns hjá börnum. Ástæðan sé meðal annars sú að embættið hafi beint þeim tilmælum til allra lækna að ávísa frekar langverkandi ofvirknilyfjum, með allt að 12 tíma verkun, fyrir börn með ADHD sem leiði óhjákvæmilega til aukinnar tíðni svefntruflana með tilheyrandi aukningu á notkun melatóníns. Skammvirkari lyf séu til og ætti frekar að nota á börn ef svefntrufl-anir tengjast lyfjagjöf.

Það er margfalt ódýrara að flytja melatónín inn ólöglega frá Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Hér ræður því miður sú stefna að leggja meiri áherslu á misnotendur lyfja en að tryggja sjúklingum aðgengi að bestu lyfjameðferð.**
>
> Ólafur Adolfsson, lyfsali

„Hér ræður því miður sú stefna að leggja meiri áherslu á misnotendur lyfja en að tryggja sjúklingum aðgengi að bestu lyfjameðferð," segir Ólafur. En líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær er melatónín flokkað sem fæðubótarefni í Bandaríkjunum en lyf hér á landi og í Evrópu sem bannað er að flytja inn. Og þó læknar ávísi melatóníni til barna þá sé það í raun ekki hugsað fyrir fólk yngra en 55 ára. Magnús Jóhannsson hjá Embætti landlæknis varaði sömuleiðis fólk við að panta sér melatónín sem fæðubótarefni að utan, enda sé fæðubótarefnismarkaðurinn þar eftirlitslítill. Bandaríska lyfja- og matvælaeftirlitið (FDA) er til dæmis aðeins haft með í ráðum ef fæðubótarefni inniheldur nýtt efni. Fólk getur því aldrei vitað með vissu að það sé að fá það sem það pantaði.

mikael@frettabladid.is



Mun ekki áfrýja eftir sigur Heimavalla í leigudeilu

LANGANESBYGGÐ Sveitarstjórn Langanesbyggðar ætlar ekki að áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem leigufélagið Heimavellir var sýknað af kröfu sveitarfélagsins og það dæmt til að greiða 650 þúsund krónur í málskostnað. Losnar sveitarstjórnin því ekki undan leigusamningum um sex íbúðir á Þórshöfn sem gilda út 2021.

Fréttablaðið fjallaði í janúar um málarekstur Langanesbyggðar en héraðsdómur komst að niðurstöðu þann 6. júlí. Taldi sveitarfélagið að skýrt ákvæði væri í verðtryggðum samningunum sem gerði því kleift að segja þeim upp eftir að fasteignirnar voru seldar öðru félagi. Íbúðirnar sem um ræðir voru í eigu Laugavegs ehf. þegar samningarnir voru undirritaðir. Dótturfélag Heimavalla keypti V Laugaveg árið 2015 og hefur sveitarfélagið tapað yfir 20 milljónum króna frá undirritun árið 2011.

Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, sagði í samtali við blaðið í janúar að leigutekjur sveitarfélagsins, sem framleigir íbúðirnar, væru talsvert lægri en upphæðin sem það greiðir leigusalanum Heimavöllum. Lögmaður Heimavalla sagði þá að leigufélagið væri ósammála túlkun sveitarfélagsins á uppsagnarákvæði samninganna.

Íbúðirnar í raðhúsum við götuna Miðholt á Þórshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sveitarstjórn Langanesbyggðar fjallaði um niðurstöður héraðsdóms á fimmtudag. Þar var lagt fram minnisblað frá Lúðvík Bergvinssyni, lögmanni sveitarfélagsins í málinu, þar sem hann ráðleggur að málinu verði ekki áfrýjað.

Samningarnir voru gagnrýndir af sumum sveitarstjórnarmönnum og íbúum Langanesbyggðar áður en húsin voru byggð. Á fundi sveitarstjórnar í mars 2011 kom fram að leigutekjur myndu einungis standa undir 70 prósentum af greiddri leigu til V Laugavegs. – **hg**

ILVA

GO CRAZY

LAUGARDAG, SUNNUDAG & MÁNUDAG

25% AF ÖLLUM VÖRUM

– GILDIR EKKI UM VÖRUR Á ÁÐUR NIÐURSETTU VERÐI –

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró

shop online

Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Úttekt á endurmenntun í ráðuneytum

STJÓRNSÝSLA Endurmenntun innan stjórnarráðsins er til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun. Litlar upplýsingar liggja fyrir um kostnað, umfang og ávinning endurmenntunar starfsmanna ráðuneytanna og mjög skortir á heildaryfirsýn og skipulagt utanumhald hennar, samkvæmt forkönnun Ríkisendurskoðunar sem vinnur nú stjórnsýsluúttekt á þessu sviði. Markmið úttektarinnar er að leiða í ljós áhrif endurmenntunar og hvort staðið sé að henni með hagkvæmum og árangursríkum hætti. Niðurstaða úttektarinnar verður kynnt með skýrslu til Alþingis síðar í haust. – aá

Á flótta

Flóttamannabúðir Rohingja í Bangladess eru hættulegar heilsu flóttamannanna. Þetta fullyrtu mannúðarsamtökin Læknar án landamæra í gær. Bentu þau á að úrgangur frá fólki og skítugt vatn flæddi inn í hrörlega kofa búðanna. Nærri 430.000 Rohingjar hafa flúið til Bangladess á undanförnum vikum eftir að átök brutust út í Rakhine-héraði Mjanmar. Sameinuðu þjóðirnar segja yfirvöld í Mjanmar standa að þjóðernishreinsunum. NORDICPHOTOS/AFP

Fráveitumál við Mývatn hafa lengi verið í ólestri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ríkisaðstoð í uppnámi vegna stjórnarslitanna

SKÚTUSTAÐAHREPPUR Viðræður Skútustaðahrepps við ríkisstjórnina um fjárhagsaðstoð vegna alvarlegs vanda í fráveitumálum er í uppnámi vegna stjórnarslitanna. Hreppurinn og fyrirtæki í ferðaþjónustu við Mývatn biðja nú um gálgafrest áður en til afturköllunar starfsleyfa kemur, sem vofað hefur yfir ferðaþjónustufyrirtækjum á svæðinu, Frestur sem heilbrigðisnefnd svæðisins veitti hreppnum og fyrirtækjum til að skila fjármagnaðri úrbótaáætlun og Fréttablaðið hefur greint frá, rann út fyrir viku. Ákvörðun heilbrigðisnefndarinnar um hvort frestur verður veittur verður tekin snemma í október, segir Alfred Schiöth, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits svæðisins.

Áætlaður heildarkostnaður við úrbætur er um eða yfir hálfur milljarður króna og leitað hefur verið til ríkisins eftir fjárhagsaðstoð. Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra hefur lagt þá línu að fyrirtækin á svæðinu þurfi sjálf að leggja eitthvað af mörkum, en sýna þurfi skilning á því að vandinn sé stór og sveitarfélagið lítið. Enn liggur þó ekkert fyrir um aðkomu ríkisins.

> Nú fer allt í bið og við þurfum væntanlega að byrja frá grunni þegar ný ríkisstjórn hefur verið mynduð eftir kosningar.
>
> Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps

„Viðræður voru komnar í fínan farveg. Við áttum bókaðan fund síðastliðinn mánudag með bæði fjármála- og umhverfisráðherra. Hann var blásinn af vegna stjórnmálaástandsins," segir Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps. „Nú fer allt í bið og við þurfum væntanlega að byrja frá grunni þegar ný ríkisstjórn hefur verið mynduð eftir kosningar." – aá

Hækkun í anda Salek ekki nóg fyrir flugvirkja

Deilur flugvirkja Icelandair við Samtök atvinnulífsins gefa tóninn í kjaraviðræðum sem fram undan eru í vetur. Forsvarsmenn SA telja ekkert svigrúm til launahækkana en flugvirkjar sætta sig ekki við litla hækkun í anda SALEK.

KJARAMÁL Mikið ber í milli í launadeilu Flugvirkjafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins fyrir hönd Icelandair. Deilan hefur verið send til ríkissáttasemjara og fundað hefur verið í deilunni þar.

Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands, segir fyrsta fund hjá ríkissáttasemjara ekki hafa breytt miklu. Þar hafi aðilar helst verið að kynna sín sjónarmið og fara yfir málið í rólegheitum. Hann segir hugmyndir flugvirkja og Samtaka atvinnulífsins um launahækkanir vera mjög mismunandi.

„Við erum með ákveðnar kröfur og kynntum þær. SA eru hörð á því að bjóða okkur launahækkanir sem miða við SALEK-samkomulagið sem er löngu dautt. Við munum ekki sætta okkur við það," segir Óskar en það sé nú stutt liðið á þessa samningagerð og því gæti nú allt gerst enn þá. „Þetta var nú bara fyrsti fundur og við skulum sjá hvað setur. Við erum allavega ekki farnir að hugsa það að leggja niður störf strax."

Flugvirkjar Icelandair vilja ríkulegri launahækkanir en örfá prósent. Stefnir því í hart á milli deiluaðila í samningaviðræðum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir línu samtakanna alveg skýra. Á fundi samtaka atvinnulífsins á Akureyri í fyrradag talaði hann um að krafa væri uppi í þjóðfélaginu um ósjálfbærar launahækkanir í landinu. „Stundum er mikið svigrúm fyrir launahækkanir, stundum er lítið svigrúm fyrir launahækkanir. Það er alveg ljóst að það er ekkert svigrúm fyrir launahækkanir eins og staðan er í dag," segir Halldór Benjamín á fundinum. „Við verðum að verja þá kaupmáttaraukningu sem launafólk hefur fengið á síðustu árum, sem er á milli 20 og 30 prósent."

Einnig sagði Halldór Benjamín að útflutningsfyrirtækin yrðu að vera leiðandi í verðmætasköpun og því hversu mikið svigrúm væri til launahækkana. Opinberir starfsmenn og kjararáð gætu ekki með nokkru móti verið leiðandi í launahækkunum í þessu landi.

> Það var lítið sem gerðist á þessum fundi og ég mun boða aðila til fundar aftur innan tveggja vikna.
>
> Bryndís Hlöðversdóttir, ríkissáttasemjari

„Það var lítið sem gerðist á þessum fundi og ég mun boða aðila til fundar aftur innan tveggja vikna nema eitthvað sérstakt gerist í millitíðinni," segir Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari.

sveinn@frettabladid.is

Taylor FARMS

BRAKANDI FERSKT

BEINT FRÁ USA

24 Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

LEGSTEINAR
Í MIKLU ÚRVALI
20% AFSLÁTTUR Í SEPTEMBER

GRANÍT STEINAR
Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

ME ráðstefna á Grand hóteli
28. september 2017

Fyrirlesarar eru læknar, vísindamenn og aðrir sérfróðir um sjúkdóminn ME/síþreytu

- Dr. Daniel Peterson hefur fylgt eftir ME sjúklingum sem veiktust 1984 í Incline Village faraldrinum í Bandaríkjunum. Sá ME faraldur var mjög líkur Akureyrarveikinni. Daníel hefur síðan unnið að rannsóknum á ME. Hann er eftirsóttur fyrirlesari um allan heim.
- Dr. Margrét Guðnadóttir veirufræðingur flytur erindi um Akureyrarveikina sem telst einn af ME faröldrum síðustu aldar.
- Simon Carding prófessor segir frá rannsóknum á þarmaflórunni og hugsanlegu hlutverki hennar í ME. Hann segir líka frá nýju rannsóknarsetri í Norwich sem rannsakar tengsl matar, þarmaflóru og sjúkdóma.
- Dr. Nigel Speight er breskur barnalæknir sem hefur mikla reynslu af börnum og unglingum með ME.
- Dr. Öystein Fluge og dr. Ingrid Rekeland segja frá norskri rannsókn á krabbameinslyfinu Rituximab sem hugsanlegri meðferð við ME.
- Ewa W. Wedlund er sænskur iðjuþjálfi sem hefur reynslu af því að vinna með ME sjúklingum.

Ráðstefnugjald - 4.800 kr.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á heimasíðu ME félagsins
www.mefelag.is

2012 til 2014 féllu sjö dómar í Hæstarétti þar sem gerendur voru fundnir sekir um að nýta sér aldurs- og aðstöðumun til að ná fram vilja sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Notfærði sér samfélagsmiðla til að reyna að nauðga dreng

Málum hefur fjölgað þar sem nauðgun er reynd með annars konar nauðung en ofbeldi. Flestar tilraunir þannig að gerendur nýta sér yfirburðastöðu vegna aldurs og þroskamunar. Nauðgunarhugtakið var rýmkað árið 2007 við breytingar á hegningarlögum.

DÓMSMÁL Á síðustu árum hefur fjölgað málum þar sem ákært er og sakfellt fyrir nauðgun þar sem kynmök eru fengin með annars konar nauðung en ofbeldi. Þetta kom fram í máli Ragnheiðar Bragadóttur, prófessors í lögfræði við Háskóla Íslands, á hádegisfundi Rannsóknarstofnunar í kynjafræðum á fimmtudag um þróun nauðgunarákvæðis almennra hegningarlaga.

Undir annars konar ólögmæta nauðung geta fallið alls konar tilvik þar sem aldurs- eða aðstöðumunur getur valdið því að þolandi getur ekki spornað við kynmökum. „Ef við tökum til dæmis árabilið 2012 til 2014, þá eru sjö hæstaréttardómar sem má skilgreina með þessum hætti. Þolendur í þeim öllum eru börn á aldrinum 11-18 ára," sagði Ragnheiður.

Í flestum tilfellum voru aðstæður þannig að ákærði notfærði sér yfirburðastöðu sína vegna aldurs og þroskamunar. Hann fer til dæmis á afvikinn stað með barnið eða er á stað sem veldur barninu ótta eða bjargarleysi. „Til dæmis í partíi þar sem er fullt af fullorðnu fólki undir áhrifum áfengis eða vímuefna eða er í aðstæðum þar sem er ekki gott fyrir börn að vera í," útskýrði Ragnheiður.

Hún benti á að þegar kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga var endurskoðaður árið 2007 hefði hugtakið nauðgun verið rýmkað mjög mikið frá því sem áður var. Undir ákvæðið fellur nú ofbeldi, hótanir um ofbeldi og svo annars konar ólögmæt nauðung. Engar kröfur séu gerðar um hótanirnar. Þær þurfi einfaldlega að hafa þau áhrif að þolandi lætur undan. „Við getum hugsað okkur hótanir um að birta nektar- eða kynlífsmyndir á netinu. Þær geta verið hótanir í skilningi nauðgunarákvæðisins og verið þá nauðgun eða tilraun til nauðgunar. Eftir því hversu langt verknaðurinn er kominn," útskýrir Ragnheiður.

> **Brot hans fólst í því að hóta að dreifa opinberlega samskiptum hans við 15 ára dreng á netinu og mynd sem drengurinn hafði sent honum á netinu.**

Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands

Á þennan skilning hafi reynt í nýlegum dómi Hæstaréttar frá 15. desember 2016. Þar dæmdi Hæstiréttur karlmann í tveggja ára fangelsi fyrir tilraun til nauðgunar. „Brot hans fólst í því að hóta að dreifa opinberlega samskiptum hans við 15 ára dreng á netinu og mynd sem drengurinn hafði sent honum á netinu ef drengurinn hefði ekki kynmök við hann fyrir klukkan ellefu þá um kvöldið," segir Ragnheiður. Hæstiréttur klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meirihluti dómsins ákvað að sakfella, en tveir dómarar skiluðu sératkvæði. Þeir töldu að ekki hefði verið um að ræða tilraun til nauðgunar af því að hótunin hafði verið gerð á netinu. Brotamaður og brotaþoli höfðu ekki verið í sama húsi. jonhakon@frettabladid.is

Brandenburg | SIA

Gerðu hrein skipti.

Við viljum stuðla að hreinna andrúmslofti og bjóðum því upp á að skila inn eldri árgerðum af dísilbílum. Til viðbótar við uppítökuverðið færð þú 250 þúsund króna inneign sem gildir upp í nýjan bíl frá Mercedes-Benz. Þú getur tryggt þér hrein skipti út árið 2017.

Nánar á **hreinskipti.mercedes-benz.is**.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

Besta tækifærið til að vinna bug á fátækt

UTANRÍKISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hélt ræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær. Fór hann um víðan völl í rúmlega stundarfjórðungslangri ræðu sinni.

„Það sem ég var einna helst að vekja athygli á er að við höfum aldrei haft betra tækifæri til að vinna bug á fátækt í heiminum. Ég ræddi þá líka önnur mál sem tengjast öll, það eru mannréttindamálin, umhverfismálin, loftslagsmálin, fríverslunarmálin og öryggismálin," segir Guðlaugur Þór í samtali við Fréttablaðið.

Ráðherra lýsti jafnframt ánægju sinni með vinnu framkvæmdastjórnar Sameinuðu þjóðanna og hvatti til þess að stofnunin yrði gerð skilvirkari svo hún ætti auðveldara með að takast á við þau verkefni sem hún á að sinna.

Í ræðu sinni sagði Guðlaugur einnig frá því að í upphafi 20. aldar hefði Ísland verið með fátækari ríkjum Evrópu, nú sé Ísland eitt af þeim ríkustu. „Leið Íslands frá fátækt til ríkidæmis er skólabókardæmi um mátt fríverslunar. Við fengum aðgengi að stórum erlendum mörkuðum þar sem við gátum selt vörur okkar og þannig snerum við stöðunni okkur í hag." – **þea**

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

Ögmundur skipaði meirihluta Hæstaréttardómara

Langflestir dómarar í landinu skipaðir af Sjálfstæðismönnum

Þrír af hverjum fjórum dómurum í landinu eru skipaðir af Sjálfstæðismönnum sem hafa haft tögl og hagldir í ráðuneyti dómsmála undanfarna áratugi. Ögmundur Jónasson skipaði hins vegar langflesta sitjandi dómara Hæstaréttar. Átta héraðsdómarar verða skipaðir á næstunni. Ekki er enn ljóst hver mun skipa þá.

STJÓRNSÝSLA Sjálfstæðismenn hafa skipað þrjá af hverjum fjórum dómurum sem sæti eiga við íslenska dómstóla, að sérdómstólum undanskildum.

Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins skipuðu 30 af 42 héraðsdómurum, alla fimmtán dómara Landsréttar og þrjá af átta dómurum Hæstaréttar. Þetta háa hlutfall dómaraskipana Sjálfstæðismanna skýrist af því að flokkurinn hefur stýrt ráðuneyti dómsmála nær sleitulaust frá lokum níunda áratugar síðustu aldar. Einu frávikin frá yfirstjórn flokksins á málaflokknum eru ráðherratíð Ögmundar Jónassonar og Rögnu Árnadóttur á árunum 2009 til 2013.

Ögmundur sat ekki aðgerðarlaus í sinni ráðherratíð og skipaði fimm af þeim átta dómurum sem sitja í Hæstarétti. Þrír ráðherrar hafa setið í ráðuneyti dómsmála frá því Ögmundur lét af embætti; Hanna Birna Kristjánsdóttir, Ólöf Nordal og Sigríður Andersen. Aðeins einn Hæstaréttardómari hefur verið skipaður á þessum tíma; Karl Axelsson, sem skipaður var af Ólöfu Nordal.

Með nýjum lögum um dómstóla var dómurum í Hæstarétti fækkað úr tíu í sjö. Dómarar í Hæstarétti eru æviráðnir og fækkun dómara niður í sjö mun því gerast þannig að ekki verður skipaður dómari í Hæstarétt fyrr en réttum fjölda verður náð. Dómararnir eru átta í dag og því verður ekki skipað í stað þess sem næstur hverfur á braut úr réttinum, heldur þess sem yfirgefur dóminn þar á eftir.

Hæstaréttardómurum hefur fækkað um þrjá í þessum mánuði. Eiríki Tómassyni var veitt lausn frá embætti fyrsta þessa mánaðar en hann er orðinn 67 ára gamall. Páll Hreinsson staðfesti við Vísi í vikunni að hann snúi ekki aftur í Hæstarétt en hann hefur verið í leyfi frá árinu 2011 vegna starfa sinna við EFTA-dómstólinn. Þá lét Ingveldur Einarsdóttir af störfum síðastliðinn föstudag en hún var settur Hæstaréttardómari með tímabundna ráðningu. Hún hefur nú verið skipuð dómari í Landsrétti.

Átta héraðsdómarar verða skipaðir á næstunni í stað þeirra dómara sem flytjast upp í Landsrétt. Ástráður Haraldsson er meðal umsækjenda um eitt þessara embætta og vegna málaferla Ástráðs um skipun dómara í Landsrétt ákvað Sigríður Andersen dómsmálaráðherra að víkja sæti og mun ekki skipa í umræddar dómarastöður. „Telur hún að fyrir hendi séu aðstæður sem séu til þess fallnar að umsækjendur dragi óhlutlægni hennar í efa," segir í tilkynningu á vef stjórnarráðsins sem birt var í vikunni. Forsætisráðherra mun því ákveða hvaða ráðherra verður falið að skipa þessa átta dómara, ef til þess kemur áður en ný ríkisstjórn verður skipuð.

adalheidur@frettabladid.is

Vegna mikils álags í kjölfar hrunsins var dómurum fjölgað tímabundið, sem skýrir fjölda þeirra dómara sem skipaðir voru í stuttri ráðherratíð Rögnu Árnadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skipanir dómara við íslenska dómstóla

Héraðsdómstólar (42)
- Ráðherrar Sjálfstæðisflokks: 30
- Ráðherra Vinstri grænna: 7
- Utanþingsráðherra: 5

Landsréttur (15)
- Ráðherra Sjálfstæðisflokks: 15

Hæstiréttur (8)
- Ráðherra Vinstri grænna: 5
- Ráðherrar Sjálfstæðisflokks: 3

Átta héraðsdómarar eru á útleið, ekki liggur fyrir hver skipar þá.

Nýr Hyundai i30.

Hinn nýi fólksbíll.

Verð frá:
2.990.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM84015 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai i30 er hinn nýi fólksbíll.

Glæsileg tímalaus hönnun, fullkomið upplýsinga- og afþreyingarkerfi og snjall öryggisbúnaður.
Hægt er að velja úr úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla sem eyða frá 3,6l/100 km.
Komdu og reynsluaktu hinum nýja fólksbíl sem kostar aðeins frá 2.990.000 kr.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Eldflaugamaðurinn mætir þeim elliæra

Leiðtogar Bandaríkjanna og Norður-Kóreu hóta hvor öðrum gereyðileggingu og uppnefna hvor annan. Norður-Kóreumenn segjast ætla að svara Bandaríkjaforseta með eldi og brennisteini og hóta annarri kjarnorkutilraun. Rússar og Kínverjar reyna að stilla til friðar.

NORÐUR-KÓREA Samskipti Bandaríkjanna og Norður-Kóreu hafa ef til vill ekki verið stirðari síðan á dögum Kóreustríðsins um miðja síðustu öld. Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur uppnefnt Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, „Eldflaugamanninn“ en sá síðarnefndi segir Trump elliæran. Tvímenningarnir hafa jafnframt hótað að gereyðileggja ríki hvor annars.

Kim brást í gær við nýjum viðskiptaþvingunum sem Trump fyrirskipaði gegn einræðisríkinu á fimmtudag sem og eldræðu forsetans á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna frá því á mánudag þar sem forsetinn hótaði fyrrnefndri gereyðileggingu ef Kim-stjórnin myndi ekki stöðva kjarnorkuáætlun sína.

Sendi Kim frá sér fyrstu tilkynninguna sem nokkur leiðtogi Norður-Kóreu hefur gefið út á ensku. „Jómfrúarræða Bandaríkjaforseta á sviði Sameinuðu þjóðanna veldur alþjóðasamfélaginu áhyggjum og er til þess fallin að auka á togstreituna á Kóreuskaga. Ég taldi að hann myndi flytja ræðu ólíka þeim sem hann flytur venjulega. En hann var langt frá því að segja nokkuð sem gæti slakað á togstreitunni heldur var hann fádæma dónalegur og bullaði meira en nokkur Bandaríkjaforseti hefur nokkurn tímann gert.“

Donald Trump Bandaríkjaforseti og Kim Jong-un, leiðtogi Norður-Kóreu, hafa átt í hatrömmum deilum undanfarið. Þeir hóta hvor öðrum gereyðileggingu og kalla hvor annan geðsjúkan. NORDICPHOTOS/AFP

Norður-Kóreumaðurinn ráðlagði Trump að vanda orðaval sitt og sagði hegðun hans á allsherjarþinginu „geðsjúka“. Ræða Trumps hefði í raun verið stríðsyfirlýsing og myndi stjórn Kims hugsa vandlega um hvernig henni bæri að svara.

„Ég veit ekki við hvaða svari Trump bjóst en svarið verður stærra en hann hefði getað ímyndað sér. Ég mun á afdráttarlausan hátt temja þennan elliæra og geðsjúka Bandaríkjamann með eldi mínum,“ segir enn fremur í yfirlýsingu Kims.

Trump svaraði Kim á Twitter í gær. „Kim Jong-un frá Norður-Kóreu, sem er augljóslega geðsjúklingur, er sama þótt hann svelti og drepi þjóð sína. Nú mun reyna á hann sem aldrei fyrr,“ tísti Bandaríkjaforseti.

Frá því Kim tók við taumunum í Norður-Kóreu, eftir andlát föður hans, hefur ríkið gert mun fleiri kjarnorku- og eldflaugatilraunir en áður. Ri Yong-ho, utanríkisráðherra Norður-Kóreu, sagði í gær að svar Asíuríkisins gæti falist í kjarnorkutilraun á Kyrrahafi. „Þetta gæti orðið aflmesta vetnissprengja sem prófuð hefur verið á Kyrrahafinu,“ sagði Ri. Ráðherrann bætti því þó við að hann hefði í raun ekki hugmynd um hvernig ætti að svara Bandaríkjaforseta, það myndi Kim einn fyrirskipa.

> **Allir aðilar ættu að halda aftur af sér frekar en að reyna að ögra hvor öðrum.**
>
> Lu Kang, talsmaður utanríkisráðuneytis Kína

Japanar voru hins vegar ekki hrifnir af orðum Ri, enda hefur Norður-Kórea skotið tveimur eldflaugum í gegnum japanska lofthelgi undanfarinn mánuð. „Orð Norður-Kóreumanna ögra öryggi og stöðugleika á svæðinu. Þau eru algjörlega óásættanleg,“ sagði Yoshihide Suga, talsmaður ríkisstjórnarinnar.

En á meðan leiðtogar Bandaríkjanna og Norður-Kóreu hnakkrífast reyna Kínverjar og Rússar að róa þá niður.

„Allir aðilar ættu að halda aftur af sér frekar en að reyna að ögra hvor öðrum,“ sagði Lu Kang, talsmaður utanríkisráðuneytis Kínverja, við blaðamenn í gær.

Dmitry Peskov, talsmaður ríkisstjórnar Vladimírs Pútin í Rússlandi, tók í sama streng. Sagði hann að yfirvöld í Moskvu hefðu „miklar áhyggjur af þessari vaxandi spennu“. **thorgnyr@frettabladid.is**

Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2018

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna á sviði **geðræktar**, **næringar**, **hreyfingar** og **tannverndar** auk **áfengis-, vímu- og tóbaksvarna**.

Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- *Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu.*
- *Árangursríkar áfengis, vímu- og tóbaksvarnir.*
- *Árangursríkar forvarnir sem tengjast kynheilbrigði.*
- *Aðgerðir sem miða að heilbrigðu mataræði svefni og hreyfingu.*
- *Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.*
- *Verkefni sem tengjast nýsköpun á sviði forvarna og heilsueflingar.*

Við úthlutun verður tekið mið af lýðheilsustefnu velferðarráðuneytisins, sbr. skjalið *Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri*. (Útg. 2016)

Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:

- Verkefni sem unnin eru í víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í samfélaginu.
- Verkefni með eigin fjármögnun og/eða aðra fjármögnun.

Verkefnin eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skal skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.

Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2017 og skal sótt um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs, http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/.

Nánari upplýsingar í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis.
Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.

Embætti landlæknis - Barónsstíg 47 - 101 Reykjavík - Sími 5101900 - lydheilsusjodur@landlaeknir.is - www.landlaeknir.is

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Bretland verði besti vinur ESB í kjölfar útgöngunnar

BRETLAND Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, kynnti í gær áætlun sína um tveggja ára aðlögunarferli sem mun taka við þegar Bretland gengur úr Evrópusambandinu í mars árið 2019. BBC greinir frá því að ræðu May hafi verið ætlað að höggva á hnútinn sem hefur myndast í viðræðum Bretlands og ESB en viðræður eiga að hefjast á ný á mánudag.

May talaði meðal annars um að Bretland yrði „besti vinur og sterkasti bandamaður Evrópusambandsins“ eftir útgönguna.

Þá lagði May til að Bretland myndi greiða Evrópusambandinu um 2,5 billjónir króna á tveggja ára tímabilinu eftir útgönguna. Sagðist forsætisráðherrann vona að hægt væri að ná samkomulagi sem allra fyrst. - **þea**

Stefnir í öruggan sigur

ÞÝSKALAND Kristilegir demókratar (CDU), flokkur Angelu Merkel kanslara, verða fjölmennastir á þýska þinginu ef marka má meðaltal skoðanakannana sem Financial Times tekur saman.

Kosið er til þings á morgun en útlit er fyrir að CDU muni fá 36 prósent greiddra atkvæða.

Jafnaðarmannaflokkurinn, undir forystu Martins Schulz, mælist næststærstur með 22 prósenta fylgi. Fjórir flokkar reka svo lestina með um tíu prósenta fylgi hver.

Popúlistaflokkurinn AfD mælist með ellefu prósent, Frjálslyndi flokkurinn með tíu prósent, Vinstriflokkurinn með níu prósent og Græningjar með átta prósenta fylgi.

Angela Merkel, Þýskalandskanslari

Samkvæmt útreikningum Wahlrecht.de stefnir í að CDU fái 38 prósent þingsæta, Jafnaðarmannaflokkurinn 23 prósent og aðrir flokkar um tíu prósent.

Það þýðir að ríkisstjórn Kristilegra demókrata og Jafnaðarmannaflokksins rígheldur en ekki er vitað hvort samstarfið haldi áfram. – **þea**

Smáhundakynning

20% - 50% AFSLÁTTUR AF GÆLUDÝRAVÖRUM OG FÓÐRI



FRÁ 13:00 TIL 17:00 | LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMIÐ OG KYNNIST FJÖLDA TEGUNDA AF SKEMMTILEGUM SMÁHUNDUM

SPENNANDI DÝRAVÖRUKYNNINGAR ★ LUKKUPOTTAR ★ DÝRALÆKNIR

HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF ★ OG MARGT FLEIRA

UniQ · ROYAL CANIN · Hill's · NordicGold · Premium BELCANDO · Brit PREMIUM



2 FYRIR 1
Á UNIQ FÓÐRI

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

RISA OPNUNARPARTÝ

LAUGARDAGUR 23/09

Youtubeday LazyTown heimsækir Toys"R"us

30%
FOOTBALL GOALS

25%
GEMMIES
Make crystal creations!/Réalise des créations en cristaux !/Crea diseños de cristal!

25%
WACKY-TIVITIES
Kinetic SaND

FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR

30%
40 stk

50%
50 stk

40%
50 stk

MIA LENANDER
27 ára
10 ára reynsla
af leikfangasölu
SÉRFRÆÐINGUR
Í PRE-SCHOOL

JULIA MYROLL
JENSEN
28 ára
9 ára reynsla
af leikfangasölu
SÉRFRÆÐINGUR
Í LEGO

40%
50 stk

ToysRUS

TOYS"R"US OPNA Í KRINGLUNNI

SUNNUDAGUR 24/09

250 ókeypis bollakökur

20% STAR WARS / MARVEL THE AVENGERS

25% Pokémon

25%

60% DESPICABLE ME3 minions

FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR

40% 50 stk

40% 50 stk

50% 50 stk

40% 30 stk

40% 50 stk

HITTU GEOFFREY

OPNUNARTÍMI

Fimmtudagur:	10:00-21:00	Laugardagur:	10:00-18:00
Föstudagur:	10:00-19:00	Sunnudagur:	13:00-18:00

Kringlunni 4-12
103 Reykjavik

TOYS"R"US

Glæpnum stolið

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Kosningabaráttan þarf að snúast um ósiði í stjórnsýslu sem hafa orðið ráðherrum og ríkisstjórnum að falli skipti eftir skipti á undangengnum árum.

Ef ekki tekst að kryfja glappaskotin, læra af þeim og um leið finna leiðir til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig – eða útskýra þau þannig að efasemdum sé eytt, munum við aftur sjá ríkisstjórnir neyðast til að hlaupa frá hálfkláruðum verkum.

Draumar um festu í stjórnmálum og langlífar, samstíga ríkisstjórnir rætast varla meðan helstu leikendur sjá enga sök hjá sjálfum sér. Ráðast þarf til atlögu við ósiðina. Veruleikinn hefur breyst. Betur upplýst þjóð krefst skýrra svara. Undanbrögð, pukur, hálfsannleikur eða hreinn tilbúningur verða ráðamönnum frekar að fótakefli en sjálfur verknaðurinn sem hrindir skriðunni af stað.

Glappaskot í ráðuneytum á ábyrgð ráðherra verða ekki umflúin. Slíkt gerist á stórum vinnustöðum. Stjórnmálamenn munu hlaupa á sig hér eftir sem hingað til. Ættingjar þeirra munu tengjast gerningum sem setja þá í óþægilega stöðu. Svarið er oftast að bregðast við tímanlega og gera hreint fyrir sínum dyrum.

Pólitík er ekki lögfræði eins og margar áberandi persónur í atburðum líðandi stundar virðast telja. Pólitík er enn síður lögmennska. Lögmenn þurfa stundum að verja erfiðan málstað í réttarsal með öllum tiltækum ráðum. Slík vinnubrögð geta hreinlega verið bjánaleg í pólitísku ati.

Pólitík snýst um hvernig auðlindirnar verða nýttar í allra þágu, hvernig við náum því besta út úr fólki og fyrirtækjum, hvernig við viljum gæta þeirra sem minna mega sín og hvernig við tryggjum heilsufar, læknisþjónustu, heilbrigt réttarfar og góða og fjölbreytta menntun sem mætir kröfum tímans. Hún snýst um leikreglur og hvar við viljum staðsetja okkur í þessari veröld. Pukur og makk eitra andrúmsloftið, valda kollsteypum, trufla leikreglurnar og framgang góðra mála.

Í nálægum löndum segja ráðherrar af sér ef þurfa þykir, oft fyrir litlar sakir, án þess að öllu sé hleypt í bál og brand með þingrofi, kosningum og stjórnarskiptum. Stjórnmálamenn sýna auðmýkt en tefla ekki hag heildarinnar í tvísýnu af ótta við að missa sjálfir andlitið um stund. Margir setjast aftur á ráðherrastól, tvíefldir. Okkur sárvantar slíkar hefðir. Að því leyti erum við frumstæð þjóð. Hér þráast fólk við eins og í því felist ævarandi niðurlæging og skömm að horfast í augu við yfirsjónir sínar.

Leynimakk í stjórnsýslu er fréttaefni. Fjölmiðlum ber að segja frá því þegar ráðamenn hrekjast úr einu víginu í annað og reyna að afvegaleiða umræðuna með ónákvæmni, hálfsannleik eða ósannindum í málum sem fara úr böndunum. Fólk vill slíkar fréttir og á rétt á þeim.

Einu sinni voru utanferðir ráðamanna eilíft fréttaefni. Með réttu eða röngu var hneykslast á meintu bruðli og flottræfilshætti. Vörnin gat verið snúin. Einn ráðherrann brá á það ráð að senda út fréttatilkynningar um allar vinnuferðir sínar. Hann stal glæpnum með því að aflétta leyndarhjúpnum. Fréttum af ráðherraferðum fækkaði.

Sumum vandræðamálum sem hafa orðið ráðherrum og ríkisstjórnum að falli síðustu misserin hefði sennilega mátt afstýra með því að greina frá málsatvikum á frumstigi.

Stjórnmálamenn munu hlaupa á sig hér eftir sem hingað til. Ættingjar þeirra munu tengjast gerningum, sem setja þá í óþægilega stöðu.

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Til varnar pabba Bjarna Ben

Hvað eiga dæmdi barnaníðingurinn Hjalti Sigurjón Hauksson og Sjálfstæðisflokkurinn sameiginlegt? Eflaust hringja nú símar lögmanna um allan bæ – þeirra sem sérhæfa sig sérstaklega í mannorðum og bjóða upp á bón og löður fyrir ærur – en ég ætla að taka sénsinn og halda áfram.

9. júní 2016 Hjalti Sigurjón Hauksson ritar innanríkisráðuneytinu bréf. Segir hann óprúttna aðila nýta sér, honum „til óbærilegs skaða, ærumeiðinga og gríðarlegs fjártjóns“, fangelsisdóm sem hann hlaut fyrir að misnota stjúpdóttur sína gróflega í tólf ár.

15. september 2017 Á fréttamannafundi í Valhöll gagnrýnir Bjarni Benediktsson Bjarta framtíð harðlega fyrir að fella ríkisstjórnina í kjölfar þess að að Sjálfstæðisflokkurinn er sakaður um að hylma yfir þá staðreynd að faðir forsætisráðherra skrifaði meðmæli með umsókn barnaníðingsins Hjalta Sigurjóns um uppreist æru. Bjarni segir það „veikleikamerki hjá þeim stjórnmálaöflum sem bregðast við með því að hlaupa til í framhaldi af sjónvarpsfréttum í stað þess að setjast niður“ og ræða málin.

Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og flokksbróðir Bjarna, tekur í sama streng í stöðuuppfærslu á Facebook: „Ég hef áhyggjur af því hversu léttvægt það er fyrir þetta fólk að hlaupast undan ábyrgð sinni.“

17. september 2017 Hannes Hólmsteinn Gissurarson stjórnmálafræðingur sakar Pírata um að eyðileggja orðspor Íslands í útlöndum: „Menn þurfa að átta sig á, að upplýsingar í útlöndum um íslensk stjórnmál koma aðallega frá Íslendingum. Sumir virðast því miður vera önnum kafnir við að rægja land sitt og þjóð við útlendinga.“

Í viðtali á Bylgjunni nokkrum dögum síðar skammast Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra, út í Smára McCarthy fyrir skrif hans á Twitter. „Menn eiga ekki að búa til hluti sem skaða ímynd Íslands.“

Í þágu sín sjálfs

Hvað eiga hinn dæmdi barnaníðingur og Sjálfstæðisflokkurinn sameiginlegt?

Í bréfi sínu til innanríkisráðuneytisins barmar Hjalti Sigurjón sér yfir „dómi götunnar“. Þykir honum óeðlilegt að þurfa, í formi ills umtals, „ítrekað“ að „gjalda dómsins“ sem hann hafi afplánað að fullu.

Hjalti Sigurjón virðist haldinn orsakablindu á háu stigi. Það er ekki dómur götunnar sem er honum fjötur um fót. Hann er ekki að „gjalda dóms“ Hæstaréttar. Hjalti Sigurjón er einfaldlega að gjalda gjörða sinna.

Sjálfstæðisflokkurinn er haldinn sömu blindu.

Ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar féll ekki vegna veiklyndis Bjartrar framtíðar. Ríkisstjórnin féll ekki vegna barnaníðings. Og pabba Bjarna Ben til varnar: Fall ríkisstjórnar sonar hans er ekki honum að kenna. Ríkisstjórnin féll vegna þess að einn ganginn enn gerðu ráðherrar Sjálfstæðisflokksins sig seka um leyndarhyggju og svívirðilegan valdhroka – ef ekki beinlínis valdníðslu. Enn á ný sýnir flokkurinn að hann starfar hvorki í þágu umbjóðenda sinna, fólksins í landinu, né að hag þeirra. Í stað þess að sýna þolendum kynferðisofbeldis stuðning og veita þeim svör er allt gert til að leggja stein í götu þeirra. Og hvers vegna? Jú, samtryggingin er hornsteinn Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn starfar fyrst og fremst í þágu sín sjálfs.

Veikgeðja fúskarar

Pólitískan fnyk leggur frá Íslands ströndum til fjarlægra landa. En lyktin á ekki upptök sín hjá misvel kembdum Pírötum, sama hvað Sjálfstæðismenn reyna að klína henni á þá. Fýlan er af þeim rotna kúltúr sem ríkir innan þeirra eigin flokks.

Um leið og við skilum skömminni þangað sem hún á heima skulum við leita orsakarinnar þar sem hún liggur. Tvennar kosningar á jafnmörgum árum eru engum öðrum að kenna en veikgeðja fúskurum sem skrumskæla lýðræðið og leggjast í vörn fyrir perra og Panama-polla svo lengi sem þeir eru í réttu liði. Höfum það hugfast er við stígum inn í kjörklefann 28. október næstkomandi.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Mazda bílar eru hannaðir
af ástríðu, hvert einasta
smáatriði vel ígrundað og
úthugsað. Hönnuðir Mazda
leggja hjarta sitt og sál í
að hanna bíla sem uppfylla
ströngustu kröfur þínar
um þægindi, akstursupplifun,
gæði og öryggi.

KOMDU OG UPPLIFÐU MAZDA

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

mazda.is

„Verður að slaka á“

„Það er alveg magnað að sjá drenginn eftir að hann tók til í sínum málum. Það hefur glatt mig mikið að fylgjast með framgöngu Andra,“ segir Framarinn Guðmundur Torfason sem skoraði 18 mörk á Íslandsmeistaraári Safamýrarliðsins árið 1986.

Guðmundur hefur verið mikið tengdur Víkingi undanfarin ár og gat því fylgst aðeins betur en margir með Andra Rúnari.

„Ég man að þegar ég jafnaði metið þá fór ég inn í veturinn fyrir tímabilið og æfði sem aldrei fyrr. Hann gerði það sama og er að uppskera. Með þessu er hann að senda ungum drengjum ákveðin skilaboð. Það er ýmislegt hægt ef menn setja metnað í hlutina og hafa áhuga,“ segir Guðmundur sem hrífst af fjölbreytni Andra þegar kemur að markaskorun.

„Hann er með frábær skot, frábæra skalla og getur klárað með vinstri og hægri.“ Eins og hinir í 19 marka klúbbnum sér Guðmundur ekkert eftir metinu. „Þetta er ekkert erfitt fyrir mig. Þetta met var alltaf að fara að falla á einhverjum tímapunkti. Við Pétur allavega segjum nú alltaf á milli okkar að við eigum metið í tíu liða deild,“ segir hann en hvaða ráð getur hann gefið Andra Rúnari? „Hann verður að slaka á í síðustu leikjunum og vera hann sjálfur. Mörkin verða að fá að koma til hans.“

„Segir margt um hina framherjana“

Pétur Pétursson setti fyrstur metið þegar hann skoraði 19 mörk árið 1978 en hann er sá eini sem hefur gert það í 17 leikjum. Hann þekkir aðeins til Andra Rúnars og samgleðst honum.

„Ég var með 2. flokkinn hjá Víkingi í fyrra og Andri fór ekki í utanlandsferðina með aðalliðinu. Hann kom því á æfingar hjá mér og það virðist sem svo að ég hafi kennt honum það mikið að nú geti hann klárað þetta blessaða met,“ segir Pétur og hlær við.

Hann hefur mikla trú á Vestfirðingnum: „Ég held að hann slái þetta met miðað við hvernig hann er að spila. Þegar við framherjarnir förum í gang þá er alveg sama hvar maður stendur þegar maður skýtur á markið. Boltinn er bara alltaf inni,“ segir Pétur sem er ekkert fúll yfir því að missa metið.

„Mér finnst alveg vera kominn tími á að þetta met verði slegið. Þetta er orðið 39 ára gamalt. Það segir nú ýmislegt um hina framherjana. Maður verður nú aðeins að skjóta á þá,“ segir Pétur hlæjandi og heldur áfram:

„Ég tel mig hafa lagað Andra Rúnar til eins og með þetta blessaða pitsuát sem hann er alltaf að tala um. Ég hef aldrei skilið hvernig menn geta étið pitsur á næturnar. Það er frábært að sjá hvernig hann hefur tekið sig á.“

Góðir straumar frá 19 marka klúbbnum

Andri Rúnar Bjarnason, framherji Grindavíkur í Pepsi-deild karla, hefur 180 mínútur til að bæta eftirsóttasta met íslenska boltans: Flest mörk á einni leiktíð. Fréttablaðið ræddi við 19 marka mennina sem segjast allir samgleðjast framherjanum.

FÓTBOLTI Andri Rúnar Bjarnason, framherji Grindavíkur í Pepsi-deild karla í fótbolta, er tveimur mörkum frá ódauðleika. Framherjinn öflugi er búinn að skora 18 mörk í Pepsi-deildinni og hefur tvo leiki til að jafna metið goðsagnakennda yfir flest mörk á einu tímabili eða hreinlega bæta það.

Metið stendur í 19 mörkum og hefur gert það frá því 1978 þegar Skagamaðurinn Pétur Pétursson skoraði 19 mörk fyrir Íslandsmeistara ÍA. Framarinn Guðmundur Torfason jafnaði það fyrstur árið 1986 og Þórður Guðjónsson skoraði svo 19 mörk fyrir ÍA árið 1993. Síðastur til að skora 19 mörk í efstu deild var markakóngurinn Tryggvi Guðmundsson sem setti 19 fyrir ÍBV árið 1997.

Þrátt fyrir að fjölgað væri í efstu deild árið 2008 og nú spilaðir 22 leikir hefur enginn í raun komist nálægt því að skora 19 mörk. Þrír markahrókar (Steingrímur Jóhannesson, ÍBV 1998, Guðmundur Steinarsson, Keflavík 2008 og Björgólfur Takefusa, KR 2009) skoruðu 16 mörk en enginn hefur sett fleiri en það síðan Tryggvi jafnaði metið síðast.

Andri spilaði fyrst í efstu deild árið 2015 og skoraði þá tvö mörk í 17 leikjum fyrir Víking. Hann var svo lánaður í Inkasso-deildina á síðustu leiktíð en stendur nú á barmi þess að skáka nokkrum af mestu goðsögnum íslenska boltans.

tomas@355.is

„Algjört óskubuskuævintýri“

„Mér finnst alveg frábært að fylgjast með Andra Rúnari. Þetta er frábært, algjört óskubuskuævintýri,“ segir Þórður Guðjónsson, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður í fótbolta, sem skoraði 19 mörk fyrir Íslandsmeistara ÍA árið 1993.

„Það er ótrúlegt að sjá hvað smá viðhorfsbreyting hjá einum fótboltamanni getur gert þrátt fyrir að hann sé 26 ára gamall. Þetta er bara geðveikt og ég vona svo innilega að hann nái þessu,“ segir Þórður, en meinar hann það?

„Algjörlega. Met eru til að slá þau. Þetta hefur staðið í alltof langan tíma. Það er klárlega kominn tími á að einhver skori 20 mörk. Fótboltinn þróast bara svona. Einu sinni voru spilaðir fjórtán leikir og þá átti einhver metið, svo voru 18 leikir og núna 22. Það er kominn tími á nýtt met,“ segir Þórður.

Andri Rúnar er aðeins á sinni annarri leiktíð í efstu deild og sagan því enn ótrúlegri fyrir vikið.

„Þessi drengur er öðrum leikmönnum mikil fyrirmynd. Hann er að sýna að það er aldrei of seint að taka til hjá sjálfum sér og ætla sér að verða eitthvað sama hversu menn eru gamlir. Vonandi skilar þetta honum bara þessu meti og óskubuskuævintýrið verður fullkomnað.“

„Óska honum til hamingju“

Síðasti maðurinn til að jafna metið var Tryggvi Guðmundsson meistaraár Eyjamanna árið 1997. Síðan þá hefur enginn komist nálægt því.

„Mér finnst Andri alveg magnaður drengur. Þetta er sveitastrákur að vestan sem er að blómstra seint. Það hefur bara allt fallið með honum fyrir utan þessar tvær vítaspyrnur sem hann er búinn að brenna af. Hann ætti að vera kominn með þetta met nú þegar!“ segir Tryggvi.

Markahrókurinn frá Vestmannaeyjum sér sjálfan sig í Andra Rúnari og getur tengt við það sem er að gerast hjá honum.

„Þetta minnir svolítið á mína sögu þó að við yrðum reyndar Íslandsmeistarar. Andri er svona utanbæjargaur sem allt í einu datt í gírinn. Það er rosalega erfitt fyrir okkur framherjana að útskýra hvað er í gangi þegar svona vel gengur. Stundum er bara allt inni sama hvað maður gerir,“ segir hann.

Tryggvi sér ekkert að því að missa metið en heldur í 18 leikina eins og Guðmundur.

„Andri er „bara“ með 18 mörk í 20 leikjum en við skoruðum 19 í 18 leikjum. Við sem eigum metið erum fljótir að finna alls konar afsakanir til að gleymast ekki. Það er kominn tími á þetta og ég sé hann bara ekki klikka á þessu úr því sem komið er. Ég óska Andra bara til hamingju með metið hér og nú!“

Pepsi-deild kvenna

ÍBV - Fylkir 0-0

Fylkir var fallinn fyrir leikinn og ÍBV er eftir sem áður í fjórða sæti deildarinnar.

GETA ORÐIÐ MEISTARAR Í GRINDAVÍK Í DAG

Þórs/KA-stelpur geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í dag vinni þær heimastúlkur í Grindavík í næstsíðustu umferð Pepsi-deildar kvenna. Þór/KA hefur fimm stiga forskot á Breiðablik þegar aðeins sex stig eru eftir af pottinum. Önnur úrslit gætu einnig dugað Þór/KA takist Blikum ekki að vinna Stjörnuna á sama tíma.

Þór/KA hefur einu sinni áður orðið Íslandsmeistari í kvennaflokki en það var fyrir fimm árum, sumarið 2012. Þór/KA tryggði sér þá titilinn þá með 9-0 sigri á Selfossi á heimavelli í næstsíðustu umferðinni. Sandra María Jessen, fyrirliði Þórs/KA í dag, skoraði þrjú mörk í þessum leik fyrir fimm árum, þá aðeins 17 ára gömul.

Ágústa Kristinsdóttir, Lára Einarsdóttir og Lillý Rut Hlynsdóttir voru einnig í Þór/KA-liðinu sem vann titilinn í fyrsta sinn fyrir fimm árum.

Helgin

Laugardagur:

11.20	West Ham - Tottenh.	Sport
13.50	Grindavík - Þór/KA	Sport 2
13.50	HK - Keflavík	Sport 3
13.50	Southampt.-Man Utd.	Sport
14.10	Alavés - Real Madrid	Sport 4
16.00	Laugardagsmörkin	Sport
16.20	Leicester - Liverpool	Sport
16.25	A. Villa - Nott. For	Sport 2
16.25	Dortmund - Gladb.	Sport 3
16.30	Tour Championship	Golfst.
18.40	Girona - Barcelona	Sport

Sunnudagur:

13.45	Stjarnan - Valur	Sport 2
13.45	Breiðablik - ÍBV	Sport 3
13.50	Víkingur Ó. - FH	Sport 4
14.50	Brighton - Newcastle	Sport
16.00	Tour Championship	Golfst.
17.00	Messan	Sport
17.00	Vikings - Buccaneers	Sport 2
17.50	Haukar - Stjarnan	Sport 3
19.20	Aftureldingar - Stjarn.	Sport 3
20.20	Chargers - Chiefs	Sport 2
21.15	Pepsi-mörkin	Sport
22.40	Síðustu 20	Sport

Pepsi-deild karla í fótbolta:

S14.00	Víkingur R. - ÍA
S14.00	KA - Grindavík
S14.00	Víkingur Ó. - FH
S14.00	Fjölnir - KR
S14.00	Stjarnan - Valur
S14.00	Breiðablik - ÍBV

Pepsi-deild kvenna í fótbolta:

L14.00	Grindavík - Þór/KA
L14.00	FH - Valur
L14.00	Stjarnan - Breiðablik
L16.00	KR - Haukar

Olís-deild karla í handbolta:

S16.00	Grótta - ÍBV
S19.30	Fjölnir - Valur
S19.30	Víkingur - ÍR
S20.00	Aftureldingar - Stjarnan

Olís-deild kvenna í handbolta:

L13.30	Fram - Fjölnir
L14.00	Selfoss - ÍBV
S18.00	Valur - Grótta
S18.00	Haukar - Stjarnan

Draumaverslun föndrarans
Panduro hefur opnað í Smáralind

Gæðastundir við föndurgerð.

Metnaður Panduro Hobby liggur í gleðinni við að búa til eitthvað skemmtilegt með höndunum.

Panduro Smáralind / www.panduro.is

Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook / Panduro Ísland og Instagram / Pandurooffical

Panduro® HOBBY

AIR
Borðstofuborð. Hvítt með svörtum löppum eða svart Linoleum með viðarlitum löppum. Stærð: 100 x 205 x 75 cm.

89.990 kr. ~~139.990 kr.~~

LAFAYETTE
Orange eða sólgult, slitsterkt áklæði. Einnig fáanlegur með háu baki,

69.990 kr. ~~79.990 kr.~~

1. RikkiTikki fílar, margar gerðir og stærðir. Verð frá (5 cm) **1.490 kr.** **2.** Veggrósettur með klassísku mynstri frá Sophia, margar stærðir og litir. Verð frá **3.990 kr.** **3.** VanillaFly hauskúpa úr járni, svört **16.990 kr.** **4.** Hugsuðurinn, frá Sophia, nokkrir litir **11.990 kr.** **5.** VanillaFly járnhestur 23 x 18 cm **12.990 kr.** **6.** Broste nordic sea tebolli og undirskál **2.190 kr.**

GATE
Borðstofuborð. Svartir fætur með bláu, hvítu eða svörtu linoleum efni ofan á borðplötu. Einnig fáanlegt með eikarfótum og hvítri eða svartri borðplötu.
Stærð: 205 x 100 x 75 cm

149.990 kr. ~~199.990 kr.~~

Stærð: 120/216 x 80 x H: 76 cm.

Tvær 48 cm stækkanir fylgja.

SINGLE
Borðstofuborð hvítt og svart.

49.990 kr. ~~69.990 kr.~~

Stærð: 120/186 x 80 x H: 74 cm.

Tvær 33 cm stækkanir fylgja.

ZOOM
Eldhúsborð, hvítt eða svart.

39.990 kr. ~~49.990 kr.~~

FRIDAY
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 260 x 170 x 87 cm

139.990 kr. ~~169.990 kr.~~

GANIC
Sófaborðasett. Tvö borð. Svart með hvítri plötu.
Stærð: 130 x 73 H:45 cm

49.990 kr. ~~59.990 kr.~~

SUNMOON
Sófaborðasett. Tvö borð. Járngrind og bronslitað spegilgler í plötu.
Stærð: Þverm. 76 H: 45 cm

29.990 kr. ~~39.990 kr.~~

Reykjavík Bildshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is 558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

ÆVINTÝRALEGT HAUST Í HÖLLINNI

NÝ OG BETRI VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 × 81 cm

149.990 kr. ~~189.990 kr.~~

EIFFEL
Borðstofustóll. Svartur, grár, rauður, turkis eða hvítur með krómlöppum.

8.990 kr. ~~11.990 kr.~~

ANDREW
Borðstofustólar. Fást í bundnu leðri, svörtu, hvítu eða brúnu.

12.990 kr. ~~16.990 kr.~~

TANGO
Tveggja sæta sófi. Slitsterkt dökkgrátt eða appelsínugult áklæði.
Stærð:
150 x 90 x 96 cm.

69.990 kr. ~~99.990 kr.~~

STAR
Borðstofustóll, svört skel og fætur og grátt áklæði í setu.

11.990 kr. ~~14.990 kr.~~

WARREN
Sófasett frá Broyhill.
Ljósbrúnt slitsterkt áklæði.

2ja sæta sófi: 170 × 95 × 92 cm
134.990 kr. ~~169.990 kr.~~

3ja sæta sófi: 225 × 95 × 92 cm
149.990 kr. ~~189.990 kr.~~

Stóll: 116 × 95 × 92 cm
114.990 kr. ~~144.990 kr.~~

Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
23. SEPTEMBER 2017 LAUGARDAGUR

Tinna Bessadóttir og Alexandra Andrésdóttir eru á meðal þeirra sem standa fyrir hátíðinni í Hellisgerði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Álfahátíð haldin í Hellisgerði

Þeir sem vilja sameina það tvennt að njóta gæðastundar með börnum sínum og styrkja gott málefni geta komið við í Hellisgerði í Hafnarfirði í dag þar sem verður margt um að vera í þágu geðheilbrigðis barna og unglinga.

„Við viljum vekja athygli á þarfri umræðu um geðheilbrigði og vellíðan barna og unglinga og ætlum að bjóða upp á vandaða dagskrá," segir Tinna Bessadóttir, einn aðstandenda álfahátíðar sem verður haldin í Hellisgerði í Hafnarfirði í dag, laugardag. Aðgangur er ókeypis en fjáröflunin fer fram með sölu veitinga og varnings sem verður í boði og rennur ágóðinn til Hugarafls.

„Við sem stöndum að hátíðinni höfum fylgst grannt með umræðu um geðheilbrigðismál í samfélaginu undanfarið og viljum leggja okkar af mörkum til þess að vekja athygli á þeim þáttum sem stuðla að vellíðan barna og unglinga. Við bjóðum upp á góða og uppbyggjandi samveru-stund í Hellisgerði," segir Tinna og telur upp þá skemmtikrafta og einstaklinga sem hafa lagt hátíðinni lið. „Benedikt búálfur mætir, Húlladúlla kennir börnum skemmtilegar sirkuslistir, trúðurinn Singó og Solla stirða og Siggi sæti úr Latabæ. Hljómsveitin Ylja spilar notalega tónlist fyrir gesti," segir Tinna sem segir gesti ekki heldur verða svikna af haustlitunum í Hellisgerði þó að mögulega verði þeir að klæða sig vel eftir veðri.

„Við verðum með sögustund og lesum Gunnhildi og Glóa fyrir börnin, í framhaldinu leitum við að geislasteinum og hver veit nema einhver börn fái smáverðlaun," segir hún.

„Þá verður tásunudd í boði fyrir börn sem þreytast og á staðnum verður líka heilari."

Meðlimir í Hugarafli koma á hátíðina og kynna þeim sem vilja starfsemina. „Við erum fyrst og fremst að bjóða upp á samkomu þar sem minnt er á mikilvægi þess að huga að geðheilsunni. En líka viljum við aðstoða þá sem vilja taka fyrsta skrefið og þiggja liðsinni frá samtökunum með því að leiða fólk saman," segir Tinna.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Sprengir flugelda fyrir milljónir manna

Danshöfundurinn Sigríður Soffía Níelsdóttir er komin til Barcelona þar sem hún heldur sína stærstu flugeldasýningu til þessa á listahátíðinni La Mercé í Barcelona. Sigríður Soffía hefur í þrjú ár hannað flugeldasýningar á Menningarnótt og því reynslunni ríkari en nú verða fleiri áhorfendur því um tvær milljónir þátttakenda taka þátt í hátíðinni. Á La Mercé-hátíðinni er valin borg í forgrunni ár hvert. Í ár varð Reykjavík fyrir valinu. „Mér finnst mikill heiður að fá að taka þátt í hátíðinni. Ég fékk tækifæri til þess að vinna með töluvert stærri flugelda en hér heima og í ótal fleiri litbrigðum og gerðum. Ég hef til dæmis verið að vinna með flugelda sem er skotið á vatn. Köku sem raðskýtur eins og litlum skeljum á vatnsflötinn. Í sýningunum er ég að hugsa um hrynjandina, ég spila ekki tónlist undir. Flugeldarnir eru í aðalhlutverki. Litir, form og taktur," segir Sigríður Soffía sem hefur staðið í ströngu í sumar að lesa viðamikla katalóga um flugelda frá Spáni.

Sigríður Soffía hefur stúderað flugelda í allt sumar.

Stjórnmálaástandið í borginni er róstusamt og standa yfir mótmæli víða. „Ég hef verið að fylgjast með fréttum og vona að mótmælin verði friðsamleg allra vegna," segir Sigríður Soffía sem sagði frá reynslu sinni í Fréttablaðinu á síðasta ári þar sem hún var stödd í París 13. nóvember 2015 ásamt eiginmanni sínum og ungri dóttur, fjögur hundruð metra frá Bataklan-tónleikahöllinni þar sem hryðjuverk voru framin.

Sigríður Soffía er reynslunni ríkari eftir að hafa skemmt landanum með flugeldasýningu á Menningarnótt þrjú liðin ár.

utiblainn.is

ÚT Í BLÁINN

Glæsilegur veitingastaður og kaffihús á efstu hæð Perlunnar

Verið velkomin

Opið frá morgni til kvölds

Kaffitár

Alþingiskosningar 2017

Ári síðar...

Landsmenn ganga til kosninga þann 28. október, eftir stutta og snarpa kosningabaráttu – réttu ári eftir síðustu kosningar. **Formenn flokkanna** reifa hér þrjú veigamestu baráttumálin, kosningarnar fram undan og hvaða flokkum þeim hugnast að mynda ríkisstjórn með. Síðast en ekki síst eru þeir spurðir hvort þeir hafi komist í kast við lögin.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Kerfisbreytingar fyrir þolendur

Katrín Jakobsdóttir
formaður Vinstri grænna

Við viljum útrýma fátækt á Íslandi og tryggja að við búum öll við mannsæmandi kjör. Við viljum að allir fái jöfn tækifæri til að þroska sig og hæfileika sína," segir Katrín og segir það ekki verða gert nema meða því að draga úr misskiptingu. „Til dæmis gegnum skattkerfin og bótakerfin. Hluti af sama markmiði er að tryggja öflugt velferðar- og menntakerfi og koma til móts við ríka kröfu Íslendinga um að við gerum betur í heilbrigðismálum og drögum úr kostnaði sjúklinga. Í öðru lagi viljum við að Ísland verði í fararbroddi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og verði kolefnishlutlaust samfélag ekki síðar en 2040," segir Katrín og segir brýnt að byrja strax.

„Við þurfum öll að vinna saman til að ná því markmiði sem verður ekki gert nema draga verulega úr losun og auka bindingu. Og við viljum kerfisbreytingar í þágu þolenda kynferðisofbeldis og kynbundins ofbeldis þannig að sú mikla vitundarvakning sem hefur átt sér stað að undanförnu skili sér í raunverulegum réttarbótum í þessum málum en líka í aukinni fræðslu og forvörnum."

Katrín segist myndu vilja leiða ríkisstjórn sem hefur félagshyggju og umhverfisvernd að leiðarljósi. „Við viljum vinna með þeim sem eru reiðubúnir að taka þátt í því verkefni."

Hún segir að yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga telji rétt að ganga til kosninga á þessum tímapunkti. „Við Vinstri grænn erum alltaf tilbúin í kosningar en auðvitað er það ekki gott til langframa að kjósa hér á hverju ári."

Hvað er brýnast að laga í íslenskri stjórnmálamenningu? „Það er margt sem má laga í íslenskri stjórnmálamenningu. Í fyrsta lagi er það forsenda lýðræðissamfélags að almenningur fái upplýsingar, ákvarðanir séu skiljanlegar, rökstuddar og rekjanlegar og séu ekki teknar á bak við luktar dyr. Í öðru lagi vil ég segja að ég hef sjálf trú á því að þótt ég sem stjórnmálamaður hafi sterkar skoðanir og sannfæringu sem ekki njóta alltaf fylgis meirihlutans sé það best fyrir þjóðina ef við leggjum meira á okkur til að skapa breiðari samstöðu. Það væri til dæmis hægt að gera með því að láta reyna á myndun minnihlutastjórnar eftir kosningar sem myndi neyðast til þess að eiga breiðara samtal en innan sinna raða um stuðning við mikilvæg mál."

Hefur þú trú á því að það muni ganga eitthvað betur að mynda ríkisstjórn eftir að talið verður upp úr kjörkössunum nú í október, en var síðasta október? Ef já, af hverju? „Ég ætla bara að leyfa mér að vera bjartsýn á það þar til annað kemur í ljós. Við erum líka öll reynslunni ríkari eftir stjórnarmyndunarviðræður síðast og höfum væntanlega dregið lærdóm af þeim."

Og svo til að hafa þetta aðeins skemmtilegra: Hefurðu komist í kast við lögin? „Ég hef verið sektuð fyrir hraðakstur og að tala í síma undir stýri. Ég geri það ekki aftur."

3 veigamestu baráttumál flokksins

1. Útrýma fátækt á Íslandi.
2. Tryggja öflugt velferðar- og menntakerfi.
3. Ísland verði kolefnislaust samfélag ekki síðar en 2040.

VIÐ ERUM ÖLL REYNSLUNNI RÍKARI EFTIR STJÓRNARMYNDUNARVIÐRÆÐUR SÍÐAST.

Vill stjórn sem hleypir þjóðinni að borðinu

Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Útrýma þarf fátækt og tryggja öllum betri kjör. Ekki síst öldruðum og öryrkjum," leggur Logi áherslu á. „Ríkið þarf að koma að stórátaki í húsnæðismálum og búa almennt betur að unga fólkinu sem draga mun vagninn í framtíðinni. Það getur í sjálfu sér haft allan heiminn að vettvangi og við verðum að tryggja að Ísland sé samkeppnishæft við önnur lönd. Það verður að leggja allt kapp á að mæta þeirri gjörbreyttu heimsmynd sem blasir við okkur með gríðarlegum tækniframförum og örva atvinnuhætti sem styðja við hana. Til þess að það náist þarf að stórefla menntakerfið. Það er veigamesta verkefnið," segir Logi.

Hann segist vilja mynda ríkisstjórn um jöfnuð, félagslegan stöðugleika og framfarir. „Stjórn sem hleypir þjóðinni að borðinu í stórum málum og virðir vilja hennar. Það hefðu flokkarnir fimm sem reyndu að mynda ríkisstjórn getað gert. En það tókst ekki, því miður. Til þess þarf stærri Samfylkingu."

Hann segir það illt að á rúmu ári falli tvær ríkisstjórnir vegna skorts á siðferði. „Mála er varða ofbeldi við börn og skattaundanskot ríkasta fólks landsins. Ég held að engum líði vel yfir því að þurfa síendurtekið að kjósa vegna mála eins og þeirra sem urðu tveimur síðustu ríkisstjórnum að falli," segir Logi og nefnir í því samhengi þau atriði sem brýnt sé að laga í íslenskri stjórnmálamenningu. „Heilbrigt heimilislíf byggist ekki síst á heiðarleika, trúnaði og virðingu. Ef eitthvað af þessu er ekki til staðar er hætta á upplausn fjölskyldunnar. Mikilvægt skref í þá átt að laga stjórnmálamenningu landsins er samþykkt nýrrar stjórnarskrár," segir Logi.

3 veigamestu baráttumál flokksins

1. Útrýma fátækt.
2. Stórátak í húsnæðismálum.
3. Stórefla menntakerfið.

En hvað segir Logi við þeirri gagnrýni, sem oft er sett fram, um að vinstri vængur stjórnmálanna geti ómögulega komið sér saman um neitt og í því felist vandi vinstrimanna – að þeir skipti sér upp í smærri fylkingar í stað einnar stórrar? „Eina ríkisstjórnin sem hefur haldið út heilt kjörtímabil sl. 10 ár var reyndar hrein vinstri stjórn. Félagshyggjuöflin geta vel unnið saman. Hitt er svo annað mál að vinstri vængur þarf að skilgreina nokkur meginmál sem mestu skipta og einsetja sér að vinna að þeim sameiginlega. Í öðrum málum eru flokkar með ólíkar áherslur. Margt aðgreinir t.d. Samfylkinguna og Vinstri grænn þegar kemur að gjaldmiðlamálum, samskiptum við umheiminn og meðferð auðlinda okkar, svo fátt eitt sé nefnt."

Og Logi hefur komist í kast við lögin. „Ég hef fengið sektir fyrir að keyra of hratt."

FÉLAGSHYGGJUÖFLIN GETA VEL UNNIÐ SAMAN.

Frá kr.
44.995
m/morgunmat

Allt að
39.950 kr.
afsláttur á mann

FLUGSÆTI
ÁÐUR KR. 79.900
NÚ KR. 39.950

2 FYRIR 1
á flugsæti m/gistingu

BORGARFERÐIR

PRAG

Stökktu ☺☺☺

Frá kr. 44.995 m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
29. september í 4 nætur.

BÚDAPEST

Hotel Novotel Budapest City ☺☺☺☺

Frá kr. 90.395 m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
6. október í 4 nætur.

VALENCIA

Hotel Acteon Valencia ☺☺☺☺

Frá kr. 69.895 m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
12. október í 4 nætur.

LJUBLJANA

Hotel City ☺☺☺

Frá kr. 59.995 m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
12. október í 3 nætur.

BÚDAPEST

Hotel Mercure Korona ☺☺☺☺

Frá kr. 95.095 m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
19. október í 4 nætur.

SEVILLA

Hotel Bequer ☺☺☺☺

Frá kr. 83.595 m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
9. nóvember í 3 nætur.

LISSABON

Hotel Altis Grand ☺☺☺☺☺

Frá kr. 89.995 m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
16. nóvember í 3 nætur.

PORTO

Hotel Vila Galé Porto Centro ☺☺☺☺

Frá kr. 79.695 m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
23. nóvember í 3 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM84108

595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu

Alþingiskosningar 2017

Snýst um málefni og vinnubrögð

Helgi Hrafn Gunnarsson
formaður Pírata

Píratar berjast fyrir eflingu lýðræðis og borgararéttinda í víðum skilningi, sem og umbótum í stjórnsýslunni þannig að fólk njóti sterkari verndar gegn valdhöfum, en hafi einnig meiri áhrif á það hvernig valdi þeirra er beitt. Það er mjög erfitt að forgangsraða þessum hlutum því þeir byggja allir hver á öðrum, en ætli ég myndi ekki persónulega setja borgararéttindin í fyrsta sætið," segir Helgi Hrafn.

Hann segir að þeir flokkar sem hann geti hugsað sér að mynda ríkisstjórn með þurfi að vera sammála um hlutverk ríkisstjórna. „Og hvað teljist ásættanleg vinnubrögð þeirra. Ég skal orða þetta svona; ég tel óhugsandi að Píratar gætu staðið að, stutt við eða varið vinnubrögðin sem voru sýnd við skipan Landsdóms í vor. Fyrir mér snýst spurningin þó um málefni og vinnubrögð."

Hann segist ekki hafa verið hlynntur því að fara í kosningar þegar ríkisstjórnin féll. Heldur vildi hann minnihlutastjórn. „Nú skilst mér að það hafi verið reynt en ekki verið mögulegt, eitthvað sem ég vissi ekki þá, og þá er ekkert eftir annað en að kjósa. Að mínu mati er þessi atburðarás afleiðing þess að kjörnir fulltrúar hafa hummað það of lengi fram af sér að uppfæra stjórnsýsluna og lýðræðislega ferla í takt við nýja tíma, sem fela í sér miklu meiri kröfur um gegnsæi og ábyrgð í stjórnmálum heldur en ríkjandi öfl eru vön," segir Helgi Hrafn.

Þegar þú varst síðast á þingi var gjarnan sagt um þig að þú værir vinsæll innan þingsins, þvert á flokkslínur. Telurðu að slíkt muni breyta einhverju fyrir Pírata á næsta kjörtímabili?

„Ég veit það ekki. Vonandi fá staðreyndir, málefnaleg rök og vel úthugsaðar skoðanir að ráða ferðinni, sem er reyndar oft erfitt á Alþingi af ástæðum sem eru of margar til að telja upp í svo fáum orðum."

ÆTLI ÉG MYNDI EKKI PERSÓNULEGA SETJA BORGARARÉTTINDIN Í FYRSTA SÆTIÐ.

3 veigamestu baráttumál flokksins

1. Efling lýðræðis.
2. Efling borgararéttinda.
3. Umbætur í stjórnsýslu.

Helgi Hrafn hefur komist í kast við lögin. „Já, eitt sinn fékk ég 5.000 króna sekt eða dómsátt fyrir brot á lögreglusamþykkt, sem ég finn reyndar ekki við snögga leit á netinu, en má ætla að hafi þann tilgang að hvetja fólk til að sinna ákveðinni grunnþörf innandyra og almennt í herbergjum sérstaklega útbúnum til þeirrar iðju."

Allir geti tekið þátt í samfélaginu

Inga Sæland
formaður Flokks fólksins

Við viljum afnema verðtryggingu og okurvexti og setja þá í það sem best þekkist i nágrannalöndunum. Það er liður í því að útrýma fátækt á Íslandi," segir Inga. „Þá er mikilvægt að gefa almenningi kost á því að eignast öruggt heimili með því að koma hér upp félagslegu húsnæðiskerfi. Þá er það heilbrigðiskerfið, það eiga ekki að vera forréttindi að geta leitað sér lækninga, grunnþjónusta í heilbrigðiskerfinu á að vera gjaldfrjáls."

Inga segir að veigamesta baráttumál flokksins sé að útrýma fátækt. „Svo allir geti tekið þátt í samfélaginu og lifað hér með reisn en ekki einungis fáir útvaldir auðkýfingar."

Hún er opin fyrir samstarfi við alla þá flokka sem vilja fara í það verkefni að útrýma fátækt. „Og hugsa þannig um almannahag."

Inga er sátt við að ganga til kosninga núna og telur almenning vera það líka. „Almenningur sér skýrt að fráfarandi ríkisstjórn hefur ekki gert neitt fyrir hann."

Hér skortir heilindi, segir hún svo um hvað sé brýnast að laga í íslenskri stjórnmálamenningu. „Stjórnmálamenn þurfa að verða trúir því sem þeir boða. Standa við gefin loforð."

En hvað segir hún um þær gagnrýnisraddir sem telja afstöðu flokksins í útlendingamálum ala á andúð gagnvart þeim? „Ég segir þær raddir vera algjörlega ósannar. Það er ekkert í okkar málflutningi sem elur á slíkri andúð."

En hefur hún komist í kast við lögin? „Nei, það held ég nú alls ekki," segir Inga.

STJÓRNMÁLAMENN ÞURFA AÐ VERÐA TRÚIR ÞVÍ SEM ÞEIR BOÐA. STANDA VIÐ GEFIN LOFORÐ.

3 veigamestu baráttumál flokksins

1. Afnema verðtryggingu og okurvexti.
2. Taka upp félagslegt húsnæðiskerfi.
3. Gera grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu gjaldfrjálsa.

Leggjast gegn skattahækkunum

Bjarni Benediktsson
formaður Sjálfstæðisflokksins

Framfarir í landinu verða drifnar áfram af krafti atvinnulífsins og sterkri stöðu efnahagsmála," segir Bjarni. „Við leggjumst gegn skattahækkunum. Við höfum náð miklum árangri á skömmum tíma og þannig lagt grunn að þeirri sókn sem þegar er hafin í velferðarmálum. Uppbyggingin þarf einfaldlega að halda áfram í heilbrigðismálum, málefnum aldraðra og öryrkja. Menntamálin ráða úrslitum um getu okkar til að standa sterk í samkeppni þjóðanna."

Um samstarf við aðra flokka segir hann: „Ég er tilbúinn að vinna með öllum sem hafa raunverulegan vilja til að axla ábyrgð á stjórn landsins og halda áfram með þau góðu verkefni sem unnin hafa verið á undanförnum árum."

Hann segir að þótt Sjálfstæðisflokkurinn sé alltaf reiðubúinn í kosningar sé því ekki að neita að honum þyki ýmislegt miður varðandi stjórnarslitin. „Mér þykir miður að ábyrgðarleysi og óstöðugleiki samstarfsflokka okkar í ríkisstjórn hafi valdið því að nú sé gengið til kosninga. Það hefði að sjálfsögðu farið betur á því að ríkisstjórn þessara þriggja flokka hefði náð að leiða til lykta þau fjölmörgu og góðu mál sem á hennar borði voru."

3 veigamestu baráttumál flokksins

1. Efnahagslegur stöðugleiki.
2. Velferðarmál.
3. Menntamál.

Um bætta íslenska stjórnmálamenningu segir hann: „Í mínum huga er það augljóst að traust og ábyrgð eru þeir þættir sem mikilvægast er að leggja áherslu á að bæta."

Hann telur stjórnarmyndun munu verða flókna. „Ég tel að stjórnarmyndun muni að öllum líkindum verða flókin verði niðurstöður kosninga eins og kannanir benda nú til. Ég hef hins vegar trú á því að á komandi vikum muni landsmenn átta sig á mikilvægi þess að kjósa til Alþingis flokka sem geti í raun staðið undir þeirri ábyrgð sem því fylgir að vera kosnir á Alþingi og mynda hér ríkisstjórn. Það mun að mínum dómi auðvelda stjórnarmyndun að loknum kosningum."

Bjarni segist aðeins einu sinni hafa komist í kast við lögin. „Já, ég kom einu sinni fljúgandi á hjólinu mínu af lóðinni beint út á götu og í veg fyrir bíl. Það mátti satt best að segja litlu muna. En þetta var sem sagt lögreglubíll. Hann snarhemlaði. Lögreglumaður kom út nánast í jafn miklu áfalli og ég og sagði mér að snauta heim og gera þetta aldrei aftur. Ég var fimm að verða sex, og lét mér þetta að kenningu verða."

ÞETTA VAR SEM SAGT LÖGREGLUBÍLL. HANN SNARHEMLAÐI. LÖGREGLUMAÐUR KOM ÚT NÁNAST Í JAFN MIKLU ÁFALLI OG ÉG OG SAGÐI MÉR AÐ SNAUTA HEIM OG GERA ÞETTA ALDREI AFTUR.

PANTAÐU EXTRA FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG

Þú færð EXTRA búnað á nýjan RENAULT ef þú pantar fyrir 30. september

RENAULT
Passion for life

RENAULT KOLEOS

NÝR OG SPENNANDI SPORTJEPPI ER MÆTTUR!

ENNEMM / SÍA / NM83938

*Miðað við uppgefnar tölur frá Renault um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

EXTRA tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum

FJÓRHJÓLADRIFINN KOLEOS

SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 5,8 L/100 KM*

Renault Koleos er nýr fjórhjóladrifinn sportjeppi með sjálfskiptingu og dísilvél. Það sem einkennir nýja Koleos sportjeppann er einstök hönnun, ríkulegur staðalbúnaður og hagstætt verð. Komdu og reynsluaktu þessum nýja og glæsilega sportjeppa frá Renault.

E F

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“

VERÐ: 5.990.000 KR.

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan Koleos að verðmæti **200.000 kr.**

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Alþingiskosningar 2017

Fáir sem sjá eftir ríkisstjórninni

Sigurður Ingi Jóhannsson
formaður Framsóknarflokksins

Við þær aðstæður sem uppi eru teljum við Framsóknarmenn að kjósendur vilji trausta stjórnmálamenn og flokka sem sýna ábyrgð í störfum sínum. Við þurfum stöðugleika í samfélagið, þannig nýtum við efnahagsbatann best í þágu allra," segir Sigurður Ingi um það málefni sem hann telur fyrst skipta máli. Traust og stöðugleika.

Þá segir hann nauðsynlegt að vera í markvissri uppbyggingarstefnu í heilbrigðis- og skólamálum um land allt. „Og tryggja þannig almenningi öllum, ekki síst öldruðum og ungum, viðunandi lífskjör og aðstæður óháð búsetu. Við verðum að búa okkur undir 4. iðn/tæknibyltinguna til að Ísland verði áfram í hópi þjóða þar sem jöfnuður og lífskjör gerast hvað best," segir Sigurður Ingi.

„Við Framsóknarmenn teljum að hægt sé að fara í uppbyggingu víða – þar sem ekki er sama þenslan alls staðar. Samfélagið Ísland er sterkast þegar allt landið er öflugt."

Hann segist geta hugsað sér að mynda stjórn með þeim flokkum sem séu til í að fara með í þá vegferð að gera Ísland allt að vænlegum búsetukosti. „Hafa öflugt heilbrigðis- og menntakerfi og samgöngur. Bæta kjör þeirra sem lakast standa, m.a. meðal aldraðra, öryrkja og barna. Endurbæta skattkerfið þannig að létta skattbyrði hjá millitekjufólki og fólki með lægri tekjur en hækka á hátekjur. Standa vörð um náttúru landsins um leið og við nýtum hana sem sjálfbæra auðlind."

Hann telur fáa sjá eftir ríkisstjórninni. „En ég held að mjög mörgum finnist að við stjórnmálamenn ættum að axla almennt meiri ábyrgð og það sé okkar vinna að mynda starfhæfar ríkisstjórnir og tryggja þannig stöðugleika í samfélaginu."

Brýnast sé að byggja aftur upp traust á milli stjórnmála og almennings. „En líka milli flokka og fólks í stjórnmálum. Það er á ábyrgð flokka og stjórnmálamanna að brúa þetta bil."

Sigurður Ingi notaði hluta sumars til að hitta Framsóknarmenn og segist finna fyrir trausti. Hann segir að auðvitað muni verða tekist á um sæti á framboðslistum. „Ég vona að það muni gerast á heiðarlegan og lýðræðislegan hátt og allir uni niðurstöðu," segir hann og segist hlakka til kosninga.

3 veigamestu baráttumál flokksins

1. Traust og stöðugleiki.
2. Öflug uppbygging í heilbrigðis- og skólamálum.
3. Samgöngumál og innviðauppbygging.

Sigurður Ingi er einn þeirra sem hafa komist í kast við lögin með því að keyra of hratt. „Á árum mínum sem dýralæknir – keyrandi út um allar sveitir, oft í ati eða bráðatilfellum, kom nokkrum sinnum fyrir að lögreglan stöðvaði för vegna of mikils hraða. Það hefur lagast mikið en ég hef samt á tilfinningunni að enn sé verið að safna passamyndum af mér við vegi landsins. En annars hef ég nú bara verið löghlýðinn borgari," lofar Sigurður Ingi.

> ANNARS HEF ÉG NÚ BARA VERIÐ LÖGHLÝÐINN BORGARI.

Vill ekki hatur og rasisma í samstarfi

Óttarr Proppé
formaður Bjartrar framtíðar

Mikilvægasta prinsipp Bjartrar framtíðar er betri opin vinnubrögð og traust. Björt framtíð er frjálslyndur umbótaflokkur sem leggur áherslu á umhverfismál og mannréttindi," segir Óttarr spurður um brýnustu málefnin.

Hann segir Bjarta framtíð ekki munu vinna með flokkum sem ali á rasisma.

„Það er kýrskýrt að Björt framtíð mun ekki vinna með flokkum sem ala á hatri eða rasisma. Í ljósi aðdraganda þess að Björt framtíð sleit samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn er ólíklegt að sjá fyrir samstarf þessara flokka."

Ertu sáttur við að ganga til kosninga núna? Hvernig heldurðu að almenningi líði með að ganga til kosninga svo stuttu eftir að síðast var kosið? „Ég er sammála meirihluta almennings eins og komið hefur fram í skoðanakönnunum að rétt sé að ganga til kosninga nú við þessar aðstæður. Kosningar eru í eðli sínu lýðræðislegar og færa valdið til almennings."

Óttarr segir mikilvægast að koma á trausti í stjórnmálum.

„Heiðarleiki og gagnsæi eru grundvöllur þess að skapa traust í stjórnmálum og traust til stjórnmála. Það er ríkjandi tilfinning að sumir séu réttlátari en aðrir, að sumir hafi betra aðgengi að samfélaginu og stjórnkerfinu. Þetta þarf að laga."

Flokkurinn hefur verið gagnrýndur af sumum fyrir að hafa skorast undan ábyrgð með því að slíta stjórnarsamstarfinu síðastliðinn fimmtudag. Hverju svarar þú þeirri gagnrýni? Hefðuð þið átt að „sofa á" ákvörðuninni? Hefði það breytt einhverju? „Ég vísa þeirri gagnrýni til föðurhúsanna. Það hefði verið ábyrgðarleysi að bregðast ekki við þeim trúnaðarbresti sem afhjúpaðist á fimmtudaginn. Ákvörðun Bjartrar framtíðar er ekki upphafið að falli ríkisstjórnarinnar heldur afleiðing af afhjúpun sem sýndi að traustið sem var forsenda samstarfsins var rofið."

> ÁRIÐ 1991 VAR ÉG FÁVITI OG SETTIST DRUKKINN UNDIR STÝRI. ÉG ER ÓENDANLEGA ÞAKKLÁTUR FYRIR AÐ HAFA VERIÐ STÖÐVAÐUR AF LÖGREGLUNNI.

3 veigamestu baráttumál flokksins

1. Opin vinnubrögð og traust.
2. Umhverfismál.
3. Mannréttindi.

Óttarr hefur komist í kast við lögin. Lögbrotið varð til þess að hann hætti að drekka fyrir tuttugu árum.

„Já. Árið 1991 var ég fáviti og settist drukkinn undir stýri. Ég er óendanlega þakklátur fyrir að hafa verið stöðvaður af lögreglunni áður en slys hlaust af, var sektaður og missti prófið. Þetta var eitt af því sem hafði mikil áhrif á það að ég hætti að drekka fyrir að verða 20 árum. Það að hætta að drekka er eitthvert mesta heillaspor sem ég hef stigið."

Málefnin ráða við stjórnarmyndun

Benedikt Jóhannesson
formaður Viðreisnar

Benedikt segir Viðreisn leggja áherslu á að lífskjör á Íslandi verði stöðug. „Og svipuð því sem menn búa við í nágrannalöndunum, sérstaklega húsnæðisverð, vextir og matvælaverð. Viðreisn mun láta málefni ráða við stjórnarmyndun. Við erum með reynslu af því að ræða við ýmsa," segir Benedikt spurður út í það með hvaða flokkum hann geti hugsað sér að mynda ríkisstjórn.

Hann segir mat flokksins að erfitt eða ómögulegt yrði að mynda stjórn eftir að upp úr slitnaði. „Atburðirnir síðan hafa staðfest það. Við hefðum helst viljað halda áfram þeim góðu verkum sem við vorum byrjuð á. Könnun Fréttablaðsins bendir til þess að 2/3 hlutar þjóðarinnar telji kosningar réttar núna, en maður finnur ekki mikla kæti meðal almennings á förnum vegi," segir Benedikt.

Hann nefnir að brýnt sé að stjórnmálamenn temji sér meiri virðingu hver fyrir öðrum. „Og eiga að gæta meira hófs í orðavali. Það skortir of mikið á gagnkvæmt traust og þá er ekki skrítið að almenningur treysti stjórnmálamönnunum ekki."

Benedikt segist telja stöðu sína sem formaður Viðreisnar sterka.

En hefur hann komist í kast við lögin? „Nei, ég held að ég hafi ekki einu sinni fengið sekt fyrir of hraðan akstur."

> ÉG HELD AÐ ÉG HAFI EKKI EINU SINNI FENGIÐ SEKT FYRIR OF HRAÐAN AKSTUR.

3 veigamestu baráttumál flokksins

1. Stöðug lífskjör fólks.
2. Frjálslyndi, gagnsæi og vönduð stjórnsýsla.
3. Umbreytingaferli og sátt í sjávarútvegi, landbúnaði og gengismálum.

Þökkum þolinmæðina

Nú höfum við lagt nýja kaldavatnslögn undir Kringlumýrarbraut við Stigahlíð og umferð að mestu komin í samt lag.

Gamla lögnin hafði gegnt hlutverki sínu með sóma í 55 ár: að flytja kalda neysluvatnið frá Gvendarbrunnum vestur í bæ. Nú hefur ný lögn komið í stað hennar undir þessa miklu umferðaræð.

Við þökkum öllum sem hafa átt leið um þessa fjölförnu götu fyrir þolinmæði og lipurð meðan framkvæmdirnar settu strik í ferðareikninginn.

Starfsfólk Veitna

Kaldavatnslögnin í Vesturbæ var tekin í notkun 1962. Við gerum ráð fyrir að sú nýja endist a.m.k. jafn vel og þurfum við því ekki að huga að endurnýjun hennar fyrr en í fyrsta lagi 2072.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á veitur.is

VEITUR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 17-9244

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LADY litur mánaðarins

LADY
PREMIUM PAINT & COLORS
Blöndum alla liti

7163 **MINTY BREEZE**
Gráleitur með léttum mintutón.
Ekki pastel, frekar mjúkur og hljóðlátur.

25% afsláttur

af **ALLRI LADY**
málningu frá JOTUN

LADY Pure Color
Algjörlega mött veggmálning

Lady Pure Color frá Jotun er algjörlega mött málning, einstök litaupplifun. Ein vinsælasta málningin okkar í dag. Þekur vel og er mjög slitsterk.

Við blöndum alla liti. Kíktu í næstu Húsasmiðjuverslun og skoðaðu úrval fallegra lita.

Arnar Már Þorsteinsson,
vörustjóri málningar.

Leikhópurinn Lotta kemur í Skútuvog í dag kl. 14

Frábær skemmtun.

Allir fá ís

í dag frá kl. 12-16 í Skútuvogi.

Opnum í dag

Glæsilegur sýningarsalur fyrir eldhús og bað í Skútuvogi

TILBOÐ

30% afsláttur

damixa

33.595kr

~~47.995kr~~

Sturtusett
Damixa Akita, hitastillt blöndunartæki með ömmustöng, 200 mm höfuðsturtu ásamt handsturtubarka og sápuskál. Stillanleg lengd á stöng.
8000582

25% afsláttur

TILBOÐ

LAUFEN

31.490kr

~~41.975kr~~

Vegghengt salerni
Laufen Kartell veggsk seld sér.
7920016

35% afsláttur

TILBOÐ

LAUFEN

32.105kr

~~49.395kr~~

Handlaug
Laufen Kartell handlaug.
7920130

GOTT VERÐ

GROHE

5.790kr

Strutusett
Grohe sturtusett.
7910827

30% afsláttur

TILBOÐ

KLUDI

8.845kr

~~12.640kr~~

Handlaugartæki
Kludi Tercio, einnar handar með botnventli.
8005610

35% afsláttur

TILBOÐ

damixa

9.940kr

~~15.295kr~~

Eldhústæki
Damixa Pine með hárri sveiflu.
8000032

GOTT VERÐ

GROHE

19.490kr

Eldhústæki
Grohe eldhústæki með hárri sveiflu.
7910810

30% afsláttur

TILBOÐ

19.240kr

~~27.485kr~~

Handlaugartæki
Kludi Balance, krómuð án botnsventils.
8005603

35% afsláttur

TILBOÐ

25.930kr

~~39.895kr~~

Sturtuhorn
900x900x1965x6, boga rennihurð.
7920924

35% afsláttur

TILBOÐ

KLUDI

7.380kr

~~11.285kr~~

Sturtuhaus
A-qa 200 Mm.
8005696

RÁÐGJÖF

PHILIPS

Ljós og perur

Fáðu ráðgjöf í dag

Á laugardag veita sérfræðingar frá Philips ráðgjöf við val á perum og ljósum í Húsasmiðjunni Skútuvogi frá kl. 12-16.

TILBOÐ

40% afsláttur

KAINDL

1.765kr/m²

~~2.990kr/m²~~

Harðparket
Kaindl, 10 mm planki, Hickory Chelsea, fasað. Falleg áferð.
147047

Byggjum á betra verði

King er og verður kóngur hrollvekjunnar

It, Stranger Things og Dark Tower koma allar í gegnum hugarheim rithöfundarins Stephens King. Guðni Elísson prófessor segir að King hafi ekkert legið í dvala þótt hann sé svona vinsæll núna.

Þótt King hafi hugsanlega eitthvað látið undan síga í vinsældum á tíunda áratug síðustu aldar og þeim fyrsta á þessari er rétt að forðast það að álykta að við séum að endurupgötva höfundinn núna, eða að hann hafi legið í einhverjum dvala. Á áratugunum tveimur milli 1991 og 2010 voru framleiddar kringum 35 kvikmyndir eftir sögum hans og hann sjálfur skrifaði 25 skáldsögur sem margar hverjar vekja talsverða athygli," segir Guðni Elísson, prófessor við Háskóla Íslands, en hann hefur meðal annars haldið námskeið um hrollvekjur þar sem Stephen King kemur við sögu.

King er ótrúlega vinsæll þessa stundina enda kvikmynd byggð á sögu hans, It, að sigra bióheima og Stranger Things sló í gegn í sjónvarpsheimum en það er þáttaröð mótuð af skáldskaparheimi Kings eins og hann var á áttunda og níunda áratugnum og er full af vísunum í hann.

„Það sem við erum hugsanlega að sjá núna er ákveðið endurlit til tímabilsins milli 1970 og 1990 sem skilgreindi King sem höfund og hefur stundum verið álitið blómatímabil í bandarísku hrollvekjunni, þegar höfundar eins og King, Peter Straub, Robert McCammon og Dan Simmons verða leiðandi afl og endurskilgreina bókmenntagreinina. Netflix sjónvarpsþáttaröðin Stranger Things, sem hóf göngu sína í fyrra, er t.d. mótuð af skáldskaparheimi Kings og er full af vísunum í hann.

Nú er líka verið að kvikmynda skáldsögur frá þessu tímabili, eins og It (1986) og Dark Tower seríuna, en fyrstu þrjár bækurnar í henni, sem sumir myndu kannski kalla einkennisverk seríunnar, komu út milli 1982 og 1991."

Guðni bendir á að margar skýringar séu á vinsældum Kings þessa stundina. Sköpun hans á persónum, frásagnarþræðir, sagnaheimurinn og að sögurnar snúist um aðkallandi samfélagsmálefni. „Í fyrsta lagi á hann afskaplega auðvelt með að skapa eftirminnilegar og litríkar persónur og um margt svipar honum þar til enska 19. aldar rithöfundarins Charles Dickens, sem King hefur sjálfur ítrekað lýst sem helstu fyrirmynd sinni. Í öðru lagi er hann afskaplega flinkur í að taka upp klassíska frásagnarþræði og endurmóta á breyttum forsendum. Sagnaheimurinn er forn og nýr í senn. Skrímslin hans tilheyra t.d. bandarískum samtíma vegna þess að þau spretta upp úr honum, þótt nöfnin sem þau bera séu stundum ævagömul.



Í þriðja lagi snúast sögurnar sem hann segir gjarnan um aðkallandi samfélagsmálefni. King hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á þennan þátt í sagnagerð sinni og í fræðiritinu Danse Macabre frá 1981 greinir hann ýmsar birtingarmyndir samtímans í hrollvekjum eftirstríðsáranna á skarpan hátt sem sýnir glögglega skilning hans á þeim félagslegu kringumstæðum sem oft móta vandaðan hrylling."

Guðni bendir á að lengi vel hafi King verið algjörlega hunsaður af bókmenntaelítunni en það hafi breyst að undanförnu enda ýmsir álitsgjafar sem hafa alist upp með sögum hans orðnir áhrifavaldar. „Stephen King hefur alltaf átt í fremur flóknu sambandi við bandarísku bókmenntaelítuna. Þetta hefur aðeins breyst upp á síðkastið, kannski ekki síst fyrir þá sök að nú eru þeir ýmsu álitsgjafar sem ólust upp með sögum hans komnir í áhrifastöður og þannig hefur King á undanförnum árum verið að fá ýmiss konar viðurkenningar sem liggja utan fantasíu- og hrollvekjugeirans. Á þann hátt tilnefndi New York Times Book Review bók hans 11/22/63 eina af tíu bestu bókum ársins 2011, en það hefði þótt saga til næsta bæjar einhverjum áratugum fyrr. Fyrir tveimur árum heiðraði Obama Bandaríkjaforseti svo King með einni æðstu orðu þjóðarinnar. Að sama skapi veitti bandaríska þjóðarbókhlaðan (Library of Congress) höfundinum viðurkenningu í fyrra fyrir áratuga langt starf sitt í þágu bóklesturs. Þetta getur verið ákveðin vísbending um að staða Kings sé að styrkjast, en of snemmt er að gefa út einhverjar yfirlýsingar um slíkt."

benediktboas@365.is

Íslenskir aðdáendur Stephens King

Markús Már Efraim, kennari í skapandi skrifum

Ég var illa haldinn af bókmenntasnobbi í menntaskóla og gaf þá lítið fyrir King þrátt fyrir að hafa ekki einu sinni lesið hann. En svo las ég einn daginn smásögu eftir hann, Gramma, og upplifði ótta við lestur í fyrsta sinn síðan ég var krakki. Mér fannst það aðdáunarverður hæfileiki að geta notað texta til að stjórna tilfinningum annarra og það hvatti mig bæði til að lesa meira eftir hann og skrifa sjálfur. King hefur líka svo augljóslega mikla ástríðu fyrir því sem hann gerir og það smitar út frá sér.

Ég beið lengi með að lesa The Shining, því kvikmyndin var í miklu uppáhaldi hjá mér, en þegar ég loksins gerði það varð ég hugfanginn. Fyrir utan allan hryllinginn þá hefur hún mikla tilfinningalega dýpt og sem faðir átti ég auðvelt með að tengja við þessa yfirþyrmandi ást sem aðalpersónan finnur til sonar síns.

Brynhildur Björnsdóttir, blaðamaður

Eitt af því sem Stephen King gerir betur en aðrir er að setja sig í spor og hugarheim barna. Enda eru börn og unglingar aðalsöguhetjur í flestum bókum hans. Fyrsta bókin sem ég las á ensku var The Shining, veturinn þegar ég var fjórtán og einstaklega snjóþungt og dimmt enda svaf ég með ljósin kveikt.

It er að öðrum ólöstuðum uppáhaldið mitt. Í þeirri bók segir hann nokkra magnaða hluti um bernskuna, til dæmis að ellefu ára séu börn á toppi þess að vera krakkar og þess vegna sé það töfratími, nokkuð sem ég hef rekið mig oft á í starfi mínu með börnum. Þar bendir hann líka á að krakkar lifi lífi sínu undir 150 cm sjónlínu fullorðinna þar sem bæði bestu ævintýrin og versti hryllingurinn geta gerst. Fyrir mér er Stephen King einn besti rithöfundur samtímans og eins og Astrid Lindgren og fleiri sem ekki skrifa hefðbundnar fagurbókmenntir hefur hann alveg sérstaka innsýn í heiminn og mannlegt eðli.

Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Landspítala

Uppáhaldsbókin er Dolores Claiborne. Hún er algerlega mögnuð, í henni reisir kona æru sína, ein og óstudd. Enginn stenst King snúning í persónusköpun, hann leggur allt í sölurnar svo lesandinn skilji persónurnar. Hann gerir þetta af miklu innsæi, sérstaklega hvað varðar áhrif atburða í æsku á það sem síðar verður. Hann blandar gjarnan inn yfirnáttúrulegum hlutum eða atburðum og það fer stundum yfir mín þolmörk, en ég tengi það þessari djúpu persónusköpun – persónurnar eru iðulega að glíma við svo ömurlegan raunveruleika sem hið hversdagslega ræður stundum ekki við að leysa. Það sem er sérstaklega heillandi er að honum tekst að gera þetta á trúverðugan hátt fyrir kvenpersónur líka. Það hef ég ekki séð hjá neinum öðrum karlkyns rithöfundi.

Fyrir byrjendur mæli ég með bókinni „Uppreisnin". Hún kom út 1977 og í þeirri bók skrifar King (sem Richard Bachman) inn í framtíð sem síðar varð alvarlegur raunveruleiki; ungur maður fær útrás fyrir reiði sína í kennslustofunni, vopnaður. Nýi þríleikurinn um Mr. Mercedes er mjög gott val sömuleiðis, aftur skrifar King inn í raunveruleika sem svo varð. Sennilega er hann skyggn, karlinn.

Okkar sérsvið er háræðaslitsmeðferðir !
Við vorum að flytja í nýtt og enn glæsilegra húsnæði í Hlíðasmára 9 í Kópavogi.

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

Þórarinn Þórarinsson blaðamaður

Ég kynntist Stephen King í febrúar 1984 þegar ég hlustaði þrettán ára og drulluhræddur á útvarpsleikritið „Stundum koma þeir aftur“. Karl Ágúst Úlfsson vann leikgerðina upp úr smásögunni „Sometimes they come back“ og ég ætla að misnota aðstöðu mína hérna og skora á RÚV eða Karl Ágúst að grafa þetta upp og endurflytja!

King er frábær rithöfundur, ferlega flinkur við persónusköpun og skrifar magnaðan stíl. Ég hef marglesið margar bóka hans en enga jafn oft og vampírusöguna Salem's Lot. Alveg meiriháttar virðingarvottur við „Dracula“.

Svo er King svo mikill vinur okkar, lesendanna, þykir vænt um okkur og ávarpar okkur ítrekað í formálum sem „Dear Constant Reader“.

Nýi þríleikurinn, sem hófst á „Mr. Mercedes“, er alger yndislestur sem óhætt er að mæla með og síðan ættu allir sem vilja kynnast manninum og list hans betur að lesa „On Writing: A Memoir of the Craft“. Helst að ná í hana á hljóðbók þar sem hann les sjálfur. Það er eins og að hafa hann andspænis sér við eldhúsborðið í notalegu spjalli.

King er góður maður sem skrifar af stakri list um skuggahliðar mannssálarinnar og annan viðbjóð.

Margrét Gústavsdóttir, blaðamaður og ritstjóri Birtu

Síðasta bókin sem ég las eftir hann var Mr. Mercedes en uppáhaldsbókin mín eftir hann heitir On Writing. Sú er kennslubók í skáldsagnarlistinni og um leið óformleg sjálfsævisaga hans.



Ég var tólf ára þegar ég byrjaði að lesa bækur eftir King. Það byrjaði allt með því að ég laumaðist til að horfa á Carrie, sem var bönnuð börnum, í sjónvarpinu. Myndin fannst mér stórkostleg og eftir þessa upplifun skrifaði ég bréf í Velvakanda þar sem ég kvartaði yfir því að hún væri bönnuð. Eftir þetta hef ég verið mikill aðdáandi Kings.

Þeir sem skrifa grín og hrylling eru oft ekki metnir að verðleikum, bókmenntagagnrýnendur taka sig kannski of hátíðlega til að vilja fjalla um grín og hrylling? Stephen King var lengi virkur alkóhólisti og kókaínfíkill en þegar hann hætti að drekka og neyta fíkniefna þá breyttust áherslurnar. Hann skrifaði t.d. Shawshank Redemption og Green Mile og ímyndin fór smátt og smátt að breytast. Hrylliingurinn fór út og mennskan kom inn í staðinn. Hann sýndi á sér fleiri hliðar sem rithöfundur sem er gott af því að hann er svo stórkostlega fær. Meira að segja á Twitter, þar sem hann dundar sér helst við að höggva í Trump með góðum árangri. Forsetinn móðgaðist svo mikið við eitt tístið að hann er búinn að blokkera kónginn.

Margrét Sverrisdóttir, sérfræðingur hjá Rannís

Ég hef mest dálæti á Stephen King þegar hann lýsir fólki sem á undir högg að sækja. Hann hefur einstakan hæfileika til þess að lýsa persónum út frá gjörðum frekar en útliti eða fasi. Ég myndi vilja sitja í kennslustund hjá honum og læra af honum.

Fyrsta bókin trúi ég að hafi verið Carrie, eftir að hafa horft á kvikmyndina. Hann hefur skrifað af færni um sterkar konur og hann talar um kynferðis- og heimilisofbeldi. Hæfileikar Stephens King eru miklir og það er merkilegt hversu ótrúlega mikið hann hefur skrifað. Ég trúi því að hann sé haldinn athyglissýki manns sem er yfirgefinn af föður sínum. Hann er alinn upp af einstæðri móður sem gerir hann líka skilningsríkan og næman. Hann hefur mikla tilfinningagreind.

Guðfinna Gunnarsdóttir kennari

Hann fær mann sem lesanda til að detta inn í sinn söguheim, hversu furðulegur sem hann er. Hann er gríðarlega flinkur að búa til andrúmsloft og umhverfi sem er svo lýsandi að þegar ég loka augunum þá er ég komin á staðinn. Ætli það sé ekki einmitt þess vegna sem efnið hans er notað svona mikið í kvikmyndir og sjónvarp.

Svo finnst mér svo áhugavert að lesa smásögur eftir hann sem sumar eru af allt öðru tagi en þær bækur sem hann er þekktastur fyrir. Ég kenni ensku og hef notað stuttar sögur eftir hann í kennslu, eins og til dæmis nóvellurnar Rita Hayworth and the Shawshank Redemption og The Body (úr smásagnasafninu Different Seasons).

Uppáhaldsbækurnar eru klárlega Græna mílan, skáldsagan sem hann gaf út í 6 bóka seríu. Ég man eftir að hafa hangið á hurðarhúninum á bókasafninu og beðið eftir að næsta bók kæmi úr pöntun að utan á safnið. Svo er það bók sem heitir On writing: a memoir of the craft, en í þeirri bók er hann að ræða um hvernig hann skrifar, hvaðan hann fær innblástur og hugmyndir á mjög skemmtilegan hátt.

Tæki færi

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

Það eru Tækifærisdagar hjá okkur. Líttu inn og gerðu góð kaup.

SIEMENS

Þvottavél, iQ300

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð.

Tækifærisverð: WM 14N18SDN

94.900 kr.

Fullt verð: 119.900 kr.

SIEMENS

Þurrkari, iQ300

Gufuþétting, enginn barki. Hraðkerfi 40 mín. Krumpuvörn við lok kerfis.

Tækifærisverð: WT 45H2K7DN

94.900 kr.

Fullt verð: 119.900 kr.

SIEMENS

Ryksuga

Orkuflokkur B. Útblástur A. Parkett og flísar, flokkur D. Teppi, flokkur E. Útblástur A.

Tækifærisverð: VS 06B120

14.900 kr.

Fullt verð: 19.900 kr.

ROMMELSBACHER

Samlokugrill

700 W. Fyrir tvær samlokur. Viðloðunarfrítt yfirborð.

Tækifærisverð: ST 710

4.900 kr.

Fullt verð: 6.900 kr.

Jolly Hangandi ljós

Fáanlegt í hvítu og svörtu. Breidd: 36 sm.

Tækifærisverð: 65536-xx

6.900 kr.

Fullt verð: 8.900 kr.

BOSCH

Örbylgjuofn, Serie 2

Hvítur. Frístandandi. 17 lítra. Mesti örbylgjustyrkur 800 W.

Tækifærisverð: HMT 75M421

14.900 kr.

Fullt verð: 19.900 kr.

SIEMENS

Veggofnar, iQ500

Hagkvæmir með 67 lítra ofnrými. Fimm hitunaraðgerðir. Stafrænn skjár, rafeindaklukka. Sjálfhreinsiplata á bakhlið.

Tækifærisverð (hvítur): HB 23AB221S
Tækifærisverð (stál): HB 23AB521S

69.900 kr.

Fullt verð: 89.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

Fengu fimm stjörnu dóma úr tólf áttum

Eygló Ásta Þorgeirsdóttir, leikari og leikstjóri, er nýlega komin af Edinborgarhátíðinni. Sýning sem hún tók þátt í sem höfundur og leikari, The Nature of Forgetting – eða Eðli gleymskunnar – sló þar rækilega í gegn og er á leið um heiminn.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Eygló Ásta ætlaði bara að vera nokkra mánuði í London þegar hún fór þangað 2010 en þar er hún enn. MYND/RAMON AYRES

AUÐVITAÐ SKIPTIR MÁLI FYRIR OKKUR AÐ FÓLK TENGI VIÐ EFNIÐ. ÞÁ ERUM VIÐ AÐ GEFA RÉTTA MYND.

Eygló Ásta er einmitt að byrja í pásu þegar slegið er á þráðinn til hennar í London. Þó hún sé tiltölulega nýkomin þangað af Edinborgarhátíðinni, þar sem hún sýndi leikverkið The Nature of Forgetting tuttugu og sex sinnum á einum mánuði með samstarfsfólki sínu í Theatre Re, er hún ekkert að slaka á heldur strax byrjuð í öðru verkefni. „Ég er núna á fullu í æfingum með eigin kompaníi sem heitir Ephemeral Ensemble. Við vorum að fá styrk sem svipar til listamannalauna og erum að æfa verk sem verður sýnt hér í London í lok október.“

Ég ákveð að forvitnast meira um nýja verkefnið síðar í viðtalinu og sný mér fyrst að sýningunni The Nature of Forgetting (Eðli gleymskunnar) og stjörnugjöfinni sem Eygló Ásta og félagar fengu fyrir hana.

„Leikverkið snýst um það sem eftir er af manneskjunni þegar minnið er farið,“ lýsir Eygló Ásta. „Því eins og segir í leikskránni: „Það er einhver kjarni, djúpt innra með okkur, í hverri manneskju, og það er það eina sem stendur eftir þegar minnið hverfur.“ Á sviðinu er Tom, sem er fimmtíu og fimm ára gamall, á leið til veislu. Á meðan hann hefur sig til þá hreyfa við honum minningarslitur um vináttu, ást og sektarkennd.“

Við undirbúninginn sem stóð í tvö ár segir Eygló Ásta hópinn bæði hafa unnið með fólki sem er byrjað að missa minnið vegna öldrunar og fólki á ýmsum aldri sem er með Alzheimer og aðra minnistengda sjúkdóma. „Við frumsýndum verkið í byrjun árs í tilefni af International Mime Festival. Svo fórum við með það til Edinborgar. Við erum sex á sviði, fjórir leikarar og tveir tónlistarmenn,“ lýsir Eygló Ásta og segir sýninguna mjög krefjandi fyrir sig líkamlega. „Mikil hlaup um sviðið fram og til baka. Svaka keyrsla.“

Bæði hlegið og grátið

Sýningin The Nature of Forgetting virðist ætla að verða langlíf því mikil ferðalög eru fram undan hjá Eygló Ástu og félögum í Theatre Re. „Við verðum á flakki með sýninguna um heiminn meira og minna næstu tvö árin, bæði um Evrópu og Bandaríkin. Svo er áhugi fyrir henni líka í löndum í Asíu og Suður-Ameríku,“ segir hún. En er hópurinn þá ekki líka á leiðinni til Íslands? „Vonandi, við værum pottþétt til í það. Ísland er ekki svo langt undan. Við þurfum bara að finna rétta tímann. Þetta verður dálítið púsl af því við erum byrjuð á næsta verkefni. Svo erum við líka með stórt sett í sýningunni, mikið dót á sviðinu.“

Þetta síðasta útskýrir Eygló Ásta svo: „Í heilanum er staður sem heitir hippocampus (dreki á íslensku). Þar geymir fólk minningarnar, safnar þeim saman, svo þeirri heilastöð má líkja við verkstæði. Þennan stað sköpum við á sviðinu. Þar er fullt af hlutum og alls konar dóti sem við byggjum upp sem minningar en tökum þær svo í sundur og reisum aftur á rangan hátt til að sýna hvernig minnissjúkdómar fara með okkur.“

Í undirbúningsvinnunni var leikhópurinn í þéttu sambandi við sérfræðing á sviði minnissjúkdóma. „Það var prófessor frá UCL, stórum háskóla hér í London, sem gaf okkur vísindalegu hliðina og við notum hana til að búa til leikreglur á sviðinu,“ segir Eygló Ásta. „Bestu og skemmtilegustu verkfærin við sköpun eru reglur og hindranir sem þarf að taka tillit til. Með þeim byrjaði vinnan okkar við verkið að mótast.“

Hún segir bæði hlegið og grátið á sýningunum. Eiginlega meira grátið. Það hafi þó ekki verið ætlunin. „Maður býr ekki til eitthvað til að sækjast eftir harmi og vill helst ekki að fólk labbi út niðurbrotið. En þetta efni snertir marga og það eru margir sem koma til okkar eftir sýninguna og lýsa persónulegri reynslu af minnissjúkdómum hjá sínum nánustu. Auðvitað skiptir máli fyrir okkur að fólk tengi við efnið. Þá erum við að gefa rétta mynd.“

Viðtökurnar komu á óvart

Þið fenguð glimrandi dóma. „Já, við áttum ekki von á svona fínum viðtökum. Undir lokin vorum við, held ég, komin með fimm stjörnu dóma úr tólf mismunandi áttum.“

Hina miklu aðsókn að The Nature of Forgetting á Edinborgarhátíðinni segir Eygló Ásta meðal annars skýrast af því að verkið hafi verið valið sem boðssýning af menningarstofnuninni British Council. „British Council velur tuttugu sýningar annað hvert ár á Edinborgarhátíðinni sem stjórnendum leikhúsa alls staðar að úr heiminum er boðið á. Mjög margir aðstandendur sýninganna sækja um að komast inn í þann pakka. Ég held að á hátíðinni séu yfir 3.000 sýningar af ýmsum toga þannig að það er erfitt að keppa um athyglina en við vorum svakalega heppin að vera valin í þennan hóp. Sóttum um með árs fyrirvara og fengum sérstakan stimpil þegar við komum á hátíðina. Það var mikill heiður.“

Eðli gleymskunnar er samstarfsverkefni hópsins sem að honum stendur, að sögn Eyglóar Ástu. „Það var ekkert handrit – og er ekki enn, nema í hausnum á okkur. Við vorum með ákveðið þema, ákveðna búninga og einhverja leikmynd, plús þessa vísindalegu hlið sem við fengum hjá sérfræðingnum en notum mikinn spuna til að byggja upp sýninguna. Í grunninn erum við alltaf með sama þemað en í hvert skipti sem við sýnum erum við að endur-uppgötva og upplifa. Þó sýningin sé erfið líkamlega þá er hún enn erfiðari fyrir heilann því hún er alltaf að koma manni á óvart.“

Eygló Ásta er á stöðugu flugi um sviðið. MYND/DANILO MORONI

Nýtt verk í smíðum

Eygló Ásta flutti út til London haustið 2010 og ætlaði bara að vera í nokkra mánuði við nám í The International School of Corporeal Mime. „Ég hafði einhverja drauma um að ferðast en fann mig svo vel í skólanum svo ég var í honum í fjögur ár, fyrst að læra og svo að kenna. Skólinn flutti til Bandaríkjanna, ég fór með honum og varði þremur sumrum þar. Við opnuðum leikhús – nú er það þar og ég hér. Það hafði líka áhrif að ég gifti mig. Maðurinn minn, Ramon Ayres, er frá Brasilíu en við búum hér í London enn sem komið er og vinnum saman í fyrirtækinu okkar, Ephemeral Ensemble.“

Nú berst talið aftur að nýja leikverkinu sem Eygló Ásta minntist á í upphafi og ég bið hana að segja mér frá því. „Við Ramon erum búin að ganga með þetta verk sem hugarfóstur í eitt og hálft til tvö ár. Nú er það loksins að fara á svið. Tveir menn eru á sviðinu, annar þeirra er Ramon, ég er að leikstýra og svo er tónlistarmaður, því við erum með lifandi tónlist, þannig að á æfingum erum við fjögur. Á ensku heitir það The Actualisation Show og snýst um það hvernig við finnum gildi lífsins þegar það virðist tilgangslaust.“ Þið eruð ekkert á láglendinu þegar þið veljið ykkur viðfangsefni. „Nei, við höfum ekki gaman af að búa til list nema hún hafi innihald og skipti fólk einhverju máli.“

Sjötíu ára hátíð

Edinborgarhátíðin er yfirskrift fjölmargra leiklistar-,dans-, óperu-, og tónlistarviðburða og smærri hátíða sem fram fara á þriggja vikna tímabili síðsumars í Edinborg í Skotlandi. Hátíðin hóf göngu sína árið 1947, í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar, til að auðga menningarlíf Evrópu. Það hefur hún gert árlega síðan.

Alvöru bílskúr

MÚRBÚÐARVERÐ

Bensínbrúsi úr járni 20L verð
2.990 kr.
(10L verð **1.990** kr)

Rafmagnshita-
blásari 3Kw 1 fasa
8.890

6.990
LuTool fjölnota hjakktæki til
viðhalds - rafmagnstæki 300W.

LuTool 7 blaða
sett í fjölnotatækið
2.490

Slípirokkur HDD432 800W
125mm DIY
6.980

Stabil 5 hillur 176x90x40cm 176kg
6.392

Lutool 24V Li-Ion
Rafhlöðuborvél
10.880

Drive Bílskúrsryksuga
18lítra 1200W
7.290

**Lavor One
Plus 130
háþrýstidæla**

130 Max bar, 420min
litrar. Fylgihlutir:
Burstar, sápubrúsi
& Turbóstútur.
12.490

Plastkassar
í öllum stærðum
og gerðum

G 002 með hjólum
52 lítra 58x42x34cm
1.790

Gluggaþvottakústur,
gegn um rennandi
116>180cm, hraðtengi
með lokun
2.390

Gegnheil postulínsflís



KAI Grá bílskúrsflís 33x33 cm
1.590 pr. m2

Fjöltengibox IP44
H07RN F3G1,5
1,5 m snúra
1.690

Dali Snjóskafa/kústur 59cm
440 kr.

Strákústur
30cm breiður
695

Bílabúkkar 3 tonn 2 stk
3.890

Tactix 12 skúffur **1.890**

Tactix 39 skúffur **3.790**

Ljósahundur
60W
2.690

Lítill jósahundur
m/5m snúru
1.990

Taurus stekkibönd,
4stk, 25mmx3,6m,
545kg.
2.490

64515
Strekkibönd
395

Deka tjöru- og olíu-
hreinsir 4 l.
1.970

Rúðuvökvi -18°C, 4 l.
740

Kapalkefli 3FG15, 15 mtr
3.690

15 metra rafmagnssnúra
2.390

Gua-543-1
vegghengdur, 1mm stál
14.990

MÚRBÚÐIN

Reykjavík	Kletthálsi 7	Opið virka daga kl. 8 -18, lau. 10 -16
Reykjanesbær	Fuglavík 18	Opið virka daga kl. 8 -18, lau. 10 -14

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Nína Rún Bergsdóttir, Halla Ólöf Jónsdóttir, Anna Katrín Snorradóttir og Glódís Tara, sem Robert Downey beitti kynferðisofbeldi, lýsa upplifun sinni af atburðarás sem hófst í vor þegar í ljós kom að hann hefði hlotið uppreist æru. Þær segjast ekki vilja að brotaþolar séu notaðir í pólitískum tilgangi.

Glódís Tara, Halla Ólöf og Anna Katrín Snorradóttir tóku þátt í druslugöngunni í ár. MYND/ANÍTA ELDJÁRN

ÉG BYRJAÐI AÐ KASTA UPP ÚT AF MAGASÁRUM SEM HÖFÐU MYNDAST ÚT AF KVÍÐA.

Vilja ekki taka þátt í pólitískum slag

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Þær Nína Rún Bergsdóttir, Halla Ólöf Jónsdóttir, Anna Katrín Snorradóttir og Glódís Tara hafa staðið saman og rætt málin sín á milli frá því í vor. Þær segja Robert ekki hafa reynt að hafa samband við þær til að tjá iðrun eða játa brot sín síðan málið kom upp.

„Ekkert hefur heyrst frá honum nema fyrst um sinn í gegnum lögfræðing hans Jón Steinar Gunnlaugsson og þá óbeint í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla," segir Anna.

Þær nefna að hins vegar hafi nokkrir einstaklingar talað máli hans á opinberum vettvangi. „Og sagt okkur að hætta þessu væli og læra að fyrirgefa," segir Glódís.

Hafði mörg tækifæri

Þær segja alltof fáa stjórnmálamenn hafa lagt sig fram um að heyra þeirra sjónarmið.

Sigríði Andersen dómsmálaráðherra segja þær hafa haft mörg tækifæri til þess að gera betur í málinu. „Okkur finnst að hún hefði getað með svo mörgum leiðum auðveldað baráttu okkar. Hún hefði í fyrsta lagi getað kynnt okkur þau réttindi sem við höfðum á því að fá öll þessi gögn opinber. Hún hefur gert lítið úr þeim ráðamönnum sem hafa spurt spurninga um þetta mál og sérstaklega gagnvart Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur, þingmanni Pírata, sem vildi fá svör við því hvað verður gert ef gögn í máli Önnu Katrínar væru týnd eða skemmd," segir Glódís og Anna tekur undir.

„Það er okkar upplifun að hún í raun hefur barist gegn okkur. Hún þakkar síðan sjálfri sér fyrir að koma upp um hversu gallað kerfið í kringum uppreist æru sé og ofan á það þá stærir hún sig af því að hún hafi verið fyrst til þess að gagnrýna það. Það skiptir ekki máli hver er fyrstur," segir Anna.

Einkennandi Nína segir forsætisráðherra Bjarna Benediktsson vera í mótsögn við sjálfan sig. „Hann telur sig vera að vernda þolendur með því að birta ekki gögnin á meðan það voru einmitt við brotaþolar sem óskuðum og kölluðum hvað hæst eftir þessum gögnum."

Þær segjast allar telja að um leið og Bjarna hafi verið gefnar upplýsingar um að faðir hans væri einn af meðmælendum barnaníðings hefði hann átt að láta vita og stíga til hliðar. Ekki vegna laga eða reglna um meðferð mála. Heldur af virðingu við þolendur. „Nú þegar hann er spurður um þetta mál þá svarar hann því að því sé lokið og að ekki verði rætt um það meir, svona svör eru einkennandi fyrir þöggun og við hörmum þau," segir Halla.

Á ekki að vera flokksbundið

Allar segjast þær ekki vilja taka þátt í nokkurs konar pólitík. Þær geti hins vegar ekki látið það ósagt að framkoma Sjálfstæðismanna hafi verið áberandi slök í þeirra garð. „Við viljum ekki taka opinbera afstöðu gagnvart pólitískum flokkum. Enginn Sjálfstæðisflokksmaður hefur hins vegar séð sér fært að hafa samband við okkur brotaþola Roberts þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar um samúð til okkar," segir Glódís.

Þeim þótti sárt að sjá hóp þingmanna ganga út af fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til að sjá ekki gögnin. „Okkur þótti það sárt og óbein skilaboð um vanvirðingu þegar allir Sjálfstæðismenn ásamt Pawel hjá Viðreisn gengu út af fundi þegar birta átti meðmælendabréfin fyrir uppreist æru Roberts. Svona mál á ekki að vera flokksbundið og er mjög furðuleg staða fyrir samfélagið," segir Halla.

Anna segir að brotaþola eigi heldur ekki nota í pólitískum tilgangi. „Við sættum okkur ekki við þannig umræðu og munum svara henni um hæl."

Vilja ábyrgð

Nína minnir á að það eigi ekki að hræðast samtal við þolendur. „Brotaþolar eiga heldur ekki að gleymast, það á ekki að hræðast það að tala við þá og leita eftir þeirra skoðunum, við þurfum ekki þessa vernd sem ráðamenn þykjast vera að veita okkur sem er í raun bara algjör þöggun á okkur og þöggun á aldrei rétt á sér. Við óskum einungis eftir að ráðamenn taki ábyrgð, að þeir meðtaki fyrir alvöru stöðuna sem þeir eru í og skilji alvarleika hennar en geri ekki lítið úr henni og öðrum eingöngu til þess að upphefja sjálfa sig."

Særandi og niðrandi

Særandi athugasemdir hafa birst í þeirra garð. „Sérstaklega á vefmiðlum, en við látum það ekki á okkur fá og ef eitthvað er þá styrkir það okkur enn frekar í að sýna fram á hversu mikilvæg hún sé, þessi barátta #höfumhátt," segir Nína.

Halla tekur þó fram að þær athugasemdir sem þær hafi fengið um að opinbera ætti öll gögn er varða uppreist æru og upplýsingar um meðmælendur hafi slegið þær mest.

„Við upplifðum þessar athugasemdir sem bæði niðrandi og mikla vanvirðingu við okkur sem brotaþola," segir Halla og finnur til dæmi um ummæli sem þær sættu sig ekki við:

HVAÐ VARÐAR OKKUR UM ÞAÐ HVER ÞAÐ ER OG HVERS VEGNA? EINA ÁSTÆÐAN ER SÚ AÐ ÞEIR SEM HÆST LÁTA VILJA BERJA Á ÞEIM.

NÚ ER HÁLF ÞJÓÐIN AÐ HEIMTA AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM HVAÐA MENN ÞAÐ VORU, EINS OG HANA VARÐI EITTHVAÐ UM ÞAÐ.

ÞAÐ ERU TIL ALVARLEGRI BROT HELDUR EN ÞESSI.

„Þessi ummæli komu frá Brynjari Níelssyni, fyrrverandi formanni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar," segir Halla. Glódís nefnir að Brynjar hafi aldrei talað við þær. „Jafnvel þó að ein okkar hafi skrifað honum opinbert bréf á Facebook. En hann gaf sér þó tíma í að svara föður einnar okkar og finnst okkur það undirstrika viðhorf hans til okkar sem kvenkyns brotaþola," segir hún.

Stanslaus barátta

Þær glíma allar við alvarleg eftirköst ofbeldisins. „Þetta er stanslaus barátta fyrir okkur allar, áfallið sem við urðum fyrir situr í líkamanum og við þurfum alltaf að vera viðbúnar því að það brjótist út á einhvern hátt, hvort sem það er í líkamlegum verkjum, andlegu ójafnvægi eða þreytu og jafnvel uppgjöf. Stuðningur frá okkar nánustu hefur þó hjálpað okkur gífurlega í þessari rússíbanareið sem seinustu þrír mánuðir hafa verið," segir Glódís.

„Ég var nýbyrjuð á námskeiði í lok ágúst þar sem ég ætlaði loksins að sinna sjálfri mér og mínu áhugamáli, en eftir því sem umræðan reis og þar til ríkisstjórnin sprakk þá sprakk líka eitthvað innra með mér en ég held að líkaminn hafi sagt stopp, hingað og ekki lengra og enn og aftur þá þarf ég að taka mér pásu frá daglegu og eðlilegu lífi og hugsa fyrst og fremst um sjálfa mig," segir Anna.

„Áfallastreituröskunin hefur blossað upp aftur eftir fréttirnar sem við fengum í sumar. Hún lýsir sér sem svakalegur kvíði, dapurleiki, erfiðleikar með svefn, ég næ ekki að halda fókus og ég á það til að gleyma ýmislegu. Það var eitt skiptið sem ég var að hafa mig til fyrir vinnuna að ég byrjaði að kasta upp út af magasárum sem höfðu myndast út af kvíða. Svo hefur það gerst að ég hafi brostið í grát upp úr þurru," segir Nína.

„Ég upplifi aukinn kvíða yfir hlutum sem reyndust mér ekki erfiðir áður og ágerist það eftir því sem tíminn líður, ég á erfiðara með að sofa og þreytan og álagið hefur vissulega áhrif á hugann og skapið sem sveiflast meira upp og niður en áður. Einnig finn ég fyrir einbeitingarskorti og hef töluvert minni þolinmæði dagsdaglega en ég er vön. Ég kannast einnig við grátköst eins og Nína talar um og hef oft hugsað um að ég þyrfti að taka mér frí frá vinnu þó það væri ekki nema til að ná að hvílast betur. Ég var svo heppin að vera í sumarfríi þegar málið kom upp í sumar en ég hef aldrei upplifað áður að mæta þreyttari til vinnu eftir sumarfrí en ég var fyrir fríið," segir Halla.

Baráttan þess virði

Það sem gerir baráttuna einhvers virði í þeirra huga er að umræða um kynferðisbrot er að opnast og breytast. „Það er ákveðinn heiður að fá að vera þáttur í því að stíga þetta stóra skref með samfélaginu. Að loksins eftir öll þessi ár sé hlustað á brotaþola kynferðisofbeldis á Íslandi," segir Nína.

„Sigurinn eða áfanginn er ekki bara okkar sem stöndum á bakvið #höfumhátt baráttuna heldur er þetta í raun áralöng barátta sem fékk loksins það pláss sem hún á skilið. Allir þeir brotaþolar sem hafa stigið fram og sagt sína sögu, aðstandendur brotaþola sem hafa sýnt stuðning í verki og orðum, allir þeir sem komu að skipulagningu druslugöngunnar síðan hún byrjaði og gáfu okkur stelpunum allt það rými sem við óskuðum eftir til þess að flytja ræðu og hafa hátt á Austurvelli í sumar, allir fréttamiðlar sem hafa fjallað um málið á ópólitískan hátt og dregið fram sannleikann í þessum málum og allir þeir þingmenn og -konur sem hafa stigið fram og sýnt með gjörðum en ekki fölskum orðum að þau standi á bakvið okkur. KÞBAVD hópur öfgafemínista sem vill brjóta feðraveldið á bak aftur, Þórdís Elva hjá Fáðu já og svo margir fleiri," segir Anna.

Þær nefna að baráttunni sé langt í frá lokið. Núna eigi að nota tækifærið til breytinga. Mikilvægast hefur verið í þeirra huga að lögum verði breytt sem snúa að uppreistri æru barnaníðinga. Að barnaníðingar geti ekki fengið lögmannsréttindi sín aftur. Þá vilja þær að löggjöf um kynferðisbrot verði endurskoðuð í heild sinni. Markmið þeirra er að svona lagað geti aldrei gerst aftur. Halla nefnir að fjölmiðlar hafi spilað stórt hlutverk í málalyktum. Þær vilja hvetja brotaþola til að vera óhrædda við að segja sína skoðun. Þær séu einnig tilbúnar að tala við aðra brotaþola, hvort sem það er vegna Roberts eða annarra. Þær heiti fullum trúnaði og stuðningi.

Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 23. SEPTEMBER 2017

Stefán Úlfarsson hefur tekið við rekstri veitingahússins Þrír frakkar af föður sínum. Hann hefur starfað með honum í mörg ár. →8

Fallegar lífrænar förðunarvörur frá Benecos

Benecos hefur þróað náttúrulegar, lífrænar og fallegar förðunarvörur á mjög viðráðanlegu verði. Vörurnar eru umhverfisvænar og ekki prófaðar á dýrum. →2

GLAMOUR fylgir með *Stóra- og Risapakkanum*

Kynntu þér málið á 365.is 365

Benecos er stærsta lífræna förðunarmerkið í Þýskalandi,“ segir Signý S. Skúladóttir, markaðs- og sölustjóri Heilsu sem er umboðsaðili Benecos. „Benecos leggur mikið upp úr því að vörurnar dragi fram náttúrulega fegurð einstaklingsins,“ segir Signý.

„Vörurnar innihalda engin aukaefni, svo sem tilbúinn lit, ilm- eða rotvarnarefni, paraben eða silíkon og ekki skemmir fyrir að stór hluti af vöruúrvalinu er einnig vegan. Má þar nefna natural creamy farðann sem tryggir jafna og slétta áferð húðarinnar, laust mineral púður sem sér til þess að húðin verði jöfn og mött og fallegt translucent púður sem er frábært að hafa við höndina.“

Allir augnskuggar frá Benecos eru einnig vegan, ásamt naglalökkum og augnabrúnablýöntum. Nýlega kynnti Benecos til sögunnar vegan maskara, Vegan Volume, sem greiðir vel úr hverju augnhári og gefur mikla dýpt.

„Allir geta fundið augnskugga sem dregur fram þeirra augnlit, en augnskuggar geta gert kraftaverk fyrir augnsvæðið. Svo má bæta við kinnalit og bronzing á rétta staði sem gerir gæfumuninn og setur punktinn yfir i-ið. Fyrirsætan Sandra Dögg notar meðal annars Bronzing Duo Ibiza sem gefur sólkysstar kinnar og fallegt yfirbragð ásamt Frozen Yogurt og Apricot glow mono augnskugga. Fyrir þá sem eru með viðkvæma húð þá hentar farðinn frá Benecos mjög vel, en hann er steinefnafarði og stíflar ekki húðina.“

Benecos fæst meðal annars í Hagkaupi, Smáralind, Heilsuhúsinu, Apótekaranum, Fjarðarkaupum, flestum verslunum Lyfju, Apótekinu og í Blómavali.

Fyrirsætan Sandra Dögg Ómarsdóttir notar förðunarvörur frá Benecos. MYND/SAGASIG

Natural Eye Shadow Dregur fram augnlit og gerir kraftaverk fyrir augnumgjörðina.

Kiss Me Natural Lip Gloss Gefur náttúrulegar rósrauðar varir.

Natural Creamy farði Stíflar ekki húðina og hentar viðkvæmri húð.

Glæsilegar förðunarvörur frá Benecos.

Vegan Volume Nýr maskari frá Benecos sem greiðir vel úr hverju augnhári og gefur mikla dýpt.

Natural Kajal augnblýantur Allir augnblýantar og augnskuggar Benecos eru vegan.

Natural Fresh Bronzing setur punktinn yfir i-ið

benecos
náttúruleg fegurð

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

Fékk margfalda orku og laus við magavandamál

Meltingarensímin frá Enzymedica eru nýjung á íslenskum markaði en öflug ensím bæta meltinguna og gefa okkur aukna orku ásamt því að losa fólk við fjölmörg vandamál tengd erfiðri meltingu.

Hver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki en þetta tengist að öllum líkindum skorti á meltingarensímum. Líkaminn framleiðir sjálfur meltingarensím sem brjóta niður fæðuna en margt getur orðið til þess að hann framleiði ekki nóg.

Fæðuóþol eða ensímskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefndur fæðuóþol. Margir kannast t.d. við mjólkursykursóþol eða laktósaóþol sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensími sem brýtur niður laktósann. Meltingarensímin eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensímin sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Þar drepast einnig flestar örverur sem geta fylgt með matnum en magasafinn, sem er mjög sterk saltsýra, sér um þá vinnu. Hvert ensím hefur svo mjög sérstakt (afmarkað) hlutverk og þau virkjast hvert við sitt hita- og sýrustig (pH-gildi).

> Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.
>
> Anna Gréta

Stundum gerist það að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Það er t.d. ef við borðum of mikið og/eða að samsetning matarins er slæm en þá nær líkaminn ekki að „lesa skilaboðin rétt“. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn (eða bætiefnin) á að skila okkur.

Margföld orka og laus við magavandamál

Segja má að hún Anna Gréta hafi öðlast nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímin en það var ekki bara meltingin sem varð betri, heldur náði hún betri svefni og því varð hún orkumeiri og glaðari eins og gefur að skilja. Hún hafði þetta að segja:

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en tuttugu ár og hef tekið töluvert af lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að eiga við magavandamál að stríða sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensímunum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.“

Anna Gréta finn mikinn mun á meltingunni.

> Geta dregið verulega úr einkennum fæðuóþols.

Hverja vantar meltingarensím?

Afleiðingar skorts á meltingarensímum geta verið víðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir & ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Einnig ættu allir þeir sem eru að taka inn mjólkursýrugerla að skoða hvort meltingarensím geti ekki hjálpað til við að koma meltingunni í gott horf og auka þar með almenna hreysti og vellíðan.

Nokkrar staðreyndir um ensím

- Ensím taka þátt í hverju einasta efnafræðilegu ferli sem á sér stað í líkamanum.
- Ensím hámarka upptöku næringarefna og hjálpa til við að breyta mat í orku.
- Ensím í bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðuóþols.
- Ensím í bætiefnaformi geta haft margvísleg jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina umfram bætta meltingu.
- Ensím geta hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr.
- Með inntöku getur fólk skilað meira frá sér en áður og reglulegar og hungurtilfinning minnkar eða hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur. Orkan eykst og geta ensím hreinlega hjálpað heilbrigðu fólki að verða enn heilbrigðara.

Byltingarkennd ensím

Artasan kynnir til leiks ný og afar öflug meltingarensím frá Enzymedica. Fyrirtækið hefur einkaleyfi á aðferð sem kallast Therablend en þá er blandað saman mörgum stofnum ensíma sem vinna á mismunandi pH- gildum og ná þau þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Ensím sem unnin eru með þessari aðferð hafa mælst á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím.

Sölustaðir: Heilsuhúsið, Lyf & Heilsa, Apótekarinn og Fræið, Fjarðarkaupum.

ENZYMEDICA® – Meltingarensím

Öflug ensím sem auðvelda meltingu, auka orku og draga úr einkennum fæðuóþols

Digest Gold
- Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum.
- Gegn fjölþættum meltingarvandamálum
- Handhafi Vity* verðlaunanna 10 ár í röð.
- Inniheldur ATPro (ATP, Magnesíum Citrate, Coensime Q10, Phytase).

Digest Spectrum
- Hentar vel þeim sem glíma við ýmis fæðuóþol.
- Hentar allri fjölskyldunni.
- Styður meltingu á glúteini, laktósa, kaseini, próteini og fenól, sem og grænmetis og bauna.
- Viðurkennt af Autism Hope Aliance.

Digest Basic
- Bætir meltingu og frásog næringarefna.
- Gegn ónotum, lofti og uppþembu.
- Henta einnig fyrir börn.

Digest
- Tvöfalt meiri styrkur en í Digest Basic.
- Eykur orku.
- Lítil hylki sem auðvelda inntöku.

*Sú vara sem smásalar kjósa oftast sem bestu vöru ársins í hverjum flokk

Leikhús er viðkvæmur línudans

Leikkonan Vala Kristín Eiríksdóttir er að hefja þriðja leikár sitt í Borgarleikhúsinu. Síðasta fimmtudag var nýtt íslenskt leikrit frumsýnt sem hún lék í og fleiri spennandi verkefni eru fram undan á leiksviðinu auk þess sem hún tekst á við fyrsta leikstjórnarverkefni sitt.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

„Þrátt fyrir þriggja ára háskólanám og tveggja ára starfsreynslu þá er langt í frá að ég sé orðin einhver fullskapaður listamaður en mér finnst ég stöðugt vera að stækka. Ég hef fengið margar ólíkar áskoranir og fæ að ráða úr þeim með fólki með margra ára starfsreynslu," segir Vala Kristín Eiríksdóttir. MYND/ERNIR

Kartöfluæturnar heitir nýtt íslenskt leikrit eftir Tyrfing Tyrfingsson sem var frumsýnt síðasta fimmtudag í Borgarleikhúsinu. Meðal leikara er Vala Kristín Eiríksdóttir sem mætir úthvíld og orkumikil til leiks á nýju leikári eftir að hafa tekið sér gott sumarfrí í sumar, í fyrsta skiptið í mörg ár að eigin sögn. „Ég keypti mér fullt af flugmiðum til að skikka mig til að slaka á og hafa gaman. Fyrst fór ég í þriggja vikna ferð til Bandaríkjanna. Hóf ferðina í New York á Improv festivali með stórum hópi úr Improv Ísland. Þar gistum við öll í hrúgu í einni íbúð og komum fram á sviði sem er á stærð við eldhúsið mitt."

Eftir vikudvöl í New York hélt hún ásamt Bjarna Snæbjörnssyni, vini sínum úr spunanum og lífinu, áfram til Los Angeles þaðan sem þau þræddu sig upp til San Francisco. „Síðar um sumarið fór ég í brúðkaup í Suður-Frakklandi með kærastanum mínum og fjölskyldu hans. Þess á milli var ég bara að dúlla mér með vinum og vandamönnum og krukka aðeins í mín eigin verkefni."

Nýr kafli opnast

Frumsýningin gekk vel að sögn Völu. „Það var mjög góð hlustun og mikið hlegið. Í lýsingu hljómar verkið kannski þungt en það er í raun sprenghlægilegt. Ég var í hálfgerðu spennufalli eftir sýninguna. Eftir frumsýningu lokast kafli og annar opnast. Maður skiptir um gír og vinnan heldur áfram með breyttu sniði. Þegar ég kom heim eftir frumsýninguna ákvað ég strax að heyra í leikstjóranum daginn eftir varðandi eina senu. Eins og ég segi, þetta er viðkvæmur línudans. Sýningin verður aldrei tilbúin, hún heldur bara áfram að vaxa."

Hún segir æfingaferlið hafa verið allt í senn; magnað, skemmtilegt og erfitt. „Eftir fyrsta samlestur gátu allir sagt margar sögur úr eigin lífi sem þeir gátu tengt beint inn í verkið. Það er eitthvað við sögu þessara persóna og samskipti sem beinin manns skilja. Þrátt fyrir það var þvílíkur línudans að gefa persónunum líf því sagan er meira en mætir auganu á svörtu og hvítu. Ég held að sýningin höfði til mjög viðs hóps. Það er líka sérstakt fagnaðarerindi að á svið sé komið sterkt nýtt íslenskt verk."

Góður vinnustaður

Vala er að hefja þriðja leikár sitt á fjölum Borgarleikhússins og segist kunna mjög vel við sig þar. „Hér er skemmtilegt fólk, góður vinnuandi og allt flæðandi í hæfileikum. Ég fæ mjög sterkt á tilfinninguna að allir leggist á eitt til að láta hjólin snúast og það er ómetanlegt. Þrátt fyrir þriggja ára háskólanám og tveggja ára starfsreynslu þá er langt í frá að ég sé orðin einhver fullskapaður listamaður en mér finnst ég stöðugt vera að stækka. Ég hef fengið margar ólíkar áskoranir og fæ að ráða fram úr þeim með fólki með margra ára starfsreynslu að baki. Ég gæti ekki beðið um meira."

Vala var annar aðalleikara og handritshöfundur grínþáttaraðarinnar Þær tvær, ásamt Júlíönu Söru Gunnarsdóttur, sem sýnd var á Stöð 2 árið 2015 og 2016 við góðar undirtektir. Hún segir þær vera í dvala um sinn, ekki sé í kortunum að gera aðra seríu á næstunni en þær Júlíana, ásamt öllu teyminu, séu ekki búnar að kveðja þær. „Annars er ég um þessar mundir á fullu í undirbúningi fyrir fyrsta leikstjórnarverkefnið mitt en ég mun leikstýra Verzlósöngleiknum í ár. Kosmósinn er svo fyndinn. Ég hafði lengi gengið með þá löngun í maganum að setja upp söngleikinn The Producers. Kemur svo í ljós að nemendamótsnefnd Verzló vildi einmitt setja upp þann söngleik í ár. Snarfyndin gleðisprengja þar á ferð."

Hver er uppskriftin að góðri helgi? Svefn, sund og sýning. Ef ég er ekki að vinna þá elska ég þegar fólk býður mér í mat.

Ef þú vilt gera vel við þig í mat og drykk um helgi, hvað verður fyrir valinu? Morgunmatur frá Brauð og Co, Local salat í hádeginu og lambakjöt í kvöldmat með góðu rauðvíni.

Hvað færðu þér í morgunmat um helgar? Súrdeigsbrauð frá Brauð og Co eða ég hita flatköku á pönnu og smyr hana með hnetusmjöri, sultu og bönunum.

Vala Kristín og Júlíana Sara Gunnarsdóttir skrifuðu handritið og léku í gamanþáttaröðinni Þær tvær, sem sýnd var á Stöð 2. MYND/ANTON BRINK

Hvernig eru dæmigerð föstudags- og laugardagskvöld? Mæti í hár og smink um kl. 18 og leik svo leikrit milli kl. 20 og 22. Eftir það mæti ég í gleðskap ef slíkt býðst. Annars fer ég heim, fæ mér pilsner og pæli í lífinu. Eða set í vél.

Hvernig er stemningin fyrir enn einum kosningunum? Ég er ótrúlega stolt af eljunni í öllum þeim sem höfðu hátt. Þjóðin er yfirmaður og stjórnvöld eru starfsmaður. Við getum alveg myndað okkur skoðun á hvern við viljum hafa í vinnu hjá okkur og starfsfólk okkar ætti alveg að geta unnið saman. Fyrir utan þessa myndlíkingu þá erum við öll bara dauðlegar verur með sömu raunhagsmuni að gæta. Og börnin eru mikilvægust.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Bara einhvern handahófskenndan kokteil. James Bay, Tinu Turner, Bon Jovi nýlega, Earth, Wind and Fire. Mikið í þessu gamla góða.

Ef þú fengir ótakmarkaða peninga til að búa til draumafrí, hvernig myndi dagskráin líta út? Ég myndi fara með kærastanum í langt bakpokaferðalag. Á heitar sögulegar slóðir, ganga á fjöll, synda í tærum sjó og enda svo ferðalagið á Balí þar sem öll fjölskyldan og bestu vinir biðu eftir okkur í risahúsi við sjóinn þar sem við myndum elda góðan mat, synda í sjónum og hlæja.

Levi's í Kringlunni. Levi's á Íslandi selur heitustu gallabuxur í heimi, gallaskyrtur, boli og gallajakka á lægstu verðum Levi's í Norður-Evrópu. MYNDIR/HANNA

Gallabuxnahvíslari hjá Levi's

Þær eru heitar, heimsfrægar og alltaf í tísku; allt frá árinu 1873 þegar Levi Strauss sigraði heiminn með fyrstu gallabuxum heimsins, Levi's 501. Levi's snýst þó ekki bara um gallabuxur, heldur ást á jörðinni.

Því fylgir mikið stolt að vinna fyrir Levi's enda er saga Levi Strauss & Co samofin sögu heimsins, allar götur síðan fyrstu gallabuxur veraldar litu dagsins ljós árið 1873," segir Lilja Bjarnadóttir, eigandi Levi's á Íslandi.

Saga frægasta gallabuxnamerkis veraldar er sannarlega heillandi og í blússandi takti við samtímann.

„Levi's saumar ekki einungis æðislegar gallabuxur heldur er alltaf með hugann við náttúruna og stendur í fremstu röð fataframleiðanda þegar kemur að umhverfisvitund," segir Lilja um gallabuxnarisann sem er mjög umhugað um vistvæna framleiðsluhætti. „Levi's vinnur í lausnum sem vernda vistkerfi jarðar, enda liggur fyrir að vatnsskortur blasi við í sumum heimshlutum eftir fáein ár. Því hefur Levi's dregið verulega úr notkun vatns við framleiðslu á gallabuxum og notar eingöngu endurunnið vatn við framleiðslu á sumum gerðum gallabuxna. Að auki sendir Levi's bómullarbændur í sinni þjónustu á námskeið til að veita minna vatni á bómullarakrana sem rækta bómull sem síðan er notuð í vefnað."

Í ást á Móður Jörð hefur Levi's notað meira en 12 milljón endurvinnanlegar plastflöskur í vefnað fyrir Levi's 511 Skinny-gallabuxur, Levi's Trucker-gallajakka og Levi's Boyfriend Skinny kvengallabuxur.

„Levi's leggur ríka áherslu á að neytendur lengi líftíma hvers buxnapars með því að þvo buxurnar sjaldnar, alltaf á röngunni, aldrei á heitara þvottakerfi en 30°C, með fljótandi þvottaefni og með því að setja þær aldrei í þurrkara. Með því endast gallabuxurnar mun lengur, sem og liturinn, og þar með hefur gallabuxnaeigandinn lagt sitt af mörkum til umhverfisvitundar og vatnssparnaðar," upplýsir Lilja.

Mannréttindi hafa frá upphafi verið forgangsmál hjá Levi's.

„Í kreppunni miklu, sem skall á haustið 1929, varð gríðarlegt atvinnuleysi í Bandaríkjunum en þá tók Levi's þann pól í hæðina að segja engum upp heldur minnka frekar starfshlutfall starfsfólksins. Það var fáheyrt í þá daga þótt sú nálgun sé algengari í dag," segir Lilja.

Besta verð Levi's í Evrópu

Levi's rekur þrjár verslanir á Íslandi; í Kringlunni, Smáralind og á Glerártorgi á Akureyri.

„Mörgum kemur á óvart að Levi's er eitt af fáum heimsþekktum vörumerkjum sem er hagstæðara að kaupa hér heima en í Skandinavíu. Þannig kosta dýrustu Levi's gallabuxurnar 14.990 hér og Levi's gallajakkar eru á 13.900, sem er mun ódýrara en í flestum Levi's verslunum í Norður-Evrópu," upplýsir Lilja.

Hún segir Levi's fyrst og fremst vera unglingamerki en í því felist ástæða þess að Levi's sé sívinælt um allan heim.

„Þegar einu sinni er farið í Levi's gallabuxur er erfitt að segja bless við þær. Frægðarsól Levi's hefur heldur aldrei dofnað og eru Levi's-táknin þrjú: Levi's 501, Levi's Trucker gallajakkinn og Levi's gallaskyrtan alltaf til og vinsæl sem aldrei fyrr, enda hæstmóðins nú að klæðast gallaefni frá toppi til táar (e. denim on denim)."

Levi's er fyrirmynd annarra gallabuxnaframleiðenda og brautryðjandi í efnisnotkun og hönnun.

„Levi's eltir ekki ólar við aðra heldur ryður veginn með nýjungum sem aðrir taka svo upp. Merkið er trútt sínum uppruna og framleiðir enn Levi's 501; upprunalega sniðið sem lagði heiminn að velli. Síðan hafa orðið til margar útgáfur af þeim buxum, eins og Levi's 501 fyrir konur, og nú er einnig hægt að fá 501 með teygjuefni. Margar aðrar buxnagerðir hjá Levi's eru einnig með teygju, sem gerir Levi's mýkri og þægilegri en áður þekktist," útskýrir Lilja.

Nýjasta viðbótin við Levi's í Kringlunni er klæðskeraverkstæðið Levi's Tailor Station.

„Þar styttum við gallabuxur gegn vægu gjaldi en höfum líka þjálfað starfsfólk okkar í að setja göt, gadda, bætur eða hvaðeina á fatnaðinn til að klæðskerasníða hann að óskum eigandans. Besti gallabuxnahvíslari landsins starfar líka hjá Levi's, til að velja það sem passar hverjum og einum best."

Gallabuxnahvíslarinn Joshua Reauben David kann á sniðin sem smellpassa og meistarinn Reynaldo Cruz sér um að skreyta, gata og stytta á Tailor Station.

Ávanabindandi fjölskyldugott

Theodóra gaf út bókina Matargatið árið 2014 þar sem hún sýndi hvernig börn geta matreitt gómsæta rétti með eða án aðstoðar. Hún vinnur nú að bók um sínar eigin gómsætu súkkulaðikökur.
MYNDIR/ANTON BRINK

Nammidagur er til að njóta, segir Theodóra Sigurðardóttir, heimilisfræðikennari í Melaskóla. Hún vonar að fjölskyldur landsins dundi sér saman í eldhúsinu um helgar og búi til heimagerð sætindi.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

„Samverustund yfir matarstússi í eldhúsinu er dýrmætur fjölskyldutími," segir Theodóra sem í starfi sínu sem heimilisfræðikennari þekkir vel einskæran áhuga barna á matargerð og bakstri. „Börn njóta þess að búa til eitthvað sem þeim þykir gott og það eykur með þeim hugrekki að smakka nýja hluti þegar þau hafa sjálf handfjatlað hráefnið og átt þátt í matreiðslunni."

Theodóra kennir 4. til 7. bekkingum Melaskóla að elda sér mat og segir staðreynd að flest börn séu lítt gefin fyrir fisk. „Það er helst að þau vilji þá fiskinn sem pabbi eldar eða pabbi veiðir, en ég er að byrja með fisklotur í skólanum til að kenna þeim að matreiða fisk og kynnast honum betur, og sjá hvort það hafi áhrif."

Á nammidögum er Theodóra sjálf veik fyrir blandi í poka og súkkulaðirúsínum, en hún bakar reyndar upp á hvern dag.

„Ég baka á hverjum einasta degi þegar ég kem heim úr bökunarkennslunni og er alltaf að prófa eitthvað nýtt. Ég er víst bakari af lífi og sál og forvitin um allt sem tengist bakstri. Samkennarar mínir og fjölskyldan njóta svo afrakstursins," segir hún og brosir yfir girnilegum sælgætiskúlum sem hún gefur hér uppskrift að.

„Það sem ég geri er yfirleitt fljótlegt og einfalt og flest hráefnin eru til í skápunum heima. Það er smávegis hollusta í þessum kúlum líka, sem er banani. Athugið bara að kúlurnar eru mjög ávanabindandi og erfitt að hætta að úða þeim í sig. Njótið vel!"

Bananakúlur með rjómasúkkulaði

(16 - 20 stykki)

1 pakki Haustkex (rúmlega 225 g)
1 banani
3-4 msk. niðursoðin karamellumjólk (caramelized milk)
Pínulitlir sykurpúðar eftir smekk
250 g rjómasúkkulaði brætt yfir vatnsbaði

Myljið Haustkex í matvinnsluvél og hellið svo í skál. Stappið bananann og setjið í skálina með kexmylsnunni. Setjið 3 msk. af karamellumjólk saman við, til að byrja með. Síðast eru sykurpúðar settir saman við. Blandið öllu vel saman. Ef ykkur finnst þurfa, má bæta annarri matskeið af karamellumjólk við.
Rúllið kúlur úr deiginu. Kælið kúlurnar í ísskáp í tvær klukkustundir eða í frysti í klukkustund.

Bræðið rjómasúkkulaði yfir vatnsbaði, veltið kúlunum upp úr því, raðið á plötu með bökunarpappír og látið súkkulaðið harðna. Skreyta má kúlurnar með fallegu kökuskrauti og líka er hægt að dreifa smá kexmylsnu yfir þær. Gott er að gera það áður en súkkulaðið verður hart.
Það kemur líka ljómandi vel út að nota smátt saxað súkkulaði í þessar kúlur og auðvitað má nota annað súkkulaði en rjómasúkkulaði. Geymið í frysti.

FYRIRTÆKJAGJAFIR

Sérblað um jólagjafir fyrirtækja til starfsmanna og viðskiptavina kemur út 30. september.

Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Nespresso opnar á Íslandi

Nespresso opnar sérverslun í Kringlunni og því leitum við að einstaklingum til starfa sem hafa ástríðu fyrir kaffi.

Boutique Manager

Helsta hlutverk Boutique Manager, sem er yfirmaður sérverslunarinnar, er að halda utan um rekstur, tryggja góða þjónustu og leiða hóp starfsmanna. Um fullt starf er að ræða.

Nespresso kaffisérfræðingur

Helsta hlutverk *Nespresso* kaffisérfræðinga er að bjóða viðskiptavinum upp á einstaka upplifun og leiðbeina þeim um val á kaffi og kaffivélum. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf.

Það er kostur að umsækjendur um bæði störfin hafi reynslu af verslunarstörfum en þeir þurfa að:

- Vera þjónustulundaðir og jákvæðir að eðlisfari
- Geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði og drifkraft
- Vera góðir í samskiptum
- Hafa metnað til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til 8. október nk. en allar frekari upplýsingar um starfið veitir Sólrún Hjaltested í síma 575 4040.

Hægt er að sækja um störfin á **www.nespresso.is**

Umboðsaðili *Nespresso* á Íslandi er Perroy ehf.

NESPRESSO®

***Nespresso** er leiðandi á markaði í framleiðslu á hágæða kaffi, sem gert er úr besta mögulega hráefni, en fyrirtækið framleiðir og selur Grands Crus kaffi og kaffivélar. **Nespresso** er með höfuðstöðvar í Lausanne í Sviss og starfar í 69 löndum, rekur yfir 6oo verslanir með meira en 12.000 starfsmönnum. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu **Nespresso**: www.nestle-nespresso.com.*

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Sérfræðingur í þjónustustýringu kortamála

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum aðila með góða þekkingu á debet- og kreditkortaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki í starf sérfræðings í þjónustustýringu.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Að fylgja eftir ábendingum viðskiptavina
- Straumlínulögun ferla og frumkvæði að umbótum í þjónustu, þróun og tekjuöflun
- Fræðsla fyrir starfsfólk um kortavörur og þjónustu
- Ferlavinna, greiningarvinna, skýrslugerð og stuðningur við samningagerð
- Samskipti við ytri og innri hagsmunaaðila varðandi útgáfu og rekstur greiðslukorta og tengdra lausna
- Umsjón með birgðahaldi og innkaup á kortaplasti
- Þátttaka í mótun stefnu og framtíðarsýnar í síbreytilegu umhverfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á viðskiptalíkani og rekstri greiðslukortaþjónustu
- Þjónustulund og frábær samskiptafærni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfni
- Umbótahugsun

Nánari upplýsingar um starfið veita Kristbjörg Héðinsdóttir forstöðumaður, netfang kristbjorg.hedinsdottir@arionbanki.is, sími 444 6012, og Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri, netfang hildur.sigurdardottir@arionbanki.is, sími 444 6364.

Sótt er um starfið á www.arionbanki.is. Umsóknarfrestur er til og með **8. október 2017**.
Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-15-024

Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og síðan árið 2015 höfum við árlega fengið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**

Arion banki
– fyrir framtíðina

A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME

The Pier óskar eftir hressu og hörkuduglegu fólki í eftirfarandi stöður:

- **Fullt starf sem sölumaður á Smáratorgi**
- **Fullt starf sem lagerstarfsmaður og sölumaður á Smáratorgi**
- **Fullt starf sem sölumaður á Korputorgi**
- **Hálft starf sem sölumaður á Selfossi**
- **Vantar einnig starfsmenn í stakar vaktir í áfyllingar í öllum verslunum**

Hæfniskröfur:
- Jákvæðni, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði, samviskusemi og stundvísi
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð

Starfssvið sölustarf
- Öll almenn verslunarstörf
- Sala og þjónusta við viðskiptavini

Starfssvið lagerstarf
- Öll almenn lagerstörf
- Móttaka og frágangur á vörum
- Tiltekt og afgreiðsla pantana
- Sala og þjónusta við viðskiptavini

Umsóknarfrestur er til og með 29. september nk.

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri og geta hafið störf sem fyrst.
Áhugasamir sendi ferilskrá ásamt upplýsingum um hvaða starf sótt er um á pier@pier.is.
Öllum umsóknum verður svarað.

BÓKBINDARI

**Óskum eftir bókbindara til starfa.
Upplýsingar gefur Margrét
í síma 544 4260
eða magga@prentt.is**

Prenttækni

ERTU LAUS?

Okkur vantar kraftmikið fólk í

- **Samsetningu**
- **Inn- og útflutning**
- **Stálsmíði**

Starfsumhverfið er gott, félagslífið sterkt, íþróttaðstaðan flott og mötuneytið í sérflokki.

Sæktu um á marel.is/storf

marel

HEILBRIGÐ HÚS EHF

Óska eftir að ráða vana húsasmiði til starfa.

Fyrirtæki sinnir almennri smíðavinnu og sérhæfir sig í viðhaldi og viðgerðum inná heimilum og vinnustöðum.
Verkefnin eru mjög fjölbreytt og krefjandi.

Umsækjandi þarf að hafa sveinspróf í húsasmíði eða meistararéttindi, vera sjálfstæður í vinnubrögðum, metnaðarfullur og með áhuga á að auka við þekkingu sína.

Upplýsingar gefur Ágúst í síma 6998393.
Umsókn, ferilskrá og aðrar upplýsingar sendist á gustismidur@gmail.com

STÖRF Í BOÐI

EININGAVERKSMIÐJAN

Við hjá Einingaverksmiðjunni óskum eftir umsóknum um framtíðarstörf hjá fyrirtækinu.

Við leitum að:
Smiðum með reynslu í mótasmíði, vönum **járnamanni** og **sendli** með bílpróf.

Umsóknir óskast sendar á svanur@ev.is fyrir 29. sept.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu í síma 414 8770

Einingaverkmiðjan var stofnuð árið 1994. Frá upphafi hefur fyrirtækið framleitt forsteyptar einingar til húsbygginga. Innan fyrirtækisins hefur skapast gríðarleg sérþekking og verkkunnátta í áranna rás. Við höfum á að skipa öflugum tækjabúnaði og afar fullkominni verksmiðju. Frá árinu 2008 höfum við einnig rekið verksmiðju í Færeyjum eftir að hafa flutt forsteyptar einingar þangað í allmörg ár.

Neyðarlínan

Tæknimaður

112 NEYÐARNÚMERIÐ Í 20 ÁR

Neyðarlínan ohf. starfrækir meðal annars Tetra fjarskiptakerfið fyrir öryggis- og viðbragðsaðila, veitu- og orkufyrirtæki, samgöngufyrirtæki og fleiri ásamt því að reka fjarskiptakerfi fyrir sjófarendur og 112 neyðarsvörun. Í tæknideild fyrirtæksins starfar samhentur og öflugur hópur með breiðan bakgrunn í fjarskiptum. Vinnan fer aðallega fram á skrifstofu Neyðarlínunnar, Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík.
Fyrirspurnum varðandi starfið skal beint til Tómasar Gíslasonar (tomas.gislason@112.is).

Umsóknarfrestur
8. október

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5712

Starfssvið
- Umsjón og forritun Tetra-talstöðva.
- Umsjón með notendaskráningu og almenn þjónusta við notendur Tetra þjónustunnar.
- Kynning á virkni og eiginleikum kerfisins ásamt ráðleggingum við val á notendabúnaði og uppsetningu á fjarskiptaskipulagi.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Góð tölvukunnátta og áhugi á fjarskiptum.
- Reynsla og/eða þekking á Tetra fjarskiptum er æskileg.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Brennandi áhugi á starfsemi Neyðarlínunnar og þar með öllum viðbragðsaðilum landsins.
- Innsýn í starf viðbragðsaðila og almannaþjónustu kostur.
- Skipulagshæfni.

Neyðarlínan ohf. var stofnað í október 1995 og hóf 112 neyðarsímsvörun 1. janúar 1996. Tilgangur félagsins er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, almenn svörun neyðarboða, fjarskiptaþjónusta og skyldur rekstur. Rekstur neyðarvaktstöðvar er í samræmi við lög um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008. Neyðarlínan er staðsett í Björgunarmiðstöð Íslands, Skógarhlíð 14, Reykjavík.

Capacent — leiðir til árangurs capacent

Ásbrú Fasteignir

Skrifstofustjóri

235 FASTEIGNIR

235 Fasteignir óskar eftir að ráða skrifstofustjóra til starfa. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til að sinna fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum. Skrifstofur félagsins eru á Ásbrú, Reykjanesbæ.

Umsóknarfrestur
1. október

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5715

Starfssvið
- Umsjón með fjármálum og bókhaldi.
- Þátttaka í áætlanagerð, uppgjörum og greiningum.
- Umsjón með innheimtumálum og millifærslum.
- Umsjón með launavinnslu.
- Önnur verkefni sem heyra undir skrifstofuna.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af bókhaldi.
- Reynsla af rekstri, fjármálastjórnun, áætlanagerð og uppgjörum er kostur.
- Góð greiningarhæfni og færni til að halda utan um töluleg gögn og miðlun upplýsinga.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og góð samstarfshæfni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

235 Fasteignir er félag sem vinnur að útleigu, þróun og sölu fasteigna. Á skrifstofu félagsins starfa nú 5 starfsmenn.

Capacent — leiðir til árangurs capacent

VERSLUNARSTJÓRI

JACK & JONES í Kringlunni leitar að kraftmiklum, skipulögðum og jákvæðum einstaklingi til að gegna starfi verslunarstjóra. Um er að ræða fullt starf í skemmtilegu og lifandi umhverfi.

Helsta hlutverk verslunarstjóra er að halda utan um daglegan rekstur, bera ábyrgð á sölu og þjónustu við viðskiptavini og ásýnd verslunarinnar og leiða hóp starfsmanna.

HÆFNISKRÖFUR:

- **Reynsla af verslunarstjórn er kostur**
- **Þjónustulund**
- **Reynsla af sölustörfum**
- **Hæfni í mannlegum samskiptum**

Framundan eru breytingar á versluninni þar sem hún verður stækkuð og fær nýja ásýnd.

Umsóknarfrestur er til og með 8. október nk. Hægt er að sækja um starfið á **www.bestseller.is**. Allar frekari upplýsingar veitir Sólrún Hjaltested mannauðsstjóri í síma 5754000.

BESTSELLER®

VERO MODA® nameit® JACK&JONES® VILA SELECTED

Trésmíðaverkstæði óskar eftir smið eða laghentum manni í samsetningar á gluggum og hurðum.

Einnig ýmis tilfallandi störf .

Upplýsingar
í síma 894 3321

SG GLUGGAR OG ÚTIHURÐIR EHF
Smiðjuvegur 32 gul gata • 200 Kópavogur

Innkaupafulltrúi

Ríkiskaup óska eftir að ráða innkaupafulltrúa í fullt starf á Þjónustusvið. Starfið er fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavini Ríkiskaupa.

Meðal helstu verkefna eru:

- Innflutningur, tollskýrslugerð og verðútreikningur
- Innkaup og gerð sölureikninga.
- Samskipti vegna innkaupaverkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Að lágmarki 3 ára reynsla af innflutningi og innkaupaferlum
- Mjög gott tölvulæsi og tölvukunnátta
- Reynsla af innkaupa-, sölu- og tollakerfum nauðsynleg; t.d. Navision/Dynamics.
- Reynsla af Oracle kerfi er kostur
- Nákvæmni, skipulagshæfileikar og samskiptahæfni

Leitað er að einstaklingi sem er agaður, sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði og er fær um að tjá sig í ræðu og riti. Tungumálakunnátta auk íslensku er að lágmarki enska.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnar Davíðsson, forstöðumaður Þjónustusviðs í síma: 530 1419 eða á netfanginu: ragnar.davidsson@rikiskaup.is.

Áhugasamir leggi inn umsókn í afgreiðslu Ríkiskaupa eða sendi póst á ofangreint netfang fyrir eigi síðar en 9. október n.k.

Ríkiskaup er ráðgjafar- og þjónustustofnun sem veitir opinberum stofnunum og fyrirtækjum almenna þjónustu og ráðgjöf á sviði innkaupa. Ríkiskaup annast framkvæmd útboða, innkaupa, rammasamninga og eignasölu fyrir opinbera aðila. Ríkiskaup leggja metnað sinn í að ætíð séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju. Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Grandinn 2018

MATHÖLL

Stefnt er að opnun mathallar á neðri hæð Húss sjávarklasans að Grandagarði 16, sumarið 2018.

Í mathöllinni verða básar og vagnar með nýstárlegum göturéttum sem innihalda það besta sem miðin og landið gefa af sér. Einnig verður aðstaða fyrir matarfrumkvöðla til að vinna að sínum hugmyndum.

Við leitum að kaup- og veitingamönnum sem hafa áhuga á að hefja rekstur í mathöllinni.

Áhugasamir sendi upplýsingar og hugmyndir fyrir 2. október á **sjavarklasinn@sjavarklasinn.is**

Íslenski sjávarklasinn

Flugþjónar og flugfreyjur

Við leitum að flugþjónum og flugfreyjum í spennandi framtíðar- og sumarstörf.

Ef í þér býr umhyggja fyrir samferðafólki, þjónustulund og dugnaður – og þú sérð ævintýri í hverju horni – þá ættir þú að smellpassa í hópinn.

Hæfniskröfur

· Stúdentspróf eða sambærileg menntun
· Rík þjónustulund og framúrskarandi samskiptahæfni
· Góð tök á íslensku og ensku, önnur tungumál kostur
· Sjálfstæði og samviskusemi í vinnubrögðum
· Árvekni, reglusemi og hæfni til að vinna undir álagi
· Umsækjendur þurfa að vera orðnir 23 ára

Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn:
· Afrit af stúdentsskírteini eða öðrum prófskírteinum ásamt einkunnum
· Nýtt sakavottorð
· Afrit af staðfestingu á grunnþjálfun (e. attestation) ef hún er fyrir hendi

Umsóknarfrestur er til 5. október 2017.
Þú sækir um starfið á vefnum okkar, **airicelandconnect.is/umsokn**
Við hlökkum til að heyra frá þér.

Air Iceland Connect

OPTIMA
Stofnað 1953

Tæknimenn í Reykjavík

Optima óskar eftir að ráða 2 öfluga aðila í störf tæknimanna í Reykjavík. Viðkomandi starfsmenn koma inn í sterkan hóp starfsmanna Optima ehf.

Í boði er krefjandi og skemmtilegt starf í síbreytilegu umhverfi þar sem tekist er á við flókin tæki og hugbúnað. Starfið felur í sér námskeið bæði hér á landi sem og erlendis.

Starfssvið:

- Viðgerðir á tækjum s.s. prenturum, skönnum, ljósritunarvélum og öðrum tækjum sem fyrirtækið er með í sölu og þjónustu
- Uppsetning og viðhald hugbúnaðar
- Önnur tilfallandi verkefni innan tæknisviðs

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði rafiðnfræði eða önnur sambærleg tæknimenntun
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Reglusemi og jákvætt hugarfar

Umsóknarfrestur er til og með 29. sept. nk. Umsóknum eiga að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.
Umsjón með starfinu hefur Þorsteinn G.A.Guðnason, neftfang: radningar@optima.is

ÞG VERK
www.tgverk.is

Leiðtogi - verkstjóri

Ertu góður í mannlegum samskiptum, áttu auðvelt að fá fólk með þér, þá erum við að leita að þér!
Við hjá ÞG verk leitum að kraftmiklum leiðtoga til að starfa sem verkstjóri hjá fyrirtækinu.

Verkefni

- Stjórnun starfsmanna á verkstað
- Umsjón með starfsmannaráðningum á verkstað
- Verkefnastýring
- Samskipti við undirverktaka

Hæfni

Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, ábyrgðarfullur og hæfur stjórnandi með leiðtogahæfileika.

- Góð reynsla úr byggingar og verktakastarfsemi er nauðsynleg
- Smiður (sveinspróf)
- Hafa þekkingu og reynslu af því að starfa í mælingu
- Reynslu af verkefnastýringu á verkstöðum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góða tölvufærni

Liggur hönnun vel fyrir þér !

Ertu með auga fyrir hönnun, skipulagður og kanntu að lesa og rýna í byggingarteikningar, þá gætum við verið að leita að þér. Við hjá ÞG verk leitum að einstaklingi í 70% starfshlutfall til að sinna verkefnum tengdum frágangi íbúða og fleira.

Verkefni

- Útfærsla og val innréttinga í samráði við innkaupastjóra
- Efnisval í íbúðir í samráði við innkaupastjóra
- Rýni teikninga og þátttaka í hönnun innra fyrirkomulags íbúða
- Umsjón og eftirfylgni með eignaskiptasamningum og skráningartöflum
- Umsjón og eftirfylgni með uppfærslu á byggingarstigum verkefna
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfni

Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, ábyrgðarfullur og með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Nákvæmni og auga fyrir smáatriðum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður
- Góða tölvufærni

Tekið er á móti umsóknum í gegnum síðuna okkar **http://tgverk.is/starfsumsokn** eða á netfangið **starf@tgverk.is**
Æskilegt að með umsókn fylgi ferilskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með 30. September 2017
ÞG Verk - Lágmúla 7, 108 Reykjavík - S: 534 8400

ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?

Við leitum að öflugu fólki í fjölbreytt störf

SERVICE ENGINEER
DALVÍK

Starfsaðstaðan er á Dalvík en viðkomandi þarf að geta ferðast innanlands vegna starfsins. Við leitum að öflugum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni í þverfaglegu teymi á sívaxandi markaði.

Starfssvið:
- Tækniþjónusta við viðskiptavini innanlands
- Reglubundnar heimsóknir til viðskiptavina vegna fyrirbyggjandi viðhalds
- Ráðgjöf og þjónusta um rekstur og viðhald tækja Marel
- Uppsetning, bilanagreining og viðgerðir á tæknibúnaði Marel
- Þjónustuvakt og útköll því tengt
- Almennar viðgerðir á verkstæði Marel á Dalvík

Hæfniskröfur:
- Rafvirkjun, vélvirkjun eða vélstjórnun er skilyrði
- Önnur tæknimenntun er kostur
- Reynsla af sjálfvirkum kerfum
- Innsýn í framleiðsluferla
- Reynsla úr matvælaiðnaði og þekking á vörum Marel
- Lipurð og góð þjónustulund

PRODUCT SPECIALIST
WEIGHING AND GRADING

Marel leitar að vörustjóra í öflugt teymi sérfræðinga sem hafa umsjón með vöruflóru vigtunar- og flokkunarlausna. Leitað er að drífandi einstaklingi sem vill finna réttu lausnirnar fyrir markaðinn á réttum tíma.

Starfssvið:
- Tæknileg ráðgjöf við alþjóðlegt sölunet Marel og heimsóknir til viðskiptavina um allan heim
- Þátttaka í mótun og innleiðingu sölu- og markaðsstefnu fyrir vigtunar og flokkunarlausnir
- Samvinna og samskipti við vöruþróunarteymi

Hæfniskröfur:
- Háskólapróf og/eða reynsla sem nýtist í starfi s.s. viðskipta- eða markaðsfræði, iðnaðar- eða rekstrarverkfræði
- Viðkomandi þarf að búa yfir góðum úrlausnarhæfileikum
- Jákvætt viðhorf, stefnumiðuð sýn og vilji til að starfa í teymi
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði

TECHNICAL PLANNER

Starfið felur í sér að skipuleggja hönnunargögn frá söluverkahópi til framleiðslueininga og að halda utan um áætlanir um framtíðareftirspurn.

Starfssvið:
- Meta og mæta áætlun um eftirspurn í vél-, raf- og hugbúnaðarhönnun
- Áætla hönnunar- og biðtíma fyrir verkefni í tilboðsfasa
- Skipuleggja pantanir inn í söluverkahóp og skila hönnunargögnum til framleiðslu
- Ábyrgð á uppfærslu áætlana í daglegum rekstri
- Ábyrgð á rekstri og þróun tóla sem notuð eru við áætlanagerð í söluverkahóp

Hæfniskröfur:
- BSc/MSc í viðskiptafræði eða raungreinum
- Góð þekking á auðlindastýringu og áætlanagerð
- Mjög góðir samskiptahæfileikar og enskukunnátta
- Sjálfstæði, skapandi hugsun og skipulagshæfni
- Reynsla af ERP (SAP, DAX) er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 8. október.
Nánari upplýsingar um störfin og umsóknarform er að finna á **marel.is/störf**.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með um 5100 starfsmenn, þar af um 600 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugt fólk, konur og karla, sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, glæsilegt mötuneyti, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

marel

VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR Á FJÁRMÁLASVIÐ

Íslenska gámafélagið auglýsir eftir viðskiptafræðingi til starfa á fjármálasvið fyrirtækisins

Helstu verkefni:

- Bókhald
- Innheimta
- Áætlanagerð
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf
- Fjárhagslegar úttektir og greiningar
- Önnur tengd verkefni

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum
- Gott vald á excel og reynsla af Axapta er kostur
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Frumkvæði, faglegur metnaður og færni í samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rut Jónsdóttir fjármálastjóri, rut@gamur.is

Umsóknir óskast á heimasíðu fyrirtækisins, https://umsokn.gamur.is, en umsóknarfrestur er til og með 2. október.

Hjá Íslenska gámafélaginu starfa 250 manns víða um land en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu. Fyrirtækið hefur hlotið jafnlaunavottun VR og starfar eftir jafnlauna- og jafnréttisstefnu. Fyrirtækið hvetur konur jafnt sem karla að sækja um starfið.

Mannauðsstefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimspeki fisksins „Fish Philosophy". Mannauðsstefnan lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Gufunesi gamur.is 577 5757

Framúrskarandi fyrirtæki

VERKEFNASTJÓRI á mannvirkjasviði

Hæfni- og menntunarkröfur:

- Próf á sviði byggingaverkfræði, byggingafræði, tæknifræði, verkefnastjórnun eða öðru sambærilegu
- Góð reynsla í verk- og eða verkefnastjórnun við mannvirkjagerð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, úthlutun verkefna, skipulagshæfni og sjálfstæðum vinnubrögðum

Frekari upplýsingar og móttaka umsókna er hjá Sigurfinni Sigurjónssyni, í gegnum **finnur@vhe.is**

VHE HUGVIT Í VERKI

Melabraut 27 • 220 Hafnarfjörður • Sími 575 9700 • www.vhe.is

Guðmundur Tyrfingsson - GTs ehf

STARFSMAÐUR ÓSKAST

Guðmundur Tyrfingsson ehf óskar eftir metnaðarfullum starfsmanni með ríka þjónustulund til starfa á skrifstofu okkar á Selfossi.

Starfið felst í ferðaskipulagningu, tilboðsgerð og umsjón með starfsmannamálum bifreiðadeildar o.fl.

Vinnutíminn er 8-17 virka daga ásamt því að taka símavaktir.

Hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæm vinnubrögð
- Getur unnið sjálfstætt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Rútupróf eða þekking á stórum ökutækjum kostur
- Menntun er nýtist í starfi

Hægt er að sækja um á www.gtyrfingsson.is eða senda umsókn á helena@gtyrfingsson.is

Veðurstofa Íslands

Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun

Hefur þú ástríðu fyrir gögnum? Viltu vinna með raungögn, eins og jarðskjálftamælingar? Viltu vinna í kviku hugbúnaðarteymi? Hvernig á eiginlega að geyma brotlausnir jarðskjálfta? Kannastu við hvað tímaraðagreining er? Viltu vinna í fjölbreyttu umhverfi að þverfaglegum verkefnum með spennandi vísindagögn og í vistvænu vinnuumhverfi? Lestu þá áfram!

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í hugbúnaðarþróun. Sérfræðingurinn mun starfa í þróunarhóp *Upplýsingatækni Veðurstofunnar* sem er hluti af ***fjármála- og rekstrarsviði***.

Hlutverk Veðurstofunnar er m.a. að veita bestu fáanlegu upplýsingum út í þjóðfélagið til að taka stórar sem smáar ákvarðanir hvort sem lýtur að almannaheill eða áhugamálum. Veðurstofan er ein stærsta gagnasöfnunar og úrvinnslustofnun landsins sem vinnur með gögn tengdum náttúrufyrirbærum s.s. loft, vatn, snjór og jöklar, jörð og haf.

Hlutverk
Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun tekur þátt í þróunarverkefnum sem snúa að öllum helstu sviðum Veðurstofunnar. Áherslan er á þróun á viðmótskerfum og gagnagrunnum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. tölvunarfræði eða sambærilegt
- Frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Þekking á JavaScript, HTML, XML, JSON, og jQuery
- Þekking á Python
- Þekking á fyrirspurnarmálinu SQL, þekking PostgreSQL er kostur
- Þekking og farsæl reynsla af hugbúnaðar- og kerfisþróun
- Þekking á Linux stýrikerfinu, GIT, REST og öðrum forritunarmálunum s.s. C/C++, Java, Bash er kostur
- Þekking og reynsla af Agile Scrum vinnuferli er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Davíð Steinar Guðjónsson** (**dsg@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma **522 6000**.

Umsóknarfrestur er til og með 9. október nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið **www.starfatorg.is**

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. **lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi**. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknasviði**. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vedur.is***

www.vedur.is
522 6000

ARKITEKT - BYGGINGAFRÆÐINGUR

Vegna fjölbreyttra verkefna framundan, leitum við að **arkitekt og byggingafræðingi.**

Við bjóðum upp á skemmtilegan vinnustað með góðum anda þar sem unnið er af metnaði.
Í dag starfa 14 manns hjá fyrirtækinu.

Umsóknarfrestur er til **6. október**.
Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknir með ferilskrá og dæmum um fyrri verk sendist á **arkthing@arkthing.is**

www.arkthing.is

Snillingar í rafmagni

Hjá Veitum er frábær starfsandi, mikil ánægja með stjórnendur og allur aðbúnaður fyrsta flokks. Við leggjum mikla áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi.

Við rekum stærsta veitukerfi landsins og úrræðagóðir starfsmenn gegna lykilhlutverki við að halda viðskiptavinum okkar **í sambandi – alla daga.**

Rafvirki

Rafvirkjar okkar sinna daglegum rekstri, eftirliti, viðhaldi í aðveitu- og dreifistöðvum og tengingum í há- og lágspennubúnaði. Þátttaka í nýframkvæmdum við háspennuvirki og bakvaktavinnu þar sem brugðist er við bilunum er jafnframt hluti þessa starfs.

Ef þú ert með sveinspróf í rafvirkjun eða sambærilega menntun, ert lipur í samskiptum, býrð yfir metnaði og frumkvæði og átt auðvelt með að vinna sjálfstætt viljum við heyra í þér. Reynsla af háspennurafvirkjun eða sambærilegum störfum er kostur.

Verkamaður

Í þessu starfi vinnur þú í teymi með iðnaðarmanni og tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum í rekstri og uppbyggingu dreifikerfa Veitna. Helstu verkefnin eru jarðvinna og aðstoð við iðnaðarmenn.

Samskiptahæfni og öryggisvitund eru eiginleikar sem reynir á í þessu starfi. Ef þú býrð yfir slíkri færni þá viljum við heyra í þér. Vinnuvélaréttindi og reynsla af jarðvinnu er kostur.

Rekstraröryggi og hagkvæmni í rekstri er leiðarljós í öllum störfum starfsfólks okkar. Við leggjum áherslu á að byggja upp góðan hóp fagfólks sem annast rekstur og viðhald í öllum rafkerfum Veitna.

Við tökum á móti umsóknum á www.veitur.is þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Frekari aðstoð veitir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu **starf@veitur.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 2. október.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

JAFNRÉTTISRÁÐ

Kynntu þér vinnustaðinn Veitur á veitur.is og á Facebook

VEITUR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 17-5257

Ný og spennandi staða sjúkraliða

Hrafnista í Reykjavík leitar að áhugasömum sjúkraliða til að vera hópstjóri á lítilli hjúkrunardeild sem að hluta til er fyrir heilabilaða.
Í boði er dagvinna, virka daga.

Hæfniskröfur:
- Starfsleyfi sjúkraliða
- Góðir samskiptahæfileika og jákvætt viðmót
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsmanna Hrafnistuheimilanna tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Störfin hjá Hrafnistu eru fjölbreytt og skemmtileg. Umsækjendur þurfa að hafa ríka samskipta- og samstarfshæfni og hafa gaman af því að umgangast eldra fólk.

Við hlökkum til að vinna með þér!

Sótt er um starfið á **www.fastradningar.is**
Umsóknarfrest er til 7. október

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Eygló Tómasdóttur í síma 693-9524, einnig á netfanginu eyglo.tomasdottir@hrafnista.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær

ALEFLI EHF
BYGGINGAVERKTAKAR

Húsasmiðir

Óskum eftir að ráða húsasmiði vana mótauppslætti

Verkamenn

Óskum eftir að ráða byggingaverkamenn

Upplýsingar gefur Magnús í síma 6604472

---

prooptik gleraugu

Starfskraftur óskast

Við hjá **Prooptik** leitum að þjónustu-glöðum einstaklingi í 100% sölustarf sem getur hafið störf sem fyrst.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið: **matti@prooptik.is**

prooptik gleraugu

S4S LEITAR AÐ

ÖFLUGUM STARFSMANNI Á LAGER

ERT ÞÚ EINSTAKLINGURINN SEM VIÐ LEITUM AÐ? VIÐ ERUM METNAÐARFULL OG ERUM AÐ STÆKKA.

Starfssvið
- Móttaka og vinnsla á nýjum vörum úr vöruhúsi og í verslanir
- Áfyllingar og samskipti við verslanir
- Áfyllingar á rekstarvörum fyrir verslanir
- Tiltektir og reikningagerð fyrir heildverslun
- Önnur lagerstörf

Hæfniskröfur
- Skipulagshæfileikar og yfirsýn
- Góð tölvukunnátta – reynsla af Navision kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Fagleg og öguð vinnubrögð
- Hreint sakavottorð
- Bílpróf

Konur jafnt sem karlar eru hvött/hvattir til að sækja um starfið. Umsóknafrestur er til og með **1. október** n.k. Umsóknir og ferilskrár sendist á **atvinna@s4s.is** merkt lager.

S4S rekur verslanirnar Skór.is netverslun, Air.is netverslun, Steinar Waage, Ecco, Air, Kaupfélagið, Skechers, Kox og Toppskóna. S4S hefur fengið fjölda viðurkenninga t.d. frá Credit Info og VR.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017 | VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016 | 2012 2016 Framúrskarandi fyrirtæki

S4S hefur verið ì topp 5 yfir fyrirmyndarfyrirtæki hjà VR síðustu 3 ár ì flokki stòrra fyrirtækja.

S4S

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords
www.uw.is

Kennslustjóri

Háskólasetur Vestfjarða leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum kennslustjóra í fullt starf.

Kennslustjóri hefur umsjón með öllu sem viðkemur þjónustu við nemendur og kennara við Háskólasetur Vestfjarða, þar með talið fjarnámi, prófum, nemendaskráningu, kennsluumsjónarkerfi og samningum við kennara í samræmi við fjárhagsáætlun. Kennslustjóri heldur utan um umsóknir nemenda í meistaranámi og undirbýr umsóknir fyrir meistaranámsnefnd.

Kennslustjóri tekur þátt í stefnumörkun varðandi uppbyggingu þjónustu og kennslu við Háskólasetur Vestfjarða, hann mun vinna í litlu teymi og þarf að geta unnið sjálfstætt á sínu sviði.

Starfssvið:
- **Yfirumsjón með fjarnámi og prófum**
- **Yfirumsjón með nemendaskrá**
- **Umsjón með umsóknarferli meistaranema**
- **Gæðamál náms**
- **Þjónusta við nemendur og kennara**
- **Samningar við stundakennara**
- **Námsráðgjöf og/eða tengiliður við námsráðgjafa**
- **Efling fjarnáms**

Menntunar- og hæfniskröfur:
- **Menntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi**
- **Meistaragráða æskileg**
- **Góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti**
- **Mikil hæfni í mannlegum samskiptum**
- **Framsýni, innsæi og metnaður í starfi**

Upplýsingar um starfið veitir Peter Weiss forstöðumaður í síma 450 3045

Umsóknarfrestur er til og með 13.10.2017
Umsóknir sendist á weiss@uw.is

Við stækkum og eflumst

Vegna ört vaxandi verkefna óska Vinnuvélar eftir að ráða öflugan einstakling til starfa sem fyrst. Um spennandi og krefjandi framtíðarstarf er að ræða.

Starfsmaður á verkstæði

Starfssvið:
- Standsetningar og smáviðgerðir
- Skipulag útisvæðið og lagers

Hæfniskröfur:
- Reynsla af vélaviðgerðum
- Hæfni í mannlsgum samskiptum, frumkvæði og metnaður
- Geta unnið sjálfstætt

Umsóknarfestur er til 6. okt.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn ásamst ítarlegri ferilskrá og mynd á netfangið *baldur@vinnuvelar.is*

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Kistumel 2 // 116 Reykjavík // Sími 480 0444

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201709/1513
Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201709/1512
Starf í móttöku	Landspítali, rannsóknakjarni	Reykjavík	201709/1511
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201709/1510
Verkefnastjóri Símenntunar	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201709/1509
Sjúkraliðar	Landspítali	Reykjavík	201709/1508
Læknaritari	Landspítali, Miðst. um sjúkraskrárritun	Reykjavík	201709/1507
Heilbr.starfsm. í samf.geðteymi	Landspítali, geðsvið	Reykjavík	201709/1506
Sérfræðilæknir	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201709/1505
Lífeindafræðingur	Landspítali, rannsóknakjarni	Reykjavík	201709/1504
Sérfræðingur, meðf-/fóstursvið	Barnaverndarstofa	Reykjavík	201709/1503
Sjúkraliðar	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201709/1502
Yfirlæknir	Landspítali, æðaskurðlækningar	Reykjavík	201709/1501
Starf í ætagerð	Landspítali, sýkla- og veirufræðideild	Reykjavík	201709/1500
Flutningastarfsmaður	Landspítali, flutningar	Reykjavík	201709/1499
Hjúkrunarfræðingar/ljósmæður	Landspítali, starfsnám til sérfr.	Reykjavík	201709/1498
Talmeinafræðingur	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Kópavogur	201709/1497
Læknir	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201709/1496
Lyfjafræðingur	Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201709/1495
Dýralæknir á markaðsstofu	Matvælastofnun	Reykjavík	201709/1494
Læknastöður	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Austurland	201709/1493
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201709/1492
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	Akureyri	201709/1491
Doktorsnemi við Viðskiptadeild	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201709/1490
Sjúkraþjálfarar	Landspítali	Reykjavík	201709/1489
Sjúkraliði/sótthreinsitæknir	Landspítali, skurðstofur	Reykjavík	201709/1488
Sérfræðilæknir	Landspítali, brjóstaskurðlækningar	Reykjavík	201709/1487
Saksóknarar	Embætti ríkissaksóknara	Reykjavík	201709/1486

SPENNANDI STÖRF HJÁ EIMSKIP

Gæðastjóri Eimskips Flytjanda

Eimskip Flytjandi í Reykjavík óskar eftir að ráða gæðastjóra sem vinnur náið með starfsstöðvum félagsins um allt land.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Ábyrgð á mótun og endurhönnun gæðaferla
- Þróun og stýring umbóta í meðferð hitastýrðra sendinga í innanlandsflutningum
- Umsjón og eftirlit með mælingum á hitastýrðum sendingum í flutningakerfinu
- Innri úttektir á gæðakerfi og umsjón með umbótaverkefnum
- Innleiðing og eftirlit með verkferlum, þjálfun og fræðsla starfsfólks
- Gæða- og þrifaeftirlit á öllum starfsstöðvum
- Samskipti við viðskiptavini

Menntun og hæfni:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og geta til að leiða vinnu starfsmannahópa
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Reynsla af vinnu við gæðakerfi er nauðsynleg
- Reynsla af hönnun og innleiðingu ferla
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæð framkoma og góð hæfni til samskipta

Verkstjóri rafmagnsverkstæðis

Eimskip óskar eftir að ráða til starfa verkstjóra rafmagnsverkstæðis félagsins í Sundahöfn. Verkstjóri ber ábyrgð á rekstri rafmagnsverkstæðis, rafveitu í Sundahöfn, rekstri og prófun á varaaflsstöðvum og rekstri vélbúnaðar í kæli- og frystigeymslum í Reykjavík og Hafnafirði.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Skipuleggur vinnu starfsmanna í samstarfi við flokksstjóra
- Veitir ráðgjöf við nýbyggingar, breytingar og innkaup tækja
- Annast háspennutengingar krana félagsins í Reykjavík, á Grundartanga og á Reyðarfirði, sem og þjálfun kranamanna við notkun háspennutenginga
- Tekur þátt í áætlanagerð

Menntun og hæfni:
- Rafvirki með meistararéttindi eða rafmagnsiðnfræðingur af sterkstraumssviði
- Mikill kostur að vera með A-lögildingu eða að lágmarki uppfylla kröfur slíkrar löggildingar
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af verkstjórn
- Reynsla af rekstri dreifikerfa kostur
- Reynsla af rekstri vélabúnaðar í kæli- og frystigeymslum kostur
- Reynsla af rekstri díselvaraaflstöðva og viðhaldi stórra tækja kostur

Umsjón með ráðningum hefur Sigríður Guðmundsdóttir, sirra@eimskip.is.
Eingöngu er hægt að sækja um störfin á heimasíðu Eimskip, eimskip.is.
Umsóknarfrestur er til og með 5. október 2017.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.
Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

EIMSKIP
Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is

Lausar stöður hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands

SÉRNÁMSSTAÐA Í HEIMILISLÆKNINGUM

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) auglýsir sérnámsstöðu í heimilislækningum lausa til umsóknar. Aðalstarfsstöð er á Egilsstöðum og yfirlæknir þar er næsti yfirmaður.

HSA hefur langa reynslu af kennslu læknanema, kandídata og sérfræðinema í heimilislækningum. Námið verður byggt á marklýsingu fyrir sérnámslækna í heimilislækningum. Við útfærslu marklýsingarinnar verður lögð áhersla á þann fjölbreytileika sem héraðslækningar kalla eftir og samtímis að tryggja aðgengi nemans að skipulagðri hópkennslu / námi fyrir sérfræðinemana.

Staðan er auglýst til þriggja ára og á námstímanum er gert ráð fyrir námsdvöl á heilsugæslu í Skotlandi og Norður-Noregi, eina viku á hvorum stað. Kennslustjóri HSA aðstoðar nemann við skipulag sjúkrahússhluta námsins með áherslur héraðslækningar (Rural Medicine) í huga.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Þátttaka í kennslu læknanema og kandídata

Hæfnikröfur
- Almennt lækningaleyfi er skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, jákvæðni og sveigjanleiki
- Vilji til þverfaglegrar samvinnu (teymisvinnu)
- Sjálfstæði í starfi, frumkvæði og faglegur metnaður
- Íslenskukunnátta áskilin.

Frekari upplýsingar um stöður og umsókn
Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsóknum skal skila á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og starfsleyfi og ef við á um rannsóknir og greinaskrif.
Öllum umsóknum verður svarað. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

Nánari upplýsingar veita:
Hrönn Garðarsdóttir, heimilislæknir og kennslustjóri,
S. 470-3000 og 865-4710, netf. hronn@hsa.is

Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga,
s. 470-3050 og 860-6830, netf. petur@hsa.is,

Emil Sigurjónsson, mannauðsstjóri,
s. 470-3050 og 895-2488, netf. emils@hsa.is.

Umsóknarfrestur er til 16.10. 2017
og staðan laus frá 01.01. 2018 eða eftir samkomulagi.

www.hsa.is

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpavogi til Bakkafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað. Á þjónustusvæði HSA eru auk þess fimm heilsugæslustöðvar, en alls eru starfsstöðvarnar ellefu talsins. HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.

MOSFELLSBÆR

Byggingarfulltrúi hjá Mosfellsbæ

MOSFELLSBÆR LEITAR AÐ BYGGINGARFULLTRÚA Á UMHVERFISSVIÐ

Byggingarfulltrúi ber ábyrgð á framkvæmd opinbers byggingareftirlits í samræmi við gildandi lög (nr. 160/2010) og reglugerðir. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi og hefur eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum og annast önnur verkefni sem kveðið er á um í mannvirkjalögum. Byggingarfulltrúi starfar á umhverfissviði og leiðir faglega þróun byggingarmála innan sviðsins.

Helstu verkefni felast í samskiptum við hönnuði, verktaka og íbúa í tengslum við framkvæmdir í sveitarfélaginu. Þá annast byggingarfulltrúi útgáfu byggingarleyfa, yfirferð og samþykkt aðaluppdrátta, verkfræði- og séruppdrátta og útgáfu vottorða og skráningu mannvirkja.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Prófgráða í verkfræði, tæknifræði, arkitektúr eða byggingarfræði skilyrði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Að lágmarki fimm ára starfsreynsla skv. 25. gr. mannvirkjalaganna
- Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður sbr. 25. gr. mannvirkjalaga
- Góð tölvukunnátta og þekking á forritum skilyrði
- Góð þekking á lögum og reglugerðum tengdum byggingarleyfum er æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar eru nauðsynlegir
- Hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli
- Sjálfstæð, frumkvæði og öguð vinnubrögð eru nauðsynleg
- Önnur skilyrði sbr. ákvæði mannvirkjalaga

Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2017.
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs, í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Samhjálp

Ráðgjafi í Hlaðgerðarkot, meðferðarheimili Samhjálpar

Samhjálp óskar eftir að ráða áfengis- og vímuefnaráðgjafa á meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot. Um er að ræða fullt starf. Við leitum að einstaklingi sem hefur áhuga og metnað til að sinna endurhæfingu áfengis- og vímuefnaneytenda.
Hæfniskröfur: Háskólamenntun sem nýtist í starfi og reynsla af meðferðarstarfi.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún M. Einarsdóttir í 566 6140 eða gudrun@samhjalp.is

Umsóknir sendist fyrir 9. október nk. á netfangið samhjalp@samhjalp.is merkt Ráðgjafi í Hlaðgerðarkoti.

ÞÚSUND FJALIR EHF

MÁLARI ÓSKAST

Rótgróið fyrirtæki með trausta verkefnastöðu, óskar eftir að ráða framtíðarstarfsmann.Gengur starfsmaðurinn til liðs við samhentan hóp iðnaðarmanna, sem vinna að krefjandi en jafnframt fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

Áhugasamir eru beðnir um að hringja í Björgvin (897-7983) eða senda ferilskrá/upplýsingar á retturmadur@gmail.com

Virkt starfsmannafélag og góður starfsandi.

100 % trúnaði er heitið. Heimasíða fyrirtækisins er vatnstjon.is, en þar má kynna sér starfsemi fyrirtækisins.

FFR FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Verkefnastjóri

Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) leitar að verkefnastjóra í hálft starf á skrifstofu félagsins í Reykjavík frá og með 1. nóvember 2017. Verkefnastjóri sér um daglegan rekstur og utanumhald um starfsemi félagsins, tekur virkan þátt í þróun á nýju vinnuumhverfi forstöðumanna, annast upplýsingagjöf og hefur umsjón með fundum og fræðslumálum, auk þess að vinna að hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum.

Helstu verkefni
- Rekstur félagsins, innheimta félagsgjalda og félagatal
- Virk þátttaka í mótun og þróun á nýju vinnuumhverfi forstöðumanna
- Miðlun upplýsinga og þjónusta við forstöðumenn varðandi réttindamál og við úrlausn álitaefna
- Eftirlit með framkvæmd launasetningar, fylgjast með og kalla eftir endurskoðun launa og kjara vegna breytinga á störfum forstöðumanna eða launaþróun almennt
- Viðhald og þróun vefsíðu www.ffr.is
- Undirbúningur og utanumhald félags- og fræðslufunda með samstarfsaðilum, ritun fundargerða
- Samstarf við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins

Menntunar og hæfnikröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og á sviði mannauðs- og kjaramála
- Þekking á starfsumhverfi forstöðumanna nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta
- Skipulagshæfileikar og hæfni til að sinna fjölbreyttum verkefnum
- Öguð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum,
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli
- Góð tölvukunnátta, þekking á sviði vefumsjónar er kostur

Félag forstöðumanna ríkisstofnana er samstarfs- og hagsmunafélag og tengiliður við stjórnvöld varðandi málefni félagsmanna og stofnana. Gert er ráð fyrir að gagnkvæmur reynslutími sé sex mánuðir frá ráðningu. Laun eru samkvæmt kjarasamningi aðildarfélags BHM.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. **Umsóknarfrestur er til og með 6. október 2017 og sendist á ffr@ffr.is.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar veitir Björn Karlsson formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana á ffr@ffr.is. Sjá einnig **www.ffr.is**

AMNESTY INTERNATIONAL

Viltu vinna að betri heimi?

Íslandsdeild Amnesty International leitar að öflugri manneskju með brennandi mannréttindaáhuga í stöðu fjáröflunarstjóra. Skrifstofan er staðsett í Reykjavík.

Amnesty International er alþjóðleg hreyfing fólks sem berst fyrir því að mannréttindi séu virt og að allir njóti verndar þeirra. **www.amnesty.is**.

Við leitum að að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og hefur hugmyndaauðgi og skipulagshæfni.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Mikil skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Þekking og reynsla af greiningu tölulegra upplýsinga
- Reynsla og þekking á sölu- og markaðsmálum er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Mjög góð færni í íslensku og ensku
- Hugmyndaauðgi og framsýni
- Áhugi á mannréttindamálum

Við bjóðum :

- Jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi
- Sveigjanlegt, skapandi og ábyrgðarfullt starf
- Starf, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín
- Möguleika á að vinna í alþjóðlegu samstarfi
- Tækifæri á að vinna að framgangi mannréttinda í heiminum.

Umsóknir skal senda á **tgj@amnesty.is**.
Umsóknarfrestur er til 30. september 2017
Æskilegt er að umsækjandi getið hafið störf fljótlega. Upplýsingar um starfið veitir Torfi Jónsson framkvæmdastjóri í gegnum tölvupóst **tgj@amnesty.is**.

Lausar stöður hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands

ÞRJÁR STÖÐUR LÆKNA Í HEILSUGÆSLU HSA

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) óskar eftir þremur læknum til starfa. Einum með aðalstarfsstöð í Fjarðabyggð, öðrum á Egilsstöðum og hinum þriðja á Djúpavogi. Stöðurnar veitast frá 01.01. 2018 eða eftir nánara samkomulagi og eru 100%, nema um annað sé samið.

Austurland er stórt og dreifbýlt með um 11 þúsund íbúa, þar sem HSA sinnir heilsugæslu á 11 starfsstöðvum, rekur Umdæmissjúkrahús Austurlands í Neskaupsstað og þrjár hjúkrunardeildir. Auk lækna í heilsugæslu, skurðlæknis og svæfingalæknis á sjúkrahúsinu starfar húðsjúkdómalæknir hjá HSA og þar er reglulega veitt ýmiss konar önnur sérfræðiþjónusta. HSA kemur að kennslu læknanema, kandídata og sérfræðinema í heimilislækningum. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu lækna með öðru fagfólki, þ.á.m. hjúkrunarfræðingum, lyfjafræðingi, ljósmæðrum, sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennar lækningar.
- Heilsuvernd.
- Vaktþjónusta.
- Kennsla nema.
- Þátttaka í vísindastarfi, gæða- og umbótaverkefnum.

Hæfnikröfur

- Sérfræðimenntun í heimilislækningum er æskileg.
- Sjálfstæði í starfi, skipuleg og öguð vinnubrögð og faglegur metnaður.
- Reynsla af og vilji til þverfaglegrar samvinnu (teymisvinnu).
- Hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, jákvæðni og sveigjanleiki.
- Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.
- Íslenskukunnátta áskilin.

Frekari upplýsingar um stöður og umsókn
Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands, en áhugasamir eru hvattir til að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um kjör.

Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

Nánari upplýsingar veita:

Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is.

Emil Sigurjónsson, mannauðsstjóri, s. 470-3053 og 895-2488, netf. emils@hsa.is.

Guðjón Hauksson, forstjóri HSA, s. 470-3051, 470-1437 og 774-5030, netf. gudjonh@hsa.is.

Umsóknarfrestur er til 16.10. 2017.

www.hsa.is

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög. Stofnunin þjónar rúmlega 11.000 íbúum frá Djúpavogi til Bakkafjarðar, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim. Umdæmissjúkrahús Austurlands er í Neskaupstað. Á þjónustusvæði HSA eru auk þess fimm heilsugæslustöðvar, en alls eru starfsstöðvarnar ellefu talsins. HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Forseti tækni- og verkfræðideildar

Háskólinn í Reykjavík leitar að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu öflugrar tækni- og verkfræðideildar. Deildarforseti ber ábyrgð á rekstri deildarinnar og leiðir akademískt starf hennar. Deildarforseti heyrir undir rektor og situr í framkvæmdastjórn háskólans.

Leitað er að einstaklingi með:

- Doktorspróf á sviði verkfræði eða skyldra greina.
- Reynslu af kennslu og rannsóknum á háskólastigi.
- Hæfni til að vinna að stefnumótun og uppbyggingu liðsheildar.
- Reynslu af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Hagnýta reynslu úr atvinnulífi eða af samstarfi við atvinnulífið.
- Reynslu af alþjóðlegum vettvangi.

Innan tækni- og verkfræðideildar er fengist við kennslu og rannsóknir í verkfræði, tæknifræði, iðnfræði, íþróttafræði, byggingafræði og orkuverkfræði. Boðið er upp á nám á diplóma-, BSc-, MSc- og PhD-stigi. Um 1200 nemendur stunda nám við deildina og eru fastir starfsmenn um 50 talsins. Tækni- og verkfræðideild er aðili að alþjóðlegu samstarfsneti um þróun tækninams sem kallast CDIO (e. Conceive, Design, Implement, Operate).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs (**sigridureg@ru.is**).
Umsóknum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, radningar.hr.is.
Umsóknarfrestur er til og með **15. október 2017**.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3700 í fjórum deildum og starfa um 240 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | **www.hr.is**

Sérfræðingur í persónurétti

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) auglýsa eftir lögfræðingi til starfa. Starfið felur í sér ráðgjöf og stýringu innleiðingar nýrrar persónuverndarlöggjafar hjá aðildarfélögum innan samtakanna. Þá myndi starfsmaðurinn gegna hlutverki persónuverndarfulltrúa fyrir einstök félög innan samtakanna, eftir gildistöku löggjafarinnar.

Umsóknarfrestur er til 29. september nk.
Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið eybjorg@samtok.is. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Hæfnis – og menntunarkröfur:
- Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi
- Að minnsta kosti þriggja ára starfsreynsla sem lögfræðingur skilyrði
- Reynsla af innleiðingu verkferla / regluverks æskileg
- Þekking á evrópurétti og/eða persónurétti æskileg
- Reynsla af lögmannsstörfum æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af verkefnastjórn æskileg
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið er hægt að nálgast hjá Eybjörgu Hauksdóttur framkvæmdastjóra SFV í s: 585-9531.

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

SFV eru hagsmunasamtök fyrirtækja sem starfa við velferðarþjónustu og eru sjálfseignarstofnanir, í eigu félagasamtaka, einkaaðila eða opinberra aðila.

Aðildarfélög SFV eru 42 talsins. Mörg aðildarfélaganna eru öldrunarstofnanir, en einnig fyrirtæki með aðra starfsemi eins og heimahjúkrun, áfengismeðferð, þjónustu við hreyfihamlaða o.fl.

Sjá nánar á heimasíðu samtakanna
www.samtok.is

TRÉSMIÐJA HEIMIS
Unubakka 3b • 815 Þorlákshöfn
Sími 483 3693 & 892 3742
tresmidjan@tresmidjan.is • www.tresmidjan.is

Rótgróið byggingafyrirtæki óskar eftir duglegum og stundvísum smiðum eða mönnum vönum byggingarvinnu. Mikil og örugg vinna.
Erum staðsett í Þorlákshöfn.

Allar nánari upplýsingar veita Heimir í síma 892 3742 og Gestur í síma 899 5443

Jói Fel BAKARÍ

ÓSKUM EFTIR AFGREIÐSLUFÓLK Í BAKARÍIÐ HJÁ JÓA FEL

Bakaríið hjá Jóa Fel óskar eftir að ráða afgreiðslufólk í fullt starf.
Unnið er á tvískiptum vöktum og aðra hvora helgi.
Um framtíðarstarf er að ræða.

Einnig vantar okkur afgreiðslufólk í hlutastörf um helgar.

STARFSKRÖFUR:
- Stundvísi, áreiðanleiki og góð þjónustulund.
- Íslenskukunnátta er skilyrði

Umsóknum skal skilað til Lindu á linda@joifel.is

Holtagarðar - Smáralind - Garðabær - Hringbraut
www.joifel.is

Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?

N1 óskar eftir að ráða kraftmikla og áreiðanlega vaktstjóra til starfa á þjónustustöðvar sínar víðsvegar um landið.

Helstu verkefni
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Stjórnun starfsmanna á vakt
- Vaktauppgjör
- Áfylling og þrif
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur
- 25 ára eða eldri
- Samskiptafærni
- Rík þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Þjónustustöðvar N1 eru líflegir vinnustaðir sem iða af mannlífi frá morgni til kvölds. Við erum með vel staðsettar þjónustustöðvar og verslanir ásamt fyrsta flokks bílaþjónustu og öflugri fyrirtækjaþjónustu sem gerir N1 að sterkri heild.

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hópi. Reynsla af störfum í verslun og þjónustu er kostur.

Kynntu þér málið og sæktu um á **www.n1.is** – merkt framtíðarstörf.

Framúrskarandi fyrirtæki

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

N1



KAFFIBARÞJÓNAR ÓSKAST

Í DAGVINNU OG HLUTASTARF

HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á KAFFI OG TE?

Te & Kaffi leitar að starfsfólki til að bætast í hóp okkar jákvæðu, duglegu og framúrskarandi kaffibarþjóna sem fyrir eru á kaffihúsunum okkar.

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu af þjónustustörfum og brennandi áhuga á öllu sem viðkemur kaffi og te.

Aldurstakmark er 18 ára.
Um framtíðarstarf er að ræða

Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 30. september 2017

TE & KAFFI

Te & Kaffi er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1984. Landsmenn þekkja Te & Kaffi af því frábæra kaffi og tei sem fyrirtækið hefur boðið upp á alla tíð. Í grunninn er kjarnastarfsemi fyrirtækisins framleiðsla á kaffi, í fullkomnustu kaffibrennslu landsins, og rekstur kaffihúsa sem eru tólf talsins.

www.teogkaffi.is

Seltjarnarnesbær
Laus störf

Leikskóli Seltjarnarness
- **Deildarstjóri á leikskóladeildina Holt í Seltjarnarneskirkju,** fullt starf.
- **Leikskólakennari,** fullt starf.
- **Leikskólaleiðbeinandi,** fullt starf.

Grunnskóli Seltjarnarness
- **Þroskaþjálfi,** fullt starf í skóla og frístundaheimili.
- **Stuðningsfulltrúar,** fullt starf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

Umsóknarfrestur er til 1. október næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Barnaverndarstofa

Starf sérfræðings á meðferðar- og fóstursviði

Barnaverndarstofa auglýsir eftir sérfræðingi til starfa á meðferðar- og fóstursviði stofunnar. Um er að ræða fullt starf sem felur meðal annars í sér:

- Samskipti og ráðgjöf við barnaverndarnefndir, fósturforeldra, meðferðaraðila á vegum Barnaverndarstofu og aðra fagaðila vegna skipulags og framkvæmdar þjónustu við börn í tilteknum úrræðum.
- Umfjöllun og afgreiðslu umsókna sem felur meðal annars í sér mat á upplýsingum barnaverndarnefnda og annarra fagaðila um umönnunar-/meðferðarþörf barna og viðeigandi þjónustu.
- Leiðbeiningar og gæðaeftirlit við gerð og framkvæmd meðferðarmarkmiða og -áætlana vegna barna á fóstur- eða meðferðarheimilum, m.a. börn sem glíma við alvarlega hegðunar- og/eða tilfinningaerfiðleika.

Menntun og reynsla:
- Krafa um meistarapróf eða sambærilegt próf af heilbrigðis- eða félagssviði.
- Krafa um þekkingu á sviði frávika í hegðun og þroska barna og unglinga, matsaðferðum, greiningarhugtökum og -tækjum og fjölbreyttum aðferðum í meðferðarvinnu með börnum og foreldrum.
- Þekking og reynsla af barnaverndarstarfi, sem og af gagnreyndum aðferðum í þjónustu við börn og fjölskyldur er æskileg.

Persónulegir eiginleikar:
- Mikilvægt er að búa yfir hæfni til að vinna skipulega, markmiðatengt og lausnarmiðað.
- Lögð er áhersla á góða samstarfshæfni, sveigjanleika og jákvætt viðhorf til skjólstæðinga og samstarfsaðila.
- Krafa um góða íslenskukunnáttu í rituðu og töluðu máli.
- Krafa um góða enskukunnáttu og æskileg kunnátta í einu Norðurlandamáli.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

Umsóknarfrestur er til og með 15. október n.k.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

— ÞJÓNUSTUSTJÓRI

BRENNUR ÞÚ FYRIR NÝJUSTU TÆKNI OG ÞJÓNUSTU?

Ljósleiðarinn er nútímalegur vinnustaður þar sem fagmennska og góður starfsandi er í fyrirrúmi.

Við leitumst við að vera í fremstu röð hvað varðar jafnrétti, öryggi, vinnuumhverfi og möguleikum til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð. Ljósleiðarinn býður upp á frábær verkfæri fyrir starfsmenn eins og háþróuð kerfi, snjalltæki, öpp og sjálfsafgreiðslu.

Sem þjónustustjóri yrðir þú hluti af teymi sem ber ábyrgð á tæknilegri þjónustu við viðskiptavini Ljósleiðarans. Þú myndir leiða og styðja við teymið, þróa þjónustuferla, veita tæknilega aðstoð og eiga samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila Ljósleiðarans.

Ef þú hefur **ástríðu fyrir tækni, leysir mál og og gengur í verkin**
þá viljum við heyra í þér.
Áhugi á fjarskiptum og menntun sem nýtist í starfi er kostur.

Við tökum á móti umsóknum á **ljosleidarinn.is** þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Umsóknarfrestur er til og með **2.október**.
Frekari aðstoð og upplýsingar veitir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu **starf@ljosleidarinn.is**.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

Ljósleiðarinn er vörumerki Gagnaveita Reykjavíkur þar sem fjölbreyttur hópur 60 starfsmenn auk ótal verktaka vinna saman að því að veita íslenskum heimilum og fyrirtækjum aðgengi að hágæða þjónustu á opnu aðgangsneti Ljósleiðarans.

LJÓSLEIÐARINN

SPENNANDI FRAMTÍÐARSTARF

ÖFLUGUR VÖRUFLOKKA-STJÓRI ÓSKAST

FYRIR VERKFÆRI

FAGMENNSKA - DUGNAÐUR
LIPURÐ - TRAUST

BYKO

Hjá okkur er öflugur hópur starfsmanna sem myndar sterka liðsheild.
Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi okkar og erum við ávallt að leita að góðu fólki

Starfssvið

Vöruflokkastjóri hefur heildaryfirsýn yfir þá vöruflokka sem hann hefur í sinni umsjá. Starfið felur meðal annars í sér innkaup á verkfærum, samskipti og samningagerð við innlenda og erlenda birgja, samskipti við verslanir, áætlanagerð og markaðssetningu. Vöruflokkastjóri ber ábyrgð á vöruþróunarmálum og verðlagningu.

Hæfniskröfur

Við leitum að öflugum, markaðsdrifnum og talnaglöggum einstaklingi með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni ásamt því að vera stundvís, jákvæður og heiðarlegur. Þekking á rafmagns- og handverkfærum er kostur ásamt menntun sem nýtist í starfi og almenn þekking á byggingavörumarkaði. Gott vald á ensku og tölvukunnátta er nauðsynleg.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Frekari upplýsingar veitir Sigríður Gröndal, framkvæmdastjóri Vörustjórnunarsviðs, á netfanginu sigridur@byko.is.
Sótt er um starfið á byko.is

Umsóknarfrestur er til 29. september.

Trésmíðaverkstæði óskar eftir smið eða laghentum manni í samsetningar á gluggum og hurðum.

Einnig ýmis tilfallandi störf .

Upplýsingar
í síma 894 3321

SG GLUGGAR OG ÚTIHURÐIR EHF
Smiðjuvegur 32 gul gata • 200 Kópavogur

BATTERÍIÐ | ARKITEKTAR

Ertu arkitekt með góða reynslu í skipulagi og vilt komast í góða vinnu – eða breyta til?

Ef svo er hafðu þá samband við Batteríið Arkitekta, ***netfangið sig.h@arkitekt.is*** og leggðu inn CV og portfolíó.

APÓTEK

Nýtt einkarekið Apótek í miðbæ Reykjavíkur leitar af réttu manneskjunni í fullt starf eða hlutastarf.
Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund, vera sjálfstæð(ur) í störfum og sveigjanleg(ur) varðandi vinnutíma.
Reynsla úr apóteki er æskileg sem og þekking á DK hugbúnaði. Góð ensku kunnátta eða annað erlent tungumál kostur. Lyfjatækninám kostur ekki skilyrði.

Helstu verkefni eru:
- Afgreiðsla í verslun
- Afhending lyfja gegn lyfseðli
- Þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina um lausasölulyf
- Pöntun, móttaka og frágangur á vörum

Viðkomandi þurfa að gera hafið störf fljótlega.
Vinsamlega sendið umsóknir á skuli@viridis.is

Viðskiptastjóri Meniga

meniga

Hefur þú brennandi áhuga á markaðsmálum, ert frábær að tengja við fólk og með metnað til að læra á nýjustu tækni í netmarkaðssetningu? Ef svo er gæti þessi staða verið fyrir þig.

Sem viðskiptastjóri hjá Meniga skipar þú lykilhlutverk í að koma nýjustu vörum og þjónustuleiðum Meniga til framsækinna viðskiptavina á Íslandi. Einstaklingar sem þú munt vera í samskiptum við eru:
- Sölu- og markaðsstjórar hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins
- Lykilstjórnendur lítilla- og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi

Í þessu starfi yrðir þú partur af vaxandi sölu- og markaðsteymi á Íslandi, sem hefur það markmið að stækka hóp núverandi viðskiptavina og vera fyrirmynd fyrir nýja markaði Meniga erlendis.

Starfslýsing:
- Sala og ráðgjöf til íslenskra fyrirtækja
- Utanumhald og uppbygging viðskiptatengsla við fjölbreyttan hóp fyrirtækja
- Þátttaka í þróun á nýjustu tækni á sviði markaðs- og sölumála
- Þátttaka í hugmyndavinnu og undirbúningi kynningarefnis

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustörfum og/eða ráðgjöf
- Góð þekking og/eða reynsla af markaðsgreiningum og markaðsstarfi
- Tölfræðiþekking og gagnalæsi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

Um er að ræða fullt stöðugildi á skrifstofu Meniga í Turninum Kópavogi.
Umsóknarfrestur er til og með 6.október og skulu umsóknir ásamt ferilskrá berast til **atvinna@meniga.is**

BÓKBINDARI

Óskum eftir bókbindara til starfa.
Upplýsingar gefur Margrét
í síma 544 4260
eða magga@prentt.is

Prenttækni

BYGGINGAR

Verkefnastjóri

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að stýra byggingarsvæði.
Æskilegt er að viðkomandi sé iðnmeistari eða með tæknimentun og reynslu af stjórnun vinnusvæðis.

Verkstjóri

Við leitum að duglegum einstaklingi til vinna við verstjórn á byggingarsvæði.
Farið er fram á reynslu af verkstjórn í byggingarvinnu.

Bókari

Leitum að starfsmanni í bókhald og almenna skrifstofuvinnu í ½ starf.

Upplýsingar veitir Kristinn í síma 699-7100
Netfang : kristinn@hhbyggingar.is

Atvinna

Set röraverksmiðja

Starfsmaður á kynningar og markaðssviði

Við leitum að liðtækum einstaklingi til starfa við kynningar- og markaðssvið fyrirtækisins. Um er að ræða framtíðarstarf við spennandi og fjölbreytt verkefni tengd kynningu fyrirtækisins á innlendum og erlendum markaði.

Helstu viðfangsefni starfsins eru:

- Uppsetning og hönnun á prentuðu kynningarefni.
- Innsetning og uppfærsla á efni fyrir vefsíðu.
- Þátttaka í kynningar- og markaðsstarfi fyrirtækisins.

Viðkomandi þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Kunnátta á Adobe Illustrator og Photoshop kerfin.
- Hafa góða þekkingu og reynslu af CMS kerfum á borð við Wordpress.
- Gott auga fyrir útliti og uppsetningu á texta og myndum.
- Sveigjanleiki og færni í samvinnu við aðra.
- Gott vald á bæði ritaðri og talaðri enskri og íslenskri tungu.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Ferilskrá.
- Ferilmappa með samantekt af fyrri verkum.
- Mynd af umsækjanda.

Áhugasamir sæki um fyrir 15. október nk. Eingöngu er tekið við umsóknum á vef Set; set.is/atvinna.
Set hefur vottað gæðakerfi skv. ISO 9001 og hefur hlotið viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki. Gott starfsumhverfi og mötuneyti er á staðnum.

set

Set ehf. | Eyravegur 41 | 800 Selfoss | Sími: 480 2700 | set@set.is | www.set.is

---

Þjónusturáðgjafi

Við hjá HEKLU leitum að hæfileikaríkum þjónusturáðgjafa til starfa í verkstæðismóttöku.

Starfssvið

- Samskipti við viðskiptavini
- Sala þjónustu og varahluta
- Skipulagning og frágangur þjónustuverka
- Uppgjör reikninga

Menntunar og hæfniskröfur

- Framúrskarandi þjónustulund
- Menntun sem nýtist í starfi
- Lausnamiðuð nálgun og hæfni í teymisvinnu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum er kostur

Yfir 150 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.

Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

Höfuðstöðvar HEKLU eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Dröfn Ámundadóttir, mannauðsstjóri í síma 590 5000 eða sigridur@hekla.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. október n.k. Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á sigridur@hekla.is eða fyllt út á www.hekla.is

HEKLA

---

limtrevirnet.is

Tæknifræðingur eða verkfræðingur óskast

Starfssvið

Hönnun á límtrésburðavirki fyrir byggingar.
Deilihönnun og teiknivinna fyrir límtréshús með steinullareiningum.
Þróunarvinna við hús með límtrésbitum og steinullareiningum.

Menntunar- og hæfniskröfur

Byggingatæknifræði B.Sc./Byggingaverkfræði M.Sc.
Þekking á teikni- og hönnunarforritum.
Þekking á teikniforritinu Revit Architecture er kostur.
Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
Frumkvæði og faglegur metnaður.

Umsókn

Starfsumsókn með ferilskrá skal senda á netfangið: sg@limtrevirnet.is fyrir 4. október.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður í síma 412-5390 og 617-5390.

2015 2016 Framúrskarandi fyrirtæki

LímtréVirnet

SAMSKIP

> Forstöðumaður hugbúnaðardeildar Samskipa

Samskip leita að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi til að veita hugbúnaðardeild Samskipa á Íslandi forstöðu.

Hugbúnaðardeild ber ábyrgð á framþróun og verkefnastjórnun verkefna tengdum upplýsingakerfum Samskipa og skilgreiningum á ferlum.
Forstöðumaður ber ábyrgð á gerð rekstraráætlana fyrir einingunna og fylgir þeim eftir með virku kostnaðareftirliti.
Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri einingarinnar þ.m.t. starfsmannamálum, eftirfylgni verkefna og samskiptum við viðskiptavini og birgja.
Forstöðumaður vinnur í nánu samstarfi við aðra stjórnendur fyrirtækisins og starfsmenn innan upplýsingasviðs Samskipa samstæðunnar. Forstöðumaður mun taka þátt í stefnumörkun og þróun á framtíðar upplýsingakerfum fyrirtækisins.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tölvunarfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfið
- Haldbær reynsla af rekstri og stjórnun
- Metnaður og frumkvæði
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ítarlegri ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu og eiginleika.

Sótt er um starfið á vef Samskipa, samskip.is. Umsóknarfrestur er til og með **1. október nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnar Þór Ragnarsson framkvæmdastjóri upplýsingasviðs, **ragnar@samskip.com**

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SÍA / NM84120

HEILBRIGÐ HÚS EHF

Óska eftir að ráða vana húsasmiði til starfa.

Fyrirtæki sinnir almennri smíðavinnu og sérhæfir sig í viðhaldi og viðgerðum inná heimilum og vinnustöðum.
Verkefnin eru mjög fjölbreytt og krefjandi.

Umsækjandi þarf að hafa sveinspróf í húsasmíði eða meistararéttindi, vera sjálfstæður í vinnubrögðum, metnaðarfullur og með áhuga á að auka við þekkingu sína.

Upplýsingar gefur Ágúst í síma 6998393.
Umsókn, ferilskrá og aðrar upplýsingar sendist á gustismidur@gmail.com

---

CURIO

Við fengum frábært fólk þegar við auglýstum síðast og nú vantar fleiri frábæra starfsmenn hjá Curio

Curio ehf. í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:

Lager- og innkaupastjóri

Starfssvið:

- Lagerhald, vöruskráning, innkaup og samskipti við viðskiptavini og birgja

Hæfniskröfur:

- Skipulagshæfni
- Stundvísi
- Vandvirkni
- Góð tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum

Rafvirki/rafvélavirki/rafeindavirki

Starfssvið:

- Uppsetningar, tengingar og viðgerðir á rafbúnaði véla Curio, ásamt öðrum almennum tilfallandi rafvirkjastörfum

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Góð tölvukunnátta
- Skipulögð vinnubrögð og metnaður til að skila góðri vinnu
- Þarf að geta unnið sjálfstætt
- Færni í mannlegum samskiptum

Tæknimenn í samsetningu:

Starfssvið:

- Samsetning, prófanir og viðhald á fiskvinnsluvélum

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf eða góð reynsla í málmiðnaðargreinum eða vélaviðhaldi
- Geta til að starfa í hópi sem og sjálfstætt
- Gerð er krafa um íslenskukunnáttu, stundvísi og vandvirkni í störfum
- Bílpróf er skilyrði og lyftarapróf er kostur

Við erum:
Curio ehf. er framsækið fyrirtæki í framleiðslu fiskvinnsluvéla fyrir innlendan og erlendan markað. Við smíðum okkar vélar frá grunni; allt frá smæstu íhlutum til þeirra stærstu. Hjá okkur eru lausnirnar aðalatriði, ekki vandamálin.

Við bjóðum upp á gott starfsumhverfi, sanngjörn laun og krefjandi en jafnframt skemmtilega vinnu.

Vinsamlegast skilið inn umsókn og ferilskrá á rafrænu formi til:
steinmar@curio.is
Allar nánari upplýsingar veitir Steinmar í síma 892 9865
Umsóknarfrestur er til 1. október 2017

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

---

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

We are hiring

Meniga is the European market leader of Personal Finance Management and next-generation digital banking solutions. We here at Meniga design products and apps that help people understand and improve their financial lives.

Visual Designer

Job description
In your role as a Visual Designer, your mission will consist to work on and simplify complex concepts through innovative and functional design solutions. You'll be working closely with the product team to come up with new ideas and iterate on our current features and work with extremely talented, ambitious and fun group of Menigans.

Responsibilities
- Work on the visual elements of our products in collaboration with the product and development teams.
- Work collaboratively across the Product and development teams, to ensure a consistent, integrated design perception and user experience.
- Take part and collaborate in our design sprints and ideations phase from beginning to end.
- Generate clear prototypes to help test and explain new ideas

Requirements
- Respectful communications and empathy.
- Working experience in product design.
- Proven UI design experience and a strong interest for world class UX.
- Expert level Sketch skills and other applicable design tools.
- Creative thinking, with the ability to execute initial concepts to final visual output.
- Understanding of all aspects of digital design, from screen sizes and pixels to accessibility and human-computer interaction.
- Knowledge in prototyping tools and applications such as InVision and Framer.js
- Experience working in a highly agile environment.
- Well organized, responsible and dedicated, with the ability to work on multiple projects and deliver refined design in a short time period.

Please apply before October 6th on our website: **Meniga.com/jobs**

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

KOKKUR – MATRÁÐUR

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins óska eftir að ráða matráð/kokk í fullt starf hluta úr ári til þess að sjá um rekstur veitingasölu og mötuneyti fyrir starfsfólk Bláfjalla. Um er að ræða mjög spennandi starf í líflegu umhverfi.

STARFSSVIÐ:

- Ábyrgð á rekstri veitingasölu Bláfjalla.
- Ábyrgð á innkaupum fyrir mötuneyti.
- Ábyrgð á verkstjórn.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri mötuneyta eða veitingastaða er skilyrði.
- Reynsla af starfsmannahaldi og verkstýringu er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisstarfi.
- Skipulagsfærni og hæfileiki til þess að vinna sjálfstætt.
- Geta unnið undir álagi.

Um er að ræða 100% starf hluta úr ári og er ráðningartímabil nóvember – maí ár hvert. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á Magnús Árnason, framkvæmdastjóra Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, á netfangið **magnus@skidasvaedi.is.** Nánari upplýsingar á sama netfangi eða í síma 892 1679. Umsóknarfrestur er til og með **9. október 2017.** Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

SKÍÐASVÆÐIN

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins eru rekin af 6 sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Starfsstöð starfsmanna er að öllu jöfnu í Bláfjöllum en einnig í Skálafelli. 25 km akstur er í Bláfjöll og Skálafell frá Reykjavík. 5 starfsmenn eru í fullu starfi allt árið hjá Skíðasvæðunum. Mikið er lagt upp úr góðum starfsanda og sveigjanleika í starfi.

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Grunnskólar

- Forfallakennari í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Salaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Kársnesskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Lindaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Vatnsendaskóla
- Kennari á yngsta stig í Vatnsendaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Kópavogsskóla
- Matreiðslumaður í Salaskóla
- Stuðningsfulltrúi í Vatnsendaskóla

Leikskólar

- Aðstoðarleikskólastjóri í Austurkór
- Deildarstjóri á Læk
- Deildarstjóri í Austurkór
- Leikskólakennari á Arnarsmára
- Leikskólakennari á Kópasteini
- Leikskólakennari á Marbakka
- Leikskólakennari eða starfsmaður á Læk
- Leikskólakennari í Austurkór
- Leikskólasérkennari á Baug
- Leikskólasérkennari á Kópahvol
- Leikskólasérkennari á Sólhvörfum
- Leikskólasérkennari í Austurkór
- Leikskólinn Núpur óskar eftir leikskólakennara
- Starfsmaður í skilastöðu á Núp

Umhverfissvið

- Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Kópavogsbæjar
- Verkstjóri hjá Vatnsveitu Kópavogsbæjar

Velferðarsvið

- Deildarstjóri á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmaður í félagslega heimaþjónustu
- Starfsmenn á vinnustofur fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

Verkefnastjóri

Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ leitar að verkefnastjóra til að þróa tvö ný verkefni.

Annars vegar er það verkefnið Tækifæri, þar sem unnið er með fólki á aldrinum 18 til 30 ára sem er án atvinnu og ekki í námi. Hins vegar Karlasmiðja sem veitir félagslega einangruðum eldri karlmönnum skjól. Um er að ræða tímabundið starf með mögulegri framlengingu/fastráðningu.

Helstu verkefni

- Virkjun félagslega einangraðra einstaklinga
- Samskipti við samstarfsaðila
- Þróun verkefna
- Vinna með sjálfboðaliðum
- Þátttaka og stuðningur við annað starf Rauða krossins í málaflokknum

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla af málefnum félagslega einangraðra einstaklinga
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfi með Rauða krossinum er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking og/eða reynsla af tómstundarstarfi er kostur
- Þekking og/eða reynsla af fjáröflun er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 5. október. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Karlar eru sérstaklega hvattir til sækja um.

Umsóknir sendist á Pál Daníelsson (palli@redcross.is) deildarstjóra Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ.

Rauði krossinn
Hafnarfirði og Garðabæ

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

SJÚKRAGÆSLA
SKÍÐASVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins óska eftir starfsmanni í hlutverk sjúkragæslu í fullt starf hluta úr ári. Um er að ræða mjög spennandi starf í líflegu umhverfi.

STARFSSVIÐ:

- Ábyrgð á fyrirbyggjandi slysaaðgerðum í skíðabrekkum, snjóflóðamati.
- Ábyrgð á samskiptum við sjúkraflutningafólk ef um slys er að ræða.
- Umsjón með aðhlynningu og flutningi slasaðra úr fjalli.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla og menntun í sjúkraflutningum er mikill kostur.
- Reynsla af björgunarsveitastörfum er kostur.
- Skíðakunnátta er skilyrði.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisstarfi.
- Skipulagsfærni og hæfni til þess að vinna sjálfstætt.

Um er að ræða 100% starf hluta úr ári og er ráðningartímabil desember – maí ár hvert. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á Magnús Árnason, framkvæmdastjóra Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, á netfangið **magnus@skidasvaedi.is**. Nánari upplýsingar á sama netfangi eða í síma 892 1679. Umsóknarfrestur er til og með **9. október 2017.** Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

SKÍÐASVÆÐIN

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins eru rekin af 6 sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Starfsstöð starfsmanna er að öllu jöfnu í Bláfjöllum en einnig í Skálafelli. 25 km akstur er í Bláfjöll og Skálafell frá Reykjavík. 5 starfsmenn eru í fullu starfi allt árið hjá Skíðasvæðunum. Mikið er lagt upp úr góðum starfsanda og sveigjanleika í starfi.

Verkefnastjóri á Þjónustusvið

Ríkiskaup óska eftir að ráða verkefnastjóra í fullt starf á Þjónustusvið. Starfið er fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavini Ríkiskaupa.

Meðal helstu verkefna eru:

- Ráðgjöf og greining á þörfum og markmiðum fyrir útboð og innkaup opinberra stofnana og fyrirtækja
- Gerð útboðsgagna – stjórnun útboðsferla
- Samskipti vegna markaðsverkefna
- Áætlana- og samningsgerð
- Verkefna- og samningsstjórnun
- Fræðsla og miðlun upplýsinga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun (180 ECTS einingar eða sambærilegt), sem nýtist í starfi
- Æskileg er 3-5 ára reynsla af sambærilegum störfum
- Þekking á innkaupum og reynsla af verkefnastjórnun er kostur

Leitað er að einstaklingi sem er agaður, sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði og er fær um að tjá sig í ræðu og riti. Tungumálakunnátta auk íslensku er að lágmarki enska og eitt Norðurlandamál.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. **Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnar Davíðsson, forstöðumaður Þjónustusviðs í síma: 530 1419 eða á netfanginu: ragnar.davidsson@rikiskaup.is.**

Áhugasamir leggi inn umsókn í afgreiðslu Ríkiskaupa eða sendi póst á ofangreint netfang fyrir eigi síðar en 9. október n.k.

Ríkiskaup er ráðgjafar- og þjónustustofnun sem veitir opinberum stofnunum og fyrirtækjum almenna þjónustu og ráðgjöf á sviði innkaupa. Ríkiskaup annast framkvæmd útboða, innkaupa, rammasamninga og eignasölu fyrir opinbera aðila. Ríkiskaup leggja metnað sinn í að ætíð séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju. Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar

FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI FYRIR ÁRIÐ 2018

Framkvæmdasjóðurinn styrkir verkefni á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga jafnt sem einkaaðila sem uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

1. Verkefnið er til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru ferðamannastaða.
2. Verkefnið er til framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og náttúruvernd.
3. Verkefnið er til undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna framkvæmda á ferðamannastöðum skv. liðum 1. og 2.

Sérstök áhersla er lögð á fjölgun viðkomustaða ferðamanna

Í úthlutuninni er lögð áhersla á styrkumsóknir sem miða að því að fjölga viðkomustöðum ferðamanna, dreifa þar með álagi af ferðamönnum og efla ferðamennsku á minna sóttum svæðum. Gæðamat sjóðsins mun taka mið af þessari áherslu og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér nýtt gæðamatsblað sjóðsins sem liggja mun fyrir á heimasíðu Ferðamálastofu, ***www.ferdamalastofa.is/umsoknir***, á umsóknartíma.

Breytingar á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

1. júlí síðastliðinn tóku gildi breytingar á lögum nr. 75/2011 og var ný reglugerð nr. 782/2017 sett í kjölfarið. Umsækjendur er hvattir til að kynna sér efni þeirra.

Frekari upplýsingar má sjá á *www.ferdamalastofa.is/umsoknir*.

Hvar ber að sækja um:

Umsóknum er skilað rafrænt í gegnum Þjónustugátt Ferðamálastofu sem aðgengileg er á ***www.ferdamalastofa.is/umsoknir*** og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um umsóknarferlið.

Umsóknarfrestur:

Umsóknarfrestur er frá og með 25. september til miðnættis 25. október 2017.
Umsóknir sem berast eftir það eru ekki teknar gildar.
Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535-5500 eða með netpósti:
framkvaemdasjodur@ferdamalastofa.is.

PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500
Hafnarstræti 91 | 600 Akureyri | Sími 535 5500

APÓTEK

Nýtt einkarekið Apótek í miðbæ Reykjavíkur leitar af réttu manneskjunni í fullt starf eða hlutastarf.
Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund, vera sjálfstæð(ur) í störfum og sveigjanleg(ur) varðandi vinnutíma. Reynsla úr apóteki er æskileg sem og þekking á DK hugbúnaði. Góð ensku kunnátta eða annað erlent tungumál kostur. Lyfjatækninám kostur ekki skilyrði.

Helstu verkefni eru:
- Afgreiðsla í verslun
- Afhending lyfja gegn lyfseðli
- Þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina um lausasölulyf
- Pöntun, móttaka og frágangur á vörum

Viðkomandi þurfa að gera hafið störf fljótlega.
Vinsamlega sendið umsóknir á skuli@viridis.is

LAUS STÖRF
FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

Fjölskylduþjónusta
» Ráðgjafi í málefnum hælisleitenda
» Stuðningsfulltrúi – Frístundaklúbburinn Kletturinn

Grunnskólar
» Myndmenntakennari – Áslandsskóli
» Sérkennari – Áslandsskóli
» Stuðningsfulltrúi – Áslandsskóli
» Skólaliði – Hraunvallaskóli
» Stuðningsfulltrúi – Hraunvallaskóli
» Stuðningsfulltrúi í Hraunsel – Hraunvallaskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi – Hraunvallaskóli
» Þroskaþjálfi – Hraunvallaskóli
» Umsjónarmaður fasteigna – Hvaleyrarskóli
» Stuðningsfulltrúi – Lækjarskóli
» Stuðningsfulltrúi í Krakkabergi – Setbergsskóli
» Frístundaleiðbeinandi – Víðistaðaskóli
» Skólaliði – Víðistaðaskóli

Leikskólar
» Leikskólakennari tímabundið starf – Álfaberg
» Leikskólakennari – Álfasteinn
» Deildarstjóri – Hlíðarberg
» Leikskólakennari – Hörðuvellir
» Leikskólakennari – Stekkjarás
» Leikskólakennari – Vesturkot

Málefni fatlaðs fólks
» Næturvaktir á heimili fatlaðs fólks á Hverfisgötu
» Starf á heimili fatlaðs fólks í Setberginu

Sundstaðir
» Sundlaugarvörður við Ásvallalaug

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

ÚTBOÐ

Hlíðarþúfur hesthúsahverfi
Losun og keyrsla hrossataðs

Umhverfis og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar óskar eftir tilboðum í losun taðþróa við hesthúsahverfið Hlíðarþúfur og keyrslu á því efni í uppland Hafnarfjarðar.

Gerður verður samningur til eins árs með möguleika á framlengingu. Áætlað magn á ári er 2500 m³.

Útboðsgögn má nálgast í afgreiðslu umhverfis og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar að Norðurhellu 2 frá og með 25. september.

Tilboð verða opnuð 3. október kl. 10:00 á Norðurhellu 2.

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÚTBOÐ

ARNARHVOLL – AUSTURHLUTI
Endurbætur og breytingar innanhúss í Arnarhvoli
ÚTBOÐ NR. 20614

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytisins óskar eftir tilboðum í verkið „Arnarhvoll – austurhluti – endurbætur og breytingar innanhúss. Í Arnarhvoli er fjármála- og efnahagsráðuneytið til húsa. Útboðsverk nær til endurinnréttinga á kjallara, 1. 2. og 3. hæð í austurálmu hússins, alls um 1620 m2.

Verkið skal vinna í 3. áföngum, verklok eru í apríl 2019.

Saga þarf steyptar plötur á hæðum og koma fyrir stálstyrkingum, einnig þarf að stækka hurðarop á hæðum. Fræsa þarf í einangraða útveggi og steypta innveggi fyrir lögnum og raflögnum. Byggja á nýja létta innveggi og loft. Nýir innveggir eru ýmist gifsveggir eða glerveggir með timburhurðum úr eik.

Loft eru ýmist einangruð og dúkklædd, gifsloft eða kerfisloft og lýsing er innfelld í loft og raufar meðfram veggjum. Gólfefni er stafaparket úr eik og flísar á snyrtingum, stigar verða teppalagðir og gólf í kjallara dúkalögð. Innréttingar eru smíðaðar úr eik. Hurðir í snyrtingum eru hvítlakkaðar. Sólbekkir, gluggaáfellur og gerrekti eru endurnýjuð.

Allar neysluvatnslagnir, loftræsi- og raflagnir eru endurnýjaðar. Setja þarf nýtt loftræsi- og útsogskerfi í húsið og nýjar loftræsilagnir sem ýmist eru tengdar við nýja loftræsisamstæðu eða lagnir sem tengdar eru við eldri loftræsisamstæðu. Ný lýsing er sett í allt húsnæðið.

Helstu magntölur eru:

Steinsteypusögun	220 m
Kjarnaborun gata	90 stk
Stálstyrkingar og járnbending	1300 m
Nýir ofnar	108 stk
Kantaðir blikkstokkar	3000 kg
Glerjaðir innveggir og glerskilrúm	215 m2
Gifsloft	410 m2
Loftakerfi	165 m2
Einangruð og dúkklædd loft	1000 m2
Sandsparstlaðir veggfletir og loft	1020 m2
Málaðir veggfletir og loft	3035 m2
Flotun gólfa	1400 m2
Parketlagðir gólffletir	1250 m2

Verkinu skal vera að fullu lokið í apríl 2019.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með **þriðjudeginum 26. september 2017.** Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum, **þriðjudaginn 10. október 2017** kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

ÚTBOÐ
Knattspyrnuhúsið Kórinn

Endurnýjun á gervigrasi

Kópavogsbær auglýsir eftir tilboðum í endurnýjun á gervigrasi í knattspyrnuhúsinu Kórnum.
Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES)

Lýsing á útboði:
- Útvegun og fullnaðarfrágangur gervigrass án púða á núverandi knattspyrnuvöll í Kórnum í Kópavogi.
- Rifi á núverandi gervigrasmottu og frágangi til geymslu utanhúss.
- Rifi og förgun á innfyllingu núverandi gervigrass.

Helstu kennitölur eru:
Nýtt gervigras og rif heildarkerfis og förgun innfyllingar á núverandi yfirborði
- Flatarmál knattspyrnuvallar, 71x108m: 7.670m2

Upphaf verks er 4. desember 2017. Heildarverki skal að fullu lokið eigi síðar en 15. janúar 2018.

Útboðsgögnin eru afhent rafrænt og skulu þeir, sem óska eftir útboðsgögnum fyrir verkefni þetta, senda tölvupóst á netfangið utbod@kopavogur.is, frá og með mánudeginum 25.september nk. Í tölvupósti skal koma fram nafn tengiliðs vegna útboðsins, símanúmer, netfang og nafn fyrirtækis.

Tilboð skal hafa borist í þjónustuver Kópavogs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur fyrir kl. 11.00 mánudaginn 30. október 2017. Og verða þau þá opnuð í viðuvist þeirra bjóðenda er þar mæta.

Kópavogsbær
kopavogur.is

MOSFELLSBÆR 30 1987-2017

Tillaga að deiliskipulagi Langihryggur í Mosfellsdal:

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirtalda tillögu að deiliskipulagi.

Langihryggur í Mosfellsdal

Um er að ræða nýtt deiliskipulag. Hugmyndin gengur út á að reisa einskonar "víkingaveröld" sem gæfi innsýn í það umhverfi sem menn bjuggu við á þjóðveldisöld (11. og 12. öld). Á lóðinni er gert ráð fyrir að rísi m.a. þjóðveldisbær, smiðja, stafkirkja, fjós og þingbúðir og ýmis konar önnur mannvirki, allt í fornum stíl.

Ofangreind tillaga verður til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 25. september 2017 til og með 6. nóvember 2017, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér hana og gert við hana athugasemd. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni:

mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 6. nóvember 2017.

23. september 2017,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Nánari upplýsingar veitir
Hlynur Halldórsson,
Löggildur fasteignasali
s. 698-2603

STRANDGATA 19B
Nýbygging í hjarta Hafnarfjarðar.

Hraunhamar kynnir nýbyggingu í hjarta Hafnarfjarðar.

Tvær 3ja herbergja íbúðir við Strandgötu 19B í miðbæ Hafnarfjarðar, íbúðirnar eru 79,1 fm og hinsvegar 93,8 fm með sérinngangi og gólfefnum. Þær eru óvenju bjartar með gluggum í þrjár áttir. Vandaðar innréttingar og tæki. Frábær staðsetning.

Til afhendingar við kaupsamning.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820

LANDMARK SMÁRINN

Sameinumst og eflum liðsheild með aukinni reynslu og þekkingu

HLÍÐASMÁRA 2 // KÓPAVOGUR // SÍMI 512 4900 // LANDMARK@LANDMARK.IS // WWW.LANDMARK.IS

HLÍÐARBRAUT 6 – 220 HAFNARFJÖRÐUR

OPIÐ HÚS SUNNUDAG 24. SEPT. KL. 15:00-15:30

- Efri sérhæð á frábærum útsýnisstað í Hafnarfirði
- Eignin er alls 188.4 fm með bílskúr
- 4 herbergi, rúmgóðar stofur og herbergi
- Eignin er nokkuð endurnýjuð og lítur hús vel út
- Skjólgóðar verandir vestan við hús
- Bílskúr er með baðherb. og sturtuaðstöðu
- **V. 65.9 millj.**

DRAUMAHÆÐ 8 – 210 GARÐABÆ

OPIÐ HÚS SUNNUDAG 24. SEPT. KL. 16:00-16:30

- Vel skipulagt 150 fm endaraðhús
- 4 svefnherb., 2 baðherb.
- Viðhaldslítill og skjólgóður garður
- Innbyggður bílskúr
- Suður-svalir, gott útsýni
- VERULEGA SNYRTILEG EIGN
- **V. 79.9 millj.**

Fasteignamiðlun
Atvinnueign

577 5500 - Síðumúla 13, 108 Rvk. - www.atvinnueign.is

Olsen Olsen veitingahús

Til sölu rekstur veitingahússins Olsen Olsen í Reykjanesbæ. Staðurinn er vel tækjum búinn í um 180fm húsnæði á mjög góðum stað í miðbæ Reykjanesbæjar m.a í nálægð við nokkur hótel. Veitingahúsið er með vínveitingaleyfi. Tilboð óskast.

Nánari upplýsing veitir:
Halldór Már viðskiptafr. lögg. fasteignasali í síma 898 5599 -halldor@atvinnueign.is

Fasteignir til sölu á Ásbrú

AÐALTRÖÐ 4

Stærð: 391 m²
Byggt: 1960
Tegund: Atvinnuhúsnæði
Húsinu fylgir 2.626 m² lóð
Fasteignamat: 9.450.000 kr.

Eignin verður til sýnis mánudaginn 25. september næstkomandi milli kl. 13-15. Tilboð óskast eigi síðar en kl. 11 föstudaginn 29. september. Nánari upplýsingar á **kadeco.is**

Á innan við áratug hefur byggst upp á Ásbrú, fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll, þróttmikið og litríkt samfélag með öfluga menntastofnun, fjölda spennandi fyrirtækja, gróskumikla nýsköpun og blómstrandi mannlíf. Hröð uppbygging í gagnaveraiðnaði og örþörungarækt, ásamt nálægð við Keflavíkurflugvöll gera Ásbrú að góðu vaxtarsvæði til framtíðar.
Þú getur skoðað allar eignir sem félagið hefur til sölu á kadeco.is

Kadeco®
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.kadeco.is



PIPAR\TBWA\SÍA

Háaleitisbrautar 113

íbúð 303

OPIÐ HÚS
sunnud. 24.okt. kl.14:00-15:00

Stórglæsileg og falleg 4-5 herbergja íbúð á þriðju hæð - 100,9 fm
Gott skipulag, íbúðar fm nýtast vel
Íbúðin var yfirfarin og endurnýjuð 2016
Þvottahús innan íbúðar
Bílskúrsréttur fylgir eigninni
Góð aðstaða fyrir börn
Frábær staðsetning

Verð: **44,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

TIL SÖLU

200 km frá Reykjavík

HÓTEL BJARKALUNDUR

- í fögru og stórbrotnu umhverfi á sunnanverðum Vestfjörðum

Nánari upplýsingar
Karl Jónsson
Sími 896 2822

HÓTEL

19 tveggja til þriggja manna herbergi, stór veitingasalur/veislusalur, veitingasala, setustofa, bar, sjoppa, verslun, salernisaðstaða fyrir ferðafólk, fullbúið eldhús með öllum búnaði.

6 SMÁHÝSI

6 fullbúin 20 m². smáhýsi.

ÞJÓNUSTUSKÁLI OG TJALDSVÆÐI

Salernis-,eldunar og sturtuaðstaða. Góð aðstaða fyrir tjaldgesti, hjólhýsi og húsbýla. Heitt og kalt vatn. Rafmagnsinnstungur á tjaldstæði. Leiktæki fyrir börn.

VEIÐI

Berufjarðarvatn sem er ca. 15 hektarar er inn á landareigninni. Góð veiði í vatninu og aðstaða fyrir báta.

STÓR JÖRÐ

Landareignin er samtals 58,5 hektarar, þar af er Berufjarðarvatn 15. hektarar. Mikið og fjölbreytt fuglalíf er við vatnið.
Jörðin er mjög falleg og gróðursæl með miklu landslagi.
Margar fallegar gönguleiðir.



Til sölu Hótel Bjarkalundur og tilheyrandi eignir ásamt 58,5 hektara jörð á einum fallegasta stað landsins, margar náttúruperlur eru í nánasta umhverfi.
Fasteignir á landareigninni eru alls 9 talsins, samtals 1.015 fm. og skiptast í hótel, þjónustumiðstöð, 6 smáhýsi og starfsmannahús.
Samtals gistirými er fyrir yfir 50 manns og miklir stækkunarmöguleikar.
Hótelið býður uppá fjölbreytta möguleika. Stórt bílaplan er við hótelið til að taka á móti stórum rútum. Hótel Bjarkalundur stendur við þjóðveginn aðeins 200 km. frá Reykjavík.
N1 rekur bensínstöð á staðnum.

Hér er um að ræða einstakan og verðmætan möguleika fyrir réttan aðila.

Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312

LANDMARK SMÁRINN

Sameinumst og eflum liðsheild með aukinni reynslu og þekkingu

HLÍÐASMÁRA 2 // KÓPAVOGUR // SÍMI 512 4900 // LANDMARK@LANDMARK.IS // WWW.LANDMARK.IS

OPIÐ HÚS



BÆJARGATA 11-19

GLÆSILEG RAÐHÚS Á EINSTÖKUM ÚTSÝNISSTAÐ Í GARÐABÆ

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 25. SEPTEMBER KL. 17:30 TIL 18:00

Húsin eru 207 til 215 fm á tveimur hæðum með glæsilegt útsýni yfir Urriðavatn og Setbergslandið. Aukin lofthæð á efri hæð og einnig í bílskúrum. Húsunum verður skilað rúmlega tilbúnum til innréttinga. Þau eru einangruð utan við burðarvegg, klædd með áli og harðviði.

Verð 81,9 millj til 84,9 millj.

Glæsileg sumarhús til sölu

Langanes 7, glæsilegt sumarhús um 5 km fyrir vestan Hvolsvöll, rétt við Rangá. Sannkallaða glæsivillu. Húsið selst með öllu innbúi.

Um er að ræða sumarhús af vönduðustu gerð. Það er fjögurra herbergja og selst með öllum búnaði. Húsið er sérstaklega hljóðeinangrað milli herbergja og hurðir eru það einnig. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og þrjú baðherbergi. Í tveimur herbergjum er gengið úr herbergi inn á bað og þaðan er hægt að ganga út á verönd. Eitt herbergi er með baði handan við ganginn og er einnig hægt að ganga út úr því út á verönd.

Langanes 8.

Glæsilegt sumarhús sem hannað er sem lúxushús með þremur svefnherbergjum og þremur baðherbergjum. Hægt er að ganga út á verönd úr baðherbergjunum. Innra skipulag hússins býður upp á góða nýtingu á rýminu. Húsið er á byggingastigi 4.

Nánari upplýsingar veitir
Jósep Grímsson löggiltur fasteignasali
s. 863-1126, josep@fastgraf.is

FASTEIGNASALAN GRAFARVOGI
Hverafold 1-3 | www.fastgraf.is

450 FASTEIGNASALA

450 Fasteignasala ehf. kt. 620900-2490
Engjateigur 9, 105 Reykjavík - 450@450.is

Þorragata 7

Glæsileg eign með einstöku útsýni og bílskúr. Opið hús miðvikudaginn 27 september milli kl. 17.00 – 18.00. Íbúð 0503.

Íbúðin 130,8 fm, er á 5 hæð (efstu) bílskúr, 19 fm, innbyggður fylgir og innangegnt í hann úr sameign.
Massíft parket á gólfum í stofum og herbergi. Kamína í stofu. Einstakt útsýni í suður og vestur. Sólstofa og suðursvalir. Sér þvottahús. Húsvörður í húsinu.
Öll sameign til fyrirmyndar að utan sem innan. Hús klætt að utan og viðhaldslétt. Aðeins má selja þeim sem að eru 63 ára og eldri. Falleg eign á efstu hæð í vönduðu fjölbýlishúsi með einstöku útsýni.
Verð 83.5 milljónir.

Upplýsingar um eignina veita Bárður H. Tryggvason í s: 896-5221 eða á bardur@450.is eða Erlendur Davíðsson lögg.fast. S: 450-0000 eða erlendur@450.is

Sími 450-0000 | Engjateigur 9, 105 Reykjavík | 450@450.is | kt. 620900-2490

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

Sóltún 1-3

Aðeins **8** íbúðir eftir af 44

OPIÐ HÚS
sunnudaginn 24.sept. kl.16:00-18:00

Öryggis- og þjónustuíbúðir

2-4 herbergja að stærð 76-140 fm

Aðgengi að þjónustu - heimaþjónusta, heimahjúkrun, félagsstarf, heilsuefling og matur í hádeginu

Afhending við kaupsamning, íbúðirnar fullbúnar með gólfefnum

Yfirbyggðar suður svalir

Eigið bílastæði í upphitaðum lokuðum bílakjallara

Íbúðir fyrir +60 ára sem vilja búa miðsvæðis og aðgang að þjónustu

MIKLABORG

www.miklaborg.is 5697000

Nánari upplýsingar veita:

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272
axel@miklaborg.is

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Herbergi	Stærðir frá	Verð frá
2	78,1 fm	**53,3 millj.**
3	96,2 fm	**59,2 millj.**
4	111,9 fm	**68,6 millj.**

TRAUSTI fasteignasala

VIÐ ERUM TRAUSTI

Kristján Baldursson
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

Hákon Guðmundsson
Aðstoðarmaður fasteignasala.
S: 861-9240

Einar P. Pálsson
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392

Guðbjörg Matthíasdóttir.
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984

Sólveig Regína Biard
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 869-4879

Bryndís Bára Eyjólfsdóttir
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

Bára Daníelsdóttir
Skrifstofustjóri
S: 693-1837

Gylfi Jens Gylfason
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124

Garðar Kjartansson
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779

Njörvasund 17 – 104 Reykjavík

Inngangur baka til

Opið hús mánudaginn 25. september
kl. 12:30 – 13:00

Nýuppgerð og björt 2ja herb. 33 fm. íbúð á jarðhæð. Búið er að endurnýja raflagnir, vatnslagnir, ofna, innihurðir og gluggar uppgerðir. Nýtt gler í íbúðinni og gólfefni. Eignin er laus við kaupsamning.

Verð: 22,9 millj.

Njálsgata 17 - 101 Reykjavík

Opið hús þriðjudaginn 26. september
kl. 17:30 – 18:00

102,3 fm. einbýli á þremur hæðum á besta stað í miðbæ Reykjavíkur. Skv. teikningum eru tvö góð svefnh. en í dag er stofu skipt í tvö herbergi svo svefnh. eru fjögur talsins. Eignin hefur verið nýtt til leigu stakra herbergja með góðum árangri.

Verð: 52,9 millj.

Fannafold 180 – 112 Reykjavík

Opið hús þriðjudaginn 26. september
kl. 17:30 – 18:00

Rúmgott og bjart 4ra herb. 160,5 fm.parhús með bílskúr. Geymsluloft yfir allri eigninni. Skjólgóð suðvestur verönd frá stofu og fallegur sérgarður.
Stór hellulögð innkeyrsla. Húsið hefur fengið gott viðhald í gengum árin.

Verð: 64,9 millj.

Háaleitisbraut 49 - 105 Reykjavík

Opið hús miðvikudaginn 27. september
kl. 17:00 – 17:30

Rúmgóð og björt 3ja herbergja íbúð á jarðhæð. Eignin er skráð alls 93,4 fm. þar af er íbúðin 88,2 fm. og geymsla 5,2 fm. Frábær staðsetning í rólegum botnlanga miðsvæðis í Reykjavík. Mjög snyrtileg sameign.

Verð: 38,5 millj.

Kambsvegur 7 – 104 Reykjavík

Opið hús miðvikudaginn 27. september
kl. 17:45 – 18:15

Bjart og fallegt tvíbýlishús á tveimur hæðum. Eignin er skráð 220,4 fm. þar af er 38,2 fm. bílskúr. Húsið er vel skipulagt og með fallegu útsýni frá efri hæð. Hefur fengið gott viðhald og endurnýjun.

Verð: 67,9 millj.

Hjallavegur 8 - 104 Reykjavík

Opið hús miðvikudaginn 27 sept.
kl. 17.30 – 18:30

Raðhús með þremur íbúðum. Eignin er samtals 198,1 fm. þar af er 40 fm. bílskúr sem innréttaður hefur verið sem íbúð. Samkvæmt núverandi skipulagi er eigninni skipt í 3 íbúðir. Góðar leigutekjur. Íbúðirnar eru 2ja - 5 herb. Allt innbú sem er til staðar og leigubókanir frá afhendingardegi fylgir með kaupum.

Verð: 95 millj.

Suðurgata 6 – 580 Siglufjörður

Reisulegt verslunar- og íbúðarhús.
Eign sem býður upp á mikla möguleika. Góðar leigutekjur eru af húsinu í dag og möguleiki á auknum leigutekjum. Húsið er skráð 465 fm. og skiptist í 3 verslunarrými, 3 herb. íbúð, íbúð í risi (rúmlega fokhelt) og bílskúr.

Verð: Tilboð

Karlagata 24 – 105 Reykjavík

Mikið endurnýjuð 24,9 fm. ósamþykkt stúdíóíbúð í kjallara á góðum stað. Íbúðin hefur öll verið tekin í gegn sem og stigagangur og þvottahús í sameign. Geymsla fylgir eigninni.

Verð: 18,5 millj.

Guðnýjarbraut 12 – Innri Njarðvík

Vel staðsett 706,9 fm sjávarlóð með útsýni yfir allan Faxaflóa og Snæfellsjökul. Gert er ráð fyrir 258 fm. bjálkahúsi skv. teikningum. Búið er að steypa fyrstu hæðina. Stutt er í alla þjónustu svo sem skóla, leikskóla og verslun. Allur frágangur götu og nánasta umhverfis er lokið.

Verð: 15,9 millj.

Guðnýjarbraut 14 – Innri Njarðvík

Vel staðsett 737 fm. sjávarlóð með útsýni yfir allan Faxaflóa og Snæfellsjökul. Stutt er í alla þjónustu svo sem skóla, leikskóla og verslun. Allur frágangur götu og nánasta umhverfis er lokið.

Verð: 7,9 millj.

VILTU KAUPA FASTEIGN Á SPÁNI?

Kynning í **REYKJAVÍK**

23. og 24. september á CENTERHOTEL PLAZA

Komdu og spjallaðu við okkur á

Centerhotel Plaza

Aðalstræti 4 – 101 Reykjavík

23. og 24. september

Frá kl. 10:00 til 17:00

medland SPAIN

www.medlandspann.is

TERRA
NOVA
100%
VEGAN
&
HREIN BÆTIEFNI
BEETROOT JUICE
CORDYCEPS & REISHI
VITAMIN D3
ANTIOXIDANT
NUTRIENT
COMPLEX
MAGNIFOOD
Life
DRINK
227g
(unflavoured)
Naturally
good health
Product Awards 2016
WINNER
Best Supplement
www.naturallygoodhealth.ie
Terranova bætiefni fást í flestum apótekum, Heilsuhúsinu,
Gló og í Heilsuvörudeild Nettó.

Tók við 3 frökkum af pabba

Stefán Úlfarsson matreiðslumaður hefur tekið yfir rekstur á veitingahúsi föður síns, Úlfars Eysteinssonar, Þremur frökkum. Stefán segir að matarsmekkur fólks sé öðruvísi á sumrin en haustin.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Veitingahúsið Þrír frakkar verður 30 ára eftir tvö ár. Úlfar og Stefán, sonur hans, hafa lagt áherslu á að gestir geti alltaf gengið að sínum réttum. „Ef við tökum einhvern rétt af matseðli er stöðugt spurt um hann," segir Stefán. „Plokkfiskurinn okkar hefur verið mjög vinsæll og við gerum honum alltaf hátt undir höfði. Í gamla daga voru settir afgangar í plokkfisk en hjá okkur er ekkert til sparað og eingöngu eðalhráefni notað. Plokkfiskur er stolt íslensku húsmóðurinnar og við eigum marga fastagesti sem koma reglulega til að smakka á honum. Við klæðum plokkfiskinn í kjólföt," segir Stefán sem var alltaf ákveðinn í að verða kokkur eins og pabbinn. Nú er sonur Stefáns í læri hjá honum. Kokkastarfið gengur því mann fram af manni í þessari fjölskyldu. „Ég er alinn upp í eldhúsinu og matargerðin hefur alltaf verið líf mitt og yndi. Faðir minn varð sjötugur fyrir stuttu en hann hefur ekki tekið sér sumarfrí í sextán ár, það var kominn tími til að hann færi að slaka á. Hann kemur þó alltaf til okkar, annað hvort til að heilsa upp á kunnuglega gesti eða hjálpa til í eldhúsinu. Hann hefur glímt við erfið veikindi en er á batavegi og getur farið að njóta lífsins," segir Stefán en Þrír frakkar eiga stóran hóp fastagesta í hádeginu. „Á kvöldin er meira um erlenda ferðamenn. Einnig er algengt að íslenskir viðskiptamenn komi með erlenda gesti sína."

Góð stemming í sláturgerð

Stefán er alinn upp við slátur og sláturgerð. „Slátur er góður matur. Þegar amma mín var á lífi var fjölskyldunni hóað saman í sláturgerðina. Allir hjálpuðust að við að sauma vambir og allt var hakkað í handsnúinni hrærivél. Amma hrærði blönduna í stórum bala. Það eru góðar minningar frá þessum tíma og mikil stemming sem myndaðist. Þetta voru skemmtilegar samverustundir. Svo hittist fjölskyldan aftur til að skera út laufabrauð fyrir jólin," segir Stefán. „Við erum ekki með slátur á matseðlinum okkar en bjóðum stundum upp á forréttabakka með lifrarpylsu, súrum hval og þess háttar. Það er eiginlega smakk fyrir útlenda gesti. Við leggjum mikla áherslu á að bjóða íslenskan mat úr okkar eigin náttúru."

Stefán segir að á fyrstu árum Þriggja frakka hafi Íslendingar ekki pantað sér fisk á veitingahúsum. „Þeir fengu nóg af soðningunni heima hjá sér. Við þóttum framúrstefnulegir að vera með sjávarréttastað. Við fundum strax áhuga erlendra ferðamanna á íslenska fiskinum. Eftir að hinn kunni matreiðslumaður Anthony Bourdain gerði þátt um okkur fundum við verulega aukinn áhuga hjá útlendingum á að fá sér plokkfisk," segir Stefán sem gefur hér uppskrift að vinsælum haustrétti, kótelettum í raspi. „Þetta er gríðarlega vinsæll réttur. Við erum alltaf með nokkra kjötrétti á matseðlinum, lambakjöt, hvalkjöt, svartfugl, lunda og hrossalundir svo eitthvað sé nefnt."

Stefán Úlfarsson matreiðslumaður hefur tekið við rekstri á Þremur frökkum af föður sínum. MYND/EYÞÓR

Kótelettur í raspi er uppáhaldsmatur margra. Það er einfalt að útbúa þennan rétt. MYND/EYÞÓR

Kótelettur í raspi að hætti togarasjómanna

Kótilettur 3 til 4 á mann eftir stærð

Kóteletturnar eru lamdar (flattar út)

Síðan er þeim velt upp úr hveiti svo eggjablandan loði betur við kjötið, síðan velt upp úr eggjahræru með salti og pipar og að lokum velt upp úr raspi.
Steikt upp úr miklu smjöri á miðlungshita þannig að þær verða gullinbrúnar á hvorri hlið, um það bil 3-4 mínútur.
Raðið kótelettunum í ofnskúffu og setjið meira smjör ofan á. Bakist í ofni í 30 mínútur á um 140°C.
Meðan kóteletturnar eru í ofninum er gott að sykurbrúna kartöflur og laga brúna sósu.
Kóteletturnar eru bornar fram með grænum baunum, rauðkáli og rabarbarasultu.

Ekki kvefast í haust

PreCold® getur komið í veg fyrir kvef og stytt kveftíma um allt að helming.

PreCold® má nota fyrirbyggjandi eða þegar kvefeinkenna verður fyrst vart. PreCold® er auðvelt í notkun, hefur skjóta verkun og hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.

Fæst í apótekum - www.precold.is
Dreifingaraðili: Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins:

Símanúmer
512 5402

Netfang
serblod@365.is

HAUSTLÍNAN 2017

Asterix 3ja sæta sófi kr. 276.900

Cupid Black
kr. 23.400

Cupid Marble
kr. 15.700

Karetta stóll
kr. 88.600

Cast vasar
kr. 5.490

Glory púðar
kr. 6.700

Flower Lounge stóll
kr.93.800

Palm motta 170x240 kr. 49.900
200x300 kr. 71.900

Bow gólflampi
kr. 39.800

Smile 3ja sæta sófi kr. 190.700

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BRAUT BÍLASALA

FORD Transit Trend pallbíll 7 manna. Árgerð 2017 ekinn 5 km dísel, 6 gírar. Verð 3.990.000. + VSK Rnr.104186. Flottur vinnuflokkabíll

FORD Transit trend pallbíll 7 manna. Árgerð 2017 ekinn 0 KM dísel 6 gírar. Tilboðsverð 3.990.000.- + VSK ATH Trend útgáfa Rnr.104186.

GRÆJAN
TOYOTA Avensis. Árgerð 2016 ekinn 74 ÞKM bensín sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Braut Bílasala s 5876600Rnr.104664.

SÁ SMARTI
HYUNDAI I10. Árgerð 2017 ekinn 27 Þ KM bensín, 5 gírar. Flott Verð 1.460.000. Rnr.104663.Hafðu samband sími 5876600

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

bilauppbod.is

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

SUZUKI

Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bílar til sölu

TIL SÖLU
Loksins er Beauty Boxið til sölu. Piagglo Porter árg. 2001, ekinn 49.000km. já þú sérð rétt. Einn eigandi. Ný dekk s/v, ný smurður, ný tímareim, 6 manna bíll. Bíllinn vekur athygli, svo auglýsingagildið er mikið. Hafið samband og fáið sögustund. Uppl. í síma 895 7199, Ómar.

Toyota Corolla 2007, ekin 125þ, beinskiptur, nýr gírkassi. 1.190.000. S: 822-3860

Benz C 350 Plug in Hybrid 2015 Stw. Avantgarde leður og tekk innrétting. Avantgarde útlit. Comfort sætapakki. Harman Kardon sound system. Loftpúðafjöðrun ofl ofl ofl Stgr. 5,3m.stgr. Uppl: 899 0410

Til sölu Nissan Qashqai +2 (7 manna), 2012 módel. Ek. 143.000km, sjálfskiptur, 4x4, bensín með panorama glerþak. Mjög fallegur og vel við haldinn bíll. Uppl í s. 820-4104.

Nissan X-trail árg 2006 Sjálfskiptur, leður, 4wd, krókur, bensín Skoðaður 2018, ný vetrardekk, nýlegt púst. Tilboðsverð 850.000 sími 664 8174

TOYOTA YARIS
Toyota Yaris '99, 1 eigandi síðast liðinn 18 ár, ek 144þ, þjónustubók, gott viðhald, skoðaður '18, 5 gíra, dökkblár. Verð 250þ, S: 8245077

Bílar óskast

Óska eftir litlum sjálfskiptum bíl á verðbilinu 650-1200 þús,stgr. Uppl í s. 587 3890 & 783 0968

Vinnuvélar

TIL AFHENDINGAR STRAX!
Ný og ónotuð catipillar 301 1,8 tonn með þrem skóplum 30 60 100 cm hraðteingi Tilboðsverð 3.490.000.- + vsk. S. 6914441

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Bílar til sölu

SUBARU Impreza STI SPORT

Árgerð 2008. Stórglæsilegur sportbíll með 305 Hestafla vél, ekinn 88 ÞKM, bensín, 6 gírar. **Tilboðsverð Verð 2.490.000.** Rnr.103184 .Mjög vel með farið og gott eintak (smakv eiganda).

BRAUT BÍLASALA
Bíldshöfða 3 • 110 RVK S. 587 6600 • www.bilabraut.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

vélastilling
Auðbrekku 19 - 200 Kópavogi - Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is
Alhliða bílaverkstæði

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

SPRENGIVIKA!

TÖKUM ALLA BÍLA UPPÍ Á 500.000 ÞÚS KALL FRÁ 23 - 30 SEPT.

NISSAN Pathfinder. Árgerð 2007, ekinn 198 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.575.000.** Rnr.262740.

MMC Pajero. Árgerð 2008, ekinn 261 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.690.000.** Rnr.270933.

SUZUKI Grand vitara prem-n (navi.cruise,a/c,álf.). Árgerð 2014, ekinn 120 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 2.790.000.** Rnr.301946.

DODGE Durango 4wd slt. Árgerð 2007, ekinn 145 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.590.000.** Rnr.271095.

FORD Explorer ltd 4x4. Árgerð 2007, ekinn 218 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.590.000.** Rnr.260611.

VW Polo. Árgerð 2011, ekinn 84 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.290.000.** Rnr.270681.

SUZUKI Sx4 s-cross. Árgerð 2015, ekinn 49 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 2.590.000.** Rnr.107953.

TOYOTA Land cruiser 120 vx 33". Árgerð 2006, ekinn 269 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.890.000.** Rnr.270408.

SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2011, ekinn 218 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.990.000.** Rnr.260696.

BMW F650 gs. Árgerð 2008, ekinn 12 Þ.MÍLUR, bensín, Verð 1.190.000. Rnr.260311.

DETHLEFFS A 5881. Árgerð 2012, ekinn 145 Þ.KM, dísel, beinskiptur. **Verð 4.990.000.** Rnr.260353.

HOBBY 560 ukf prestige. Árgerð 2009, ekinn -1 Þ.KM, bensín. **Verð 2.990.000.** Rnr.271075.

SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2015, ekinn 84 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.890.000.** Rnr.302135.

SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2015, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.890.000.** Rnr.302133.

SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2015, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.890.000.** Rnr.302127.

bíll.is

bestir í bílum...

Opnunartímar: Mán – fös 9-18 • Lau. 12-16 • Sun. Lokað
Malarhöfði 2a, 110 Rvk. - www.bill.is – Sími 577 3777

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN Í BOÐI

Húsaviðhald

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910



Tómstundir & Ferðir

Fyrir veiðimenn

Skólar & Námskeið

Námskeið

ICELANDIC & ENGLISH F. FOREIGNERS - ENSKA
ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENGLISH f. Adults/ ENSKA f. Fullorðna: I,II,III. Start/Byrja: 2/10, 30/10, 27/11 - 2018: 8/1, 5/2, 5/3. 2/4, 1/5. 4 weeks/vikur x 5 days/ daga. 2 - 5 students/nem. Morn/ Aftern/Evening. Morgna/Síðd/ Kvölds: www.iceschool.is - ff@ icetrans.is - Fulloðinsfræðslan- IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Húsnæði óskast

Óska eftir 4-5 herb, íbúð á Stór reykjavíkursv. Einnig 2ja herb. íbúð á Selfossi óskast. Trygging og skilavísar greiðslur. Uppl. í s. 897 1995

Sumarbústaðir

EITT MEÐ ÖLLU.
38 ferm.,eins og nýtt, stöðuhýsi,2 svefnherb. 2 baðherbergi, sturta,eldhús, arinn, fullbúið með öllu. verð 3,9. uppl. 820-5181

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Hönnun

HÖNNUN

VERKFRÆÐITEIKNINGAR
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

Atvinna

Atvinna í boði

KVÖLD- OG HELGARVINNA.
Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, gott tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 20 ára.

Hringdu í síma 778-4500 á dagvinnutíma fyrir frekari upplýsingar. Tölvupóstur; kvoldvinna@simstodin.is

FAGSTÁL EHF
óskar eftir vönum stálsmiðum, leitað er eftir launamönnum jafnt sem verktökum. Viðkomandi verður að hafa góða verkunnáttu, sýna frumkvæði og geta unnið sjálfstætt. Viðkomandi verður að vera íslensku mælandi.
Áhugasamir sendi fyrirspurn á fagstal@fagstal.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

Fyrir þínar bestu stundir

Haust-tilboðin

MEGA
opinn hornssófi

Stór eða lítill hornsófi. Grátt, slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga.
Stærri gerð: 294 x 240 cm

Fullt verð: 219.900 kr.

Aðeins **169.900 kr.**

SAGA
tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 205 x 140 x 85 cm.

Fullt verð: 119.900 kr.

Aðeins **94.900 kr.**

MOLINA
sófa- og lampaborð

ÓTRÚLEGT DORMA VERÐ

Lakkað dökkgrátt eða hvítt með viðarlöppum.

Sófaborð: Ø 80 cm H: 45 cm
Verð: 17.900 kr.

Lampab.: Ø 50 cm H: 36 cm
Verð: 9.900 kr.

C&J SILVER STILLANLEGT
Shape dýna

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- Alovera áklæði sem gefur silkimjúka áferð
- Engir rykmaurar; ofnæmisprófuð
- 5 ára ábyrgð!

C&J stillanleg rúm:

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Hljóðlátur mótor

Verðdæmi: 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: ~~337.900~~ kr. Nú aðeins **312.950 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Japönsk matargerðarlist í sókn

Kunsang Tsering og Erna Pétursdóttir hafa opnað nýstárlega verslun á Grettisgötu í Reykjavík. Staðurinn heitir Ramen Lab og þar eru seldar í fyrsta sinn ferskar ramennúðlur úr lífrænu hráefni framleiddar á staðnum. Fyrir reka þau veitingastaðinn Ramen Momo við Tryggvagötu þar sem þau selja ramennúðlusúpur og -rétti. Kunsang nam listina að útbúa ramennúðlur og -seyði í Osaka í Japan.

Erna Pétursdóttir í Ramen Momo á Tryggvagötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Verslunin Ramen Lab á Grettisgötu í Reykjavík vekur eftirtekt. Í versluninni sjá viðskiptavinir ferskar núðlur framleiddar í þar til gerðum vélum. Þar er einnig hægt að kaupa misoseyði og súrsað grænmeti, framandi sælgæti frá Japan, origamipappír og fallega keramik.

Að versluninni standa þau Kunsang Tsering og Erna Pétursdóttir. Fyrir reka þau veitingastaðinn Ramen Momo við Tryggvagötu þar sem þau selja ramennúðlusúpur og -rétti. Kunsang nam listina að útbúa ramennúðlur og -seyði í Osaka í Japan.

„Ramennúðlur og -súpur eru frá Japan. Fyrsti ramenstaðurinn var opnaður fyrir um hundrað árum í Tókýó. Í dag eru um 30 þúsund slíkir veitingastaðir í Japan," segir Kunsang og nefnir að ramensúpur geti verið afar misjafnar á milli landshluta í Japan. Seyðið sé í ýmsum útgáfum en súpurnar innihaldi allar seyði, núðlur, meðlæti, egg.

Núðlurnar sjálfar eru gerðar úr eggjum og hveiti. „Við notum lífrænt hveiti, það sama og er notað í Brauð og co hér rétt hjá," segir Erna frá.

Á Íslandi segir Kunsung vinsælastar ramensúpur með tontoksuseyði og kjúklingi eða svínakjöti og ramensúpur með misoseyði og kimchi (súrsað kál). Hann er hrifinn af íslensku hráefni.

„Þegar ég fór til Japans að læra að gera ferskar núðlur tók ég sýni af fersku íslensku vatni með mér. Sýrustig vatnsins skiptir miklu máli og íslenskt vatn er virkilega gott í ramennúðlur.

Fersk íslenskt vatn, íslenskt salt og lífrænt hveiti verða að frábærri vöru sem er á engan hátt hægt að bera saman við þurrar pakkanúðlur,"segir Kunsang.

Kunsang nefnir að mest krefjandi við gerð ramennúðla séu einmitt gæði núðlanna sjálfra. „Það var þess vegna sem við ákváðum að opna Ramen Lab, af einskærri nauðsyn. Seyðið þarf líka að vera í miklum gæðum. Fólk sem vill gera gott seyði með svína- eða kjúklingakjöti þarf að sýna því verki þolinmæði. En fyrir byrjendur þá mælum við með því að kaupa misogrunn hjá okkur í Ramen Lab. Þá tekur aðeins nokkrar mínútur að undirbúa gerð súpunnar og miso er líka mjög hollt."

Erna tekur undir með Kunsang að staðinn hafi þau opnað af nauðsyn. „Þegar þú ert með lítinn veitingastað á borð við Ramen Momo og þú býrð á eyju, þá getur það skeð einn daginn að báturinn sem átti að færa þér núðlur til matargerðar missir úr ferð. Staðurinn átti upphaflega að vera vinnusvæði okkar en við ákváðum að besta leiðin til að sýna hvað við værum að gera væri að opna hann fyrir fólki. Viðbrögðin hafa verið mjög góð og þótt ekki allir skilji hvernig eigi að elda núðlur þá finnst okkur gaman að kenna og leiðbeina fólki sem kemur til okkar," segir Erna.

Erna og Kunsang nefna að núðlurnar sem þau framleiða séu bæði ódýrari og hollari kostur en þær sem fást í matvöruverslunum. „Við framleiðum ferskar og lífrænar núðlur og þær eru ódýrari en þær sem fást í matvöruverslunum eða 183 krónur skammturinn," segir Erna.

Hvað er gott að eiga í skápnum til að útbúa ramennúðlur?

„Ef ætlunin er að gera súpu þá er gott að eiga seyði, núðlur og meðlæti svo sem kjúklingabringu, svínakjöt, rækjur, tofu eða eitthvað slíkt, egg og vorlauk. En svo er ágætt að muna að það þarf ekki endilega að bera núðlurnar fram í súpu," segir Erna og þau Kunsang gefa lesendum uppskrift að núðlusúpu til að spreyta sig á heima.

Heimalöguð ramennúðlusúpa:

MEÐLÆTI Í SÚPU:

Sjóðið kjúklingabringu með sneið af engifer og klípu af salti. Þegar bringan er soðin er hún skorin í sneiðar. Þú þarft aðeins 100 grömm í hverja súpuskál. Sjóðið egg í 8 mínútur og skerið það til helminga.

SEYÐI OG NÚÐLUR:

Hitið vatn að suðu í tveimur pottum.
Í annan pottinn setur þú núðlurnar og sýður í eina og hálfa mínútu.
Slökktu undir hinum pottinum, settu stóra matskeið af misogrunni í vatnið og lokið yfir.
Í súpuskálina:
Hellið misoseyðinu í skál með núðlunum. Bætið kjúklingnum ofan á og soðna egginu til hliðar. Það er gott að bæta við grænum lauk.

Framandi japanskt sælgæti sem gaman er að bragða á. Kit Kat með grænu tei.

Forvitnilegt frá Japan, origamipappír, skemmtilegir matprjónar og fleira.

Verslunin Ramen Lab er ákaflega stílhrein og skemmtilega uppsett.

Núðlurnar eru gerðar nokkrum sinnum á dag.

Við þökkum stuðninginn

Síðasta sumar vann sveitastrákurinn úr Ölfusi, John Snorri, það þrekvirki að klífa þrjá tinda yfir 8.000 metrum og það á skemmri tíma en nokkur hefur áður gert í heiminum. Þar á meðal kleif hann K2 (8.611 m) fyrstur Íslendinga en það er næst hæsta fjall jarðar og ein erfiðasta fjallganga sem um getur.

John hefur safnað áheitum fyrir Líf styrktarfélag kvennadeildar Landspítalans og á næstu vikum og mánuðum mun hann bjóða upp á fyrirlestra um leiðangurinn þar sem hann gefur vinnu sína og safnar frekari áheitum.

Ljósmynd: Kári G. Schram

Aðalvík ehf
Arkís arkitektar ehf
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bílabúð Benna ehf
Bjarmar ehf.
Bókhaldsstofan ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Domino's pizza
Eignamiðlunin ehf
Eirvík
Fagform ehf
Foss stéttarfélag
Fljótsdalshérað
Frumskógar ehf
GA Smíðajárn
Gull- og silfursmiðjan ehf
H.H. Smíði ehf
Hamborgarabúlla Tómasar ehf
Hópsnes ehf
Hurðalausnir ehf
K.H.G. Þjónustan ehf
Klettur – sala og þjónusta ehf
Lögmenn Höfðabakka ehf
Löndun ehf
Nonni litli ehf
OK – Gisting ehf
Opin kerfi ehf
Orkubú Vestfjarða hf
Ottó B. Arnar ehf
Passamyndir ehf
Promens Tempra ehf
Rafmiðlun hf
Rafsvið sf
Raftaug ehf
Raftákn ehf
Réttur – Aðalsteinsson & Partners ehf
SÍBS
Seyðisfjarðarkaupstaður
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Stjórnendafélag Vesturlands
Suzuki-bílar hf
THG Arkitektar ehf
Tjöruhúsið ehf
Umbúðamiðlun ehf
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf
VSB Verkfræðistofa ehf
VSÓ Ráðgjöf ehf
Veitingastaðurinn Fljótið ehf
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vesturbyggð
Þvottahúsið Faghreinsun/Kolbakur ehf

Íslandsspil Kjöris OPTIMA TENGI

Ennþá er hægt að heita á Líf í gegnum www.lifspor.is og 908 1515.

Einnig er hægt að panta fyrirlestur John Snorra þar sem allur ágóðinn rennur beint til Líf.
Pantanir fara fram á netfanginu lif@gefdulif.is

LÍF Styrktarfélag

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Atskák hugans

Saga til næsta bæjar

Stefán Pálsson skrifar um uppruna Manntafls.

Þann 22. febrúar árið 1942 sviptu rithöfundurinn Stefan Zweig og kona hans Lotte Altmann sig lífi á heimili sínu í Brasilíu. Þangað höfðu þau flust einu og hálfu ári fyrr, landflótta undan uppgangi þýskra nasista sem innlimað höfðu heimaland skáldsins, Austurríki. Zweig fylgdist úr fjarska með Evrópu brenna í átökum seinni heimsstyrjaldarinnar og sökk sífellt dýpra í þunglyndi sem að lokum leiddi til þessa óyndisúrræðis.

Frægðarsól Stefans Zweig reis hæst á þriðja og fjórða áratugnum. Á þeim árum sendi hann frá sér ævisögur nokkurra stórmenna úr mannkynssögunni, sem nutu gríðarlegra vinsælda víða um lönd. Í seinni tíð er hans þó einkum minnst fyrir endurminningabók sína „Veröld sem var“ og nokkrar sögur sem liggja einhvers staðar á milli þess að vera stuttar skáldsögur og langar smásögur. Kunnust þeirra er sagan Schachnovelle frá árinu 1941, sem hlaut nafnið Manntafl í íslenskri útgáfu Þórarins Guðnasonar árið 1951.

Manntafl fjallar um nasisma og verður vart lesin öðruvísi en í ljósi persónulegrar reynslu höfundarins. Sagan hefst um borð í farþegaskipi á leið til Buenos Aires. Meðal farþega er oflátungurinn Czentovic, heimsmeistari í skák. Vellríkir ferðafélagarnir vilja ólmir spreyta sig gegn meistaranum, sem lætur til leiðast gegn vænni þóknun. Skákmeistarinn á ekki í neinum vandræðum með andstæðinga sína, þar til dularfullur farþegi blandar sér í leikinn og kemur öllum á óvart með skáksnilld sinni og leiftursnöggum leikjum.

Í einangrun

Skákmaðurinn slyngi, sem aldrei er kallaður annað er Dr. B, segir einum ferðafélaganum sögu sína. Hann hafði verið stuðningsmaður austurrísk-ungverska keisaraveldisins og því tekinn höndum af Gestapo þegar Austurríki var innlimað í Þriðja ríkið. Við tók margra mánaða einangrunarvist, þar sem Dr. B var lokaður inni í galtómum fangaklefa milli yfirheyrslna. Eftir nokkurra mánaða innilokun tókst honum að stela bók úr vasa eins fangavarðanna. Það reyndist vera rit með frægum skákum úr sögunni.

Til að halda sönsum í einangruninni drekkur fanginn í sig efni bókarinnar og innan skamms kann hann sérhverja skák hennar utanbókar. Því næst fer hann að tefla í huganum við sjálfan sig í sífellu. Að lokum breytist skákin í hreina þráhyggju, þar sem fanginn hugsar ekki um annað en skák í vöku sem draumi, uns hann fær taugaáfall og er sendur á spítala, þaðan sem hann losnar úr fangavistinni.

Viðmælandinn hlustar dolfallinn á sögu Dr. B, en sannfærir hann um að etja á nýjan leik kappi við heimsmeistarann hrokafulla. Þeir Czentovic setjast að tafli. Dr. B leikur sérhvern leik hratt og fumlaust, en verður óþreyjufullur eftir því sem lengra líður á milli leikja meistarans, enda sér hann ótal leiki fram í tímann. Czentovic skynjar óþolinmæði mótherjans og tekur að draga skákina á langinn. Austurríkismaðurinn verður að lokum gjörsamlega viðþolslaus, hættir að greina á milli stöðunnar á taflborðinu og stjórnlausra upprifjana sinna á gömlum skákum. Hann missir stjórn á sér og verður að lokum að játa sig sigraðan.

Söguþráður Manntafls er sterkur og grípandi, enda er sagan oft talin besta verk Zweig. Manntafl hefur verið sett á svið víða um lönd og má þar nefna eftirminnilega uppsetningu þess í Borgarleikhúsinu fyrir rúmum áratug, þar sem Þór Tulinius lék öll hlutverk. Í tengslum við þá sýningu var rifjuð upp vinsæl tilgáta um tengingu sögunnar við Ísland.

Árið 1964 komu út endurminningar landkönnuðarins Vilhjálms Stefánssonar, sem þá var nýlega látinn. Glöggir lesendur hnutu um atriði í frásögn Vilhjálms sem minntu á fléttuna í Manntafli og það svo mjög að jafnvel væri ekki um tilviljun að ræða. Kenning þessi gekk manna á milli í Reykjavík næstu árin, en vakti fyrst verulega athygli þegar Gylfi Gröndal sendi frá sér viðtalsbók árið 1981, þar sem Jón Ólafsson hæstaréttarlögmaður greindi frá henni og jók við frásögn Vilhjálms Stefánssonar fleiri upplýsingum um lífshlaup frænda síns Björns Pálssonar Kalmans.

Eftirsótt undrabarn

Björn, sem tók upp Kalmans-nafnið á fullorðinsárum, var sonur Páls Ólafssonar, skáldsins ástsæla, en Páll var hálfsjötugur þegar Björn fæddist árið 1883. Björn gekk í Latínuskólann í Reykjavík og útskrifaðist

þaðan vorið 1904. Þar fékk hann áhuga á skák og tók skjótum framförum. Útskriftarvorið tefldi hann við erlendan ferðalang, William Ewart Napier að nafni og hafði betur. Napier þessi var þá einna kunnastur skákmanna vestanhafs og á leið til Bretlands, þar sem hann sigraði einmitt á fyrsta Breska meistaramótinu í skák, sem haldið var þá um sumarið.

Fregnin af óþekkta skólapiltinum sem lagði stórmeistarann barst vítaskuld víða og þar á meðal til rektors Harvard-háskóla, Nathaniels Shaler. Sá var mikill skákáhugamaður og hafði mikinn hug á að gera Harvard að stórveldi á skáksviðinu. Þegar Vilhjálmur Stefánsson hélt á fund Shalers til að afla fjárstuðnings fyrir vísindaleiðangur til Íslands, kviknaði því sú hugmynd að slá tvær flugur í einu höggi: Vilhjálmur fengi styrkinn en í staðinn tæki hann að sér að lokka Íslendinginn unga vestur um haf gegn loforði um skólastyrk og fararreyri. Reyndist skákáhugi rektorsins afdrifaríkur fyrir fræðimannsferil Vilhjálms Stefánssonar, sem hóf í kjölfarið að beina athygli sinni að norðurslóðum í rannsóknum sínum í stað hitabeltisins sem flestir mannfræðingar voru uppteknir af.

Þegar hér var komið sögu hafði Björn Pálsson innritast í verkfræði við Kaupmannahafnarháskóla, en féllst þó skjótt á að taka gylliboðinu frá Harvard. Sigldu þeir Vilhjálmur saman yfir Atlantshafið, en á leiðinni mun Björn hafa teflt við tvo sterka skákmenn og sigrað fyrirhafnarlítið.

Þegar til Harvard var komið reið áfallið yfir. Skákmenn við skólann voru lítt hrifnir af áformum Shalers rektors og töldu ástæðulaust að styrkja liðið með einhverjum lukkuriddara ofan frá Íslandi. Þeir lögðust yfir reglur og komust að þeirri niðurstöðu að þar sem Björn hafði verið skráður nemandi við annan háskóla, gæti hann ekki orðið löglegur keppandi fyrir hönd Harvard fyrr en að ári liðnu.

Sem vænta mátti féll unga manninum þetta afar þungt. Hann taldi sig illa svikinn og gat ekki hugsað sér að setjast á skólabekk þar sem hann væri ekki velkominn. Þess í stað hélt hann á Íslendingaslóðir í Kanada og vann fyrir sér með ýmsum hætti, bæði við blaðamennsku og verkamannavinnu. Síðar flutti Björn aftur heim til Íslands, þar sem hann varð sér úti um lögmannsréttindi og starfaði sem slíkur.

…HANN MYNDI HVERJA EINUSTU SKÁK SEM HANN HEFÐI TEFLT.

Eftir höfnunina í Harvard lagði Björn taflmennskuna að mestu á hilluna og töldu flestir að ástæðan væri hin miklu vonbrigði með lyktir mála varðandi skákliðið. Í æviminningum sínum sagði Vilhjálmur Stefánsson þó að fleira hefði búið að baki. Björn hafi játað fyrir sér að hann hefði áhyggjur af geðheilsu sinni, þar sem hann myndi hverja einustu skák sem hann hefði teflt. Skákirnar hrúguðust þannig upp í kolli hans og leituðu sífellt meira á allar hugsanir. Hafði Björn lesið sér nokkuð til um sálfræði og taldi þetta vísbendingu um að honum væri hætt við að missa vitið.

Björn stóð að mestu við þessa ákvörðun sína að koma ekki aftur nálægt skák og lét íþróttina sig litlu varða eftir að til Íslands kom. Einhverjar sögur gengu meðal Reykvíkinga um gömul skákafrek kappans, en hann gaf aldrei neitt út á það. Þannig fylgdi frásögn Jóns Ólafssonar að dóttir Björns hafi fyrst heyrt af skákafrekum föður síns að honum látnum, þegar æviminningar Vilhjálms Stefánssonar komu út.

Fyrirmynd eða tilviljun?

Þegar frásögn Vilhjálms er lesin ásamt viðbótum Jóns Ólafssonar, er ekki erfitt að sjá líkindin við einstaka þætti í sögunni Manntafli. Í báðum tilvikum kemur óþekktur skákmaður kunnum stórmeistara í opna skjöldu og ferð í farþegaskipi kemur við sögu. Lykilatriðið er þó augljóslega að í báðum frásögnum snýr afburðasnjall skákmaður baki við íþrótt sinni af ótta við að skákþráhyggjan leiði hann til sturlunar.

Skömmu eftir útgáfu bókar Gylfa Gröndal birti sagnfræðingurinn og skákáhugamaðurinn Garðar Sverrisson langa grein í Lesbók Morgunblaðsins um sama efni og annar skákforkólfur, Guðmundur G. Þórarinsson, hefur skrifað í sömu veru. Niðurstaða þeirra beggja er sú að Stefan Zweig hafi líklega haft örlög Björns Ólafssonar í huga þegar hann ritaði Manntafl.

Á hitt ber þó að líta að líkindin ná ekki nema til takmarkaðra þátta. Saga Zweigs fjallar í raun ekki nema að nokkru leyti um skák, en þeim mun fremur um nasisma og sálfræðilegar afleiðingar einangrunarvistar.

Erfitt er einnig að sjá hvaðan Zweig hefði átt að fá hinar nákvæmu upplýsingar um lífshlaup Björns. Stuðningsmenn kenningarinnar benda á að Zweig hafi ferðast um Bandaríkin 1913-14 og dvalið við nokkra háskóla, þar á meðal Harvard. Jón Ólafsson stingur jafnvel upp á að Vilhjálmur og Zweig gætu hafa kynnst.

En þá ber á það að líta að saga Björns var flestum hulin, þar til æviminningar Vilhjálms Stefánssonar komu út. Shaler rektor var látinn veturinn 1913-14, ólíklegt verður að telja að Vilhjálmur hefði ekki getið um kunningsskap við heimskunnan rithöfund í æviminningum og fráleitt að hann hafi sleppt að geta um meint tengsl sögu Bjarnar við Manntafl, hvað þá ef hann var heimildarmaðurinn. Rökréttast er því að líta á líkindin með sögunum tveimur sem hreina tilviljun, þótt vissulega séu rökréttustu skýringarnar sjaldnast þær skemmtilegustu.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

BÓKA MARKAÐUR á Fiskislóð 39

Gjöf fyrir alla sem mæta

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19

1.990 kr.

990 kr.



990 kr.

Birgitta Haukdal
kemur í heimsókn
kl. 15 í dag

Tilboð 99 kr.



Tilboð 190 kr.

290 kr.

990 kr.



690 kr.

1.990 kr.



5.990 kr.

490 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Bókamarkaður Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · Opið alla daga kl. 10–19

FRÉTTABLAÐIÐ
TÍMAMÓT
23. SEPTEMBER 2017 LAUGARDAGUR

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

dr. Frosti Sigurjónsson

læknir,
Þinghólsbraut 68, Kópavogi,

lést á heimili sínu 7. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu.

Jón Valur Frostason **María Hrafnsdóttir**
Fáfnir Frostason
Edda Freyja Frostadóttir **Guðmundur R. Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Húnbogi Þorsteinsson

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 14. september. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju mánudaginn 25. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið – Endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda.

Erla Ingadóttir
Þorsteinn Húnbogason
Védís Húnbogadóttir **Snorri Bergmann**
barnabörn og langafabörn.

Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Maður dugir ekki í þessu starfi ef maður hefur ekki áhuga, annars finnur maður sér eitthvað annað. segir Guðmundur. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Allar myndir segja sitt

Sýningin Á eigin vegum, með ljósmyndum eftir Guðmund Ingólfsson, verður opnuð í dag í Þjóðminjasafninu í tilefni 50 ára ferils hans. Einnig kemur út bók með sömu myndum.

Þó ég hafi unnið lengst sem auglýsingamyndateiknari sýni ég ekkert frá þeim ferli, bara því sem ég hef tekið fyrir sjálfan mig," segir Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari, staddur í sal á Þjóðminjasafninu þar sem sýning á völdum verkum hans verður opnuð í dag klukkan 14. Samtímis kemur út bók með myndunum.

Á eigin vegum. Ljósmyndir 1967-2017 er heiti hvorutveggja, sýningar og bókar. Ein sería er að hluta til úr bók sem Torfusamtökin gáfu út 1986 og sýnir gömlu húsin í miðbænum. „Svo nýtti ég tækifærið, af því ég átti það efni, og smellti af sömu húsum 25 árum seinna, til að sýna framfarir og afturfarir," segir Guðmundur.

Þaðan sem við stöndum blasir við ein af gangnamanni. „Ég fór í réttir norður í Svartárdal fyrir 46 árum. Þetta er eina myndin úr þeirri seríu. Svona úlpur áttu allir," segir myndasmiðurinn. „Allar myndir segja sitt," bendir hann á. „Það er kosturinn við ljósmyndina að því eldri sem hún verður því merkilegra verður skráningarhlutverk hennar."

Meðal þess sem Guðmundur myndaði eru sjoppur. „Sjoppur urðu til á stríðsárunum til að þjóna hermönnunum, enda er orðið komið úr ensku. Í enda áttunda áratugarins voru sumar orðnar fræg óðul, eins og Simmasjoppa á Grímsstaðaholtinu. Árin '88 og '89 tók ég mig til og festi nokkrar þeirra á stórar filmur. En sjoppurnar liðu undir lok af því 10/11 tók þeirra hlutverk yfir."

Úr eldhúsglugga á Grettisgötu.

Enn er Guðmundur að og ástríðan er fyrir hendi. „Maður dugir ekki í þessu starfi ef maður hefur ekki áhuga, annars finnur maður sér eitthvað annað," segir hann. Á baksíðu bókarinnar er mynd af honum með fyrstu myndavélina. „Ég byrjaði 16 ára. Keypti mér Leicu, það flottasta sem til var. Var í sveit og vann fyrir vélinni í fjóra mánuði," rifjar hann upp og kveðst enn nota filmuvélar. „Mér finnst ég vera að svíkjast um ef ég nota ekki filmur. Framkalla sjálfur? Já, auðvitað, það er ekki flóknara en að baka köku!" gun@frettabladid.is

Ástkær móðir okkar,

Elísabet Matthildur Árnadóttir

Meistaravöllum 19, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 17. sept. sl. Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 28. september kl. 13.00.

Fyrir hönd annarra aðstandenda,
Jökull Már Valdimarsson
Gróa Jóna Valdimarsdóttir Olsen
Jóna Gróa Valdimarsdóttir
Guðný Þóra Valdimarsdóttir
Guðrún Valdimarsdóttir

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Anna Björgúlfsdóttir

frá Neskaupstað,

lést á heimili sínu, Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut, mánudaginn 18. september. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 28. september kl. 13.00.

Óliver Úlfar Hermannsson **Sigrún Eyjólfsdóttir**
Margrét Jónsdóttir **Marteinn Steinar Jónsson**
Hjalti H. Hjaltason **Úlfhildur S. Úlfarsdóttir**
og fjölskyldur.

LIND FASTEIGNASALA

510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Þórunn	Sveinn	Hannes	Lára	Kristján	Ólafur	Kristín	Bjarni	Albert	Helga	Vernharð	Stefán	Harpa	Gunnar	Arna	Magnús	Víglundur
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	LÖGGILTUR FASTEIGNASALI	AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA	AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA

OPIÐ HÚS › 24. sept 14:00 – 14:30

Lokastígur 20a
101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 61,3 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Virkilega góð þriggja herbergja íbúð á eftirsóttum stað í hjarta borgarinnar. Rúmgott hjónaherbergi með skáp, björt stofa, lítið barnaherbergi, eldhús og bað. Laus við kaupsamning.

Heyrumst
Ólafur › 822 8283 **34.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 24. sept 15:00 – 15:30

Njörvasund 16
104 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 71,8 fm ÞRÍBÝLI HERB: 3

Góð þriggja herbergja íbúð í kjallar á frábærum stað í Sundunum. Tvö góð svefnherbergi, eldhús, stofa og baðherbergi. Íbúð öll endurnýjuð fyrir nokkru. Hús nýlega málað að utan.

Heyrumst
Ólafur › 822 8283 **35.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 24. sept 16:30 – 17:00

Hörgsholt 23b
220 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 121,4 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

Mjög smekkleg 4-5 herb. íbúð á frábærum útsýnisstað með sér inngangi. Svalir með miklu útsýni. 3-4 herb á efri hæð ásamt sjónvarpsholi. Eign sem vert er að skoða.

Heyrumst
Ólafur › 822 8283 **44.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 25. sept 17:45 – 18:15



Vallargata 14
245 SANDGERÐI

STÆRÐ: 102,4 fm EFRI SÉRHÆÐ HERB:4-5

Glæsileg og mikið endurnýjuð hæð með sér-inngangi.Stórt geymsluloft. Suðursvalir, sjávarútsýni. Sérbílastæði, sérgarður. Rafmagn og ofnalagnir endurnýjað. Húsið er nýmálað.

Heyrumst
Lára › 899 3335 **31.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 25. sept 17:30 – 18:00





Skarphéðinsgata 20
105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 52,3 fm ÞRÍBÝLI HERB: 2

LAUS VIÐ KAUPSAMNING. Mjög falleg og mikið endurnýjuð íbúð með sérinngangi í þrýbíli að Skarphéðinsgötu 20.

Heyrumst
Gunnar › 699 3702 **29.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 24. sept 17:00 – 17:30





Klappakór 1B
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 88,5 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Falleg 3 herbergja íbúð á jarðhæð með verönd og stæði í upphitaðri bílageymslu. Sér inngangur, innbyggð uppþvottavél og ísskápur geta fylgt. Laus í desember.

Heyrumst
Stefán › 892 9966 **41.900.000 kr**
Sölufulltrúi/Löggiltur leigumiðlari

OPIÐ HÚS › 25. sept 18:30 – 19:00

Langholtsvegur 166
104 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 101,5 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Falleg og björt íbúð ásamt AUKAÍBÚÐ Í BÍLSKÚR. Báðar íbúðirnar voru nýlega uppgerðar. Falleg eign í fjölskylduvænu hverfi. Stutt í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla.

Heyrumst
Gunnar › 699 3702 **47.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 24. sept 16:00 – 16:30



Hvassaleiti 30
103 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 169,7 fm FJÖLBÝLI HERB: 6

Glæsileg og mikið endurnýjuð íbúð ásamt íbúðarherbergi í kjallara og bílskúr.

Heyrumst
Stefán › 892 9966 **59.900.000 kr**
Sölufulltrúi/Löggiltur leigumiðlari

OPIÐ HÚS › 25. sept 17:30 – 18:00





Hrauntunga 64
200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 212,3 fm PARHÚS HERB: 6

Mjög fallegt og vel staðsett 212 fm parhús við Hrauntungu í Kópavogi. Húsið er mikið endurnýjað. Aukin lofthæð. Bæði baðherbergi og eldhús nýlega endurnýjað.

Heyrumst
Hannes › 699 5008 **84.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kristínar Hrefnu Kristjánsdóttur

sjúkraliða, frá Hvallátrum við Patreksfjörð, Jötunsölum 2, Kópavogi.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki krabbameinsdeildar, 11E, fyrir alúð og umhyggju.

Guðlaug Ragnarsdóttir
Kristján Hjálmar Ragnarsson
Sigríður Ragnarsdóttir
Birgir Bjarnason
Kristjana Una Gunnarsd.
Trausti Gylfason
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Guðný Jóhannsdóttir Fannberg

lést á Droplaugarstöðum þann 7. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Gunnhildur Fannberg
Jón Á. Fannberg
Þuríður Rúrí Fannberg
Jóhann Ármann Fannberg
Gísli Fannberg
Ólafur Fannberg
Rannveig Fannberg
Arndís Fannberg
Ron Tucker
Anke Thormann
Huldís S. Haraldsdóttir
Kristín Sigríður Reynisdóttir
Kristín Fríða Garðarsdóttir
Andrjes Guðmundsson
Hannes Birgir Hannesson
og fjölskyldur.

Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og minningu við fráfall og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Gunnars Bernhard

forstjóra, Langholtsvegi 78.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir einstaka umönnun og vináttu.

Ragna Gould
G. Geir Gunnarsson
Gylfi Gunnarsson
Edda Gunnarsdóttir
Gunnar Gunnarsson
Richard Gould
Ingibjörg Snorradóttir
Dóra Bjarnadóttir
Sveinn Ásgeir Baldursson
Bergljót Ylfa Pétursdóttir
og fjölskyldur.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og mágur,

Guðjón Gunnars Kristinsson

framkvæmdastjóri, Markholti 5, Mosfellsbæ,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 19. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju 4. október klukkan 14.00.

Helga Björk Edvardsdóttir
Gunnar Guðjónsson
Kristinn Guðjónsson
Helgi Þór Guðjónsson
Brynja Jónsdóttir
Katrín Inga Marteinsdóttir
Björk Bragadóttir
afabörnin
Sigríður Fanney Guðmundsdóttir
Unnur Kristinsdóttir
Margrét Kristinsdóttir
Magnús Pétursson
Sigurður Kr. Björnsson

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Elsa Kristjánsdóttir

harmonikkuleikari, Sóltúni 1, Reykjavík, áður Bogahlíð 4,

lést á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi miðvikudaginn 20. september. Útförin fer fram í Bústaðakirkju fimmtudaginn 28. september klukkan 13.00.

Aðalsteinn Páll Guðjónsson
Víðir Aðalsteinsson
Burkni Aðalsteinsson
Rósar Aðalsteinsson
Ingveldur Eyjólfsdóttir
Lára Pétursdóttir
ömmubörn og aðrir aðstandendur.

Frumsýna 150 ára sögu

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík frumsýnir í dag sextíu mínútna heimildarmynd í Laugarásbíói. Hún fjallar um sögu félagsins sem spannar hundrað og fimmtíu ár.

„Auðvitað er vandi að velja úr tímabili sem nær yfir 150 ár. Það var aftur á móti mikilvægt að draga fortíðina inn í nútíðina því um tíma var Reykjavík borg byggð að mestu af iðnaðarmönnum," segir Elsa Haraldsdóttir, formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, um nýja heimildarmynd um félagið sem frumsýnd verður í Laugarásbíói í dag.

Iðnaðarmannafélagið fagnaði 150 ára afmæli þann 3. febrúar síðastliðinn. Af því tilefni var ráðist í gerð heimildarmyndarinnar sem Halldór Árni Sveinsson hefur haft umsjón með. Þar er saga félagsins rakin í máli og myndum.

„Við byrjuðum afmælisárið á að tendra lýsingu á styttu Ingólfs Arnarssonar á Arnarhóli, á sjálfan afmælisdaginn, sem var gjöf frá félaginu árið 1924. Í framhaldinu komu stjórnir norrænu systurfélaganna okkar hingað sem gestir á norrænum fundi. Síðan var haldin hátíð þar sem við veittum ungum nýsveinum viðurkenningar fyrir afburðagóð sveinspróf. Mér þykir óskaplega vænt um að við skyldum ráðast í þessa heimildarmynd. Það er gaman að sýna að hugsjónirnar voru ekkert öðruvísi í upphafi en þær eru í dag. Þær voru að efla stéttarfélögin, byggja skóla, banka og fleira. Það erum að draga fram með þessari mynd."

Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur og rithöfundur, leikur að sögn Elsu, mikilvægt hlutverk í myndinni sem sögumaður. Hann þekki Reykjavík út og inn og hafi því verið kjörinn til þess að leiða áhorfendur í gegnum sögu félagsins. Bíósýningin í dag er sú eina sem ákveðin hefur verið.

„Þetta er 60 mínútna mynd en það er búið að taka upp mikið af efni sem hefði verið gaman að koma fyrir. Vinnslan var í höndum handritshöfundarins Halldórs Árna Sveinssonar. Við höfum mikinn áhuga á að koma myndinni inn í skólana og Ríkissjónvarpið og þá jafnvel í styttra formi. Frumsýningin er fyrir hollvini, félaga og aðra velunnara en aðrir sem hafa áhuga eru velkomnir."

haraldur@frettabladid.is

Það er gaman að sýna að hugsjónirnar voru ekkert öðruvísi í upphafi en þær eru í dag, segir Elsa. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jórunn Helga Sveinsdóttir

frá Brautarholti í Haganesvík, Túnbrekku 2, Kópavogi,

lést miðvikudaginn 13. september á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 27. september kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Magnús Örn Óskarsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma

Sveina Helgadóttir

læknafulltrúi, Ljósheimum 14,

lést fimmtudaginn 31. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Magnea Berglind Högnadóttir
Helga Dröfn Högnadóttir
Ralph Tiedemann
Magnús Rafn og Kristín Erla

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðný Sigurgísladóttir

lést 15. september sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju 27. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sunnuhlíðarsamtökin.

Ástþór Gíslason
Hrafnkell S. Gíslason
Hólmfríður Gísladóttir
Erla Gunnarsdóttir
Ragnheiður D. Gísladóttir
Kristín Erla Boland
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Þorleifsdóttir

Vogatungu 30, Kópavogi,

lést á Landspítalanum 19. september. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 29. september klukkan 11.00.

Ragnar Jónatansson
Ómar Ragnarsson
Brynjar Örn Ragnarsson
Hanna Rósa Ragnarsdóttir
Nína Margrét Pálmadóttir
Brynja Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigríðar Guðbrandsdóttur

Broddanesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 11B Landspítalanum við Hringbraut.

Einar Eysteinsson
Ingunn Einarsdóttir
Guðbrandur Einarsson
Eysteinn Einarsson
Ísak Pétur Lárusson
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

HÚSASMIÐJAN
NÝTT
MÁNUDAGA KL. 20:45
GULLI BYGGIR

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

S N Æ F E L L S J Ö K U L L



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist vísindagrein. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 29. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „23. september“.

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Stormarnir og stillan** eftir **Anna-Cathrine Riebnitzsky** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Bergþóra Einarsdóttir, Hafnarfirði.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Rétt lausn að mati aurasálar frá Karíbahafseyju (11)
11 Á jökuflekunum eða í holunum undir þeim? (10)
12 Lykta pelsarnir, greyin mín litlu? (11)
13 Veiði með lóðinu og næ toppárangri sjóara (10)
14 Staurar tengdir samsteypu marka upphaf setninga (11)
15 Óbundin unið við ótryggðina (10)
16 Aðdráttarafl andvarans, kulsins og spilanna (11)
17 Finndu kvittanalausn fyrir þann sem gefur tóninn (10)
21 Hér lónar barnagaman fram og aftur (5)
24 Forða grandi ringlaðra hvala (6)
28 Sæki dóphallir eins og virðulegur díler (9)
31 Ræsti stopula rigningartíð (10)
32 Dundar uns drengstaular birtast (7)
33 Svell óbeint ef krúna fer til kælikassanna (10)
34 Lágir villast um lækjargljúfur (5)
35 Fæ lost er teknópartí fer á fullt (7)
36 Hæverska, ekki nautsreður, svo býður fágunin (9)
38 Þau sátu ein að kúgun minni (8)
39 Deili ánni með þrætugjarnri (9)
40 Banna mér að hafa skoðun (5)
43 Dragið nú upp merkið (7)
44 Straumur krafta gefur afl (9)
45 Næ punkti í fyrsta skrefi (5)
46 Deig stela frá hinum skýrt þenkjandi (7)

LÓÐRÉTT

1 Spark virkar ef nagli er fyrirstaða (9)
2 Kviðfita í fellingum minnir á nikku (9)
3 Ung missti leistann á kaf rétt áðan (9)
4 Býtta við borgarstjóra er hann finnur deilidægur (9)
5 Ef gæti ég öðlast herföng glæps (9)
6 Hérað móður allra þýskra móða (9)
7 Svikulust ógnar heilsu minni mest (8)
8 Ávöxtur kjána og yfirnáttúrulegra vera (8)
9 Bíð roks af Reyðarfirði eða fárviðris úr Fáskrúðsfirði (10)
10 Þvertré passar í þverrifu (8)
18 Hópur á stríðstímum er hættulegt hyski (13)
19 Tíundin leggst á trjónu hverja (13)
20 Þykist vera margir hópar sviðslistafólks (10)
22 Ílát óskast undir töfrandi tíma (11)
23 Hér segir af snyrtingunni og því sem af henni hlaust (12)
25 Best að stjórn við völd dragi andann djúpt (7)
26 Hr. N ropar og ruglar þar sem hann hímir í nepjunni (6)
27 Sé anda stórra og tignarlegra kvenna (11)
29 Af leystum gátum og ákveðnum mönnum (8)
30 Glæpaflokkur sem erfist frá föður til sonar? (8)
37 Treini mér ruglið þótt þú mótmælir (6)
41 Áreittu mig ekki baun, og þó (4)
42 Raus um sker (4)

LÉTT

2	9	8	3	5	6	4	1	7
3	1	6	4	9	7	2	5	8
5	4	7	8	1	2	3	9	6
6	2	9	5	3	8	7	4	1
4	7	3	9	6	1	5	8	2
1	8	5	2	7	4	9	6	3
9	3	1	6	2	5	8	7	4
7	5	4	1	8	3	6	2	9
8	6	2	7	4	9	1	3	5

MIÐLUNGS

3	1	5	9	2	6	8	4	7
2	9	4	3	8	7	5	6	1
6	7	8	4	1	5	9	2	3
4	5	6	7	3	9	1	8	2
7	8	9	1	4	2	3	5	6
1	2	3	5	6	8	7	9	4
8	3	1	6	9	4	2	7	5
9	6	7	2	5	3	4	1	8
5	4	2	8	7	1	6	3	9

ÞUNG

3	9	5	8	1	6	7	2	4
4	7	6	9	2	3	8	5	1
8	1	2	4	5	7	3	6	9
1	5	8	2	3	9	4	7	6
9	4	3	6	7	5	1	8	2
2	6	7	1	4	8	5	9	3
7	8	4	3	9	2	6	1	5
5	2	1	7	6	4	9	3	8
6	3	9	5	8	1	2	4	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

3		9			2			
				7	5	6	9	
	5		8		4			7
	9	3	4		8			5
4	8	1			3			9
		7		6		3	4	
		8	5					
	3		1		9		5	
1				8				

	1	9	2		5			
			9					4
2	5	7	3	4				
9				5	3			
	2	6						3
3						6		9
5		4		7		2		6
		1				7	4	
					8			

					7	3		
7			6				9	4
		1		4				6
		4		2	5		8	
6						9	5	
		5	3		9			
				7				
		8				4		
	5	6				2		1

Skák Gunnar Björnsson

Gunnar Björnsson átti leik gegn Jóni L. Árnasyni á Íslandsmóti skákfélaga haustið 2008. Stórmeistarinn fórnaði skiptamun á c3 til að freista þess að ná mótspili.

Hvítur á leik

32. Hh3! (Miklu sterkara en að drepa til baka á c3). **32. ... h5 33. bxc3 Hxe4 34. Bxe4 Bxe4+ 35. Kg1 Rd5 36. Hxd5! Bxd5 37. gxh5 De8 38. hxg6** og hvítur vann skömmu síðar. Úrslit heimsbikarmótsins hefjast í dag í Tíblisi í Georgíu.

www.skak.is: NM skólasveita.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

ÓHEPPILEGT ÚTSPIL

Um síðustu helgi lauk firnasterku móti í Nýju-Delí á Indlandi, HCK International Bridge Championships. Þar voru flestir af sterkustu spilurum heims meðal þátttakenda. Fimm íslenskir spilarar tóku þátt í mótinu, Aðalsteinn Jörgensen, Bjarni H. Einarsson, Júlíus Sigurjónsson, Sveinn R. Eiríksson og Þröstur Ingimarsson. Mótið hófst á sveitakeppnum. Þar var skipting í gangi, „gold“ og „silver“. Í „gold“ voru alþjóðlegu sveitirnar og sterkustu indversku sveitirnar, samtals 58 sveitir. 16 efstu í hvorri keppni spiluðu síðan útsláttarleiki. Íslenska sveitin gerði sér lítið fyrir og komst í útsláttarkeppnina. Andstæðingur Íslendinga (sem valdi Ísland til að spila við) var sveitin Formidables, sterk indversk sveit, sem hafði unnið þetta mót 2014 og 2015. Leikurinn við þá var æsispennandi og eftir 56 spil þá var allt jafnt. Það þurfti því að framlengja um fjögur spil. Mikil dramatík var í gangi þar og eftir sjúsk á báðum borðum voru Indverjarnir með 2 impa forystu þegar síðasta spilið leit dagsins ljós. Leikurinn var sýndur beint á BBO. Vestur var gjafari og allir á hættu:

Norður
♠ G10752
♥ -
♦ ÁG52
♣ Á642

Vestur
♠ D984
♥ 107
♦ 10943
♣ 985

Austur
♠ Á3
♥ KD6532
♦ KD7
♣ KD

Suður
♠ K6
♥ ÁG984
♦ 86
♣ G1073

Bjarni og Aðalsteinn sátu í NS og eftir pass vesturs hóf Bjarni sagnir á einum spaða í norður. Austur doblaði og Aðalsteinn redoblaði. Vestur sagði 2 ♦, Bjarni doblaði og austur sagði 2 ♥. Þá sögn doblaði Aðalsteinn og þar lauk sögnum. Að ná spilinu niður hefði tryggt íslensku sveitinni sigur. Útlitið var ekki bjart fyrir sagnhafa. Öruggir 2 tapslagir á láglitina, líklega 1 á spaða og a.m.k. 3 á hjarta. En Aðalsteinn valdi eðlilega spaðakóng út og þar með hvarf tapslagurinn í þeim lit. Sagnhafi þurfti því að tryggja aðeins einn tapslag á tígul og það tókst þegar vörnin spilaði litnum sjálf. Spilið vannst og Indverjarnir unnu leikinn með 15 impum.

PIZZU
OFURTILBOÐ

Iceland
THIN & CRISPY OG DEEP PAN
VERÐ **249** KR.STK

* Tilboðið gildir á meðan birgðir endast

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

ENGIHJALLI • VESTURBERG • ARNARBAKKI • GLÆSIBÆR

Vegna dagsetningar **50%** afsláttur

1.249 kr. 907 g

Risarækjur
Fulleldaðar, 907 g
Verð áður 2.498 kr.

398 kr. 350 g

Thai Nice'n Easy
Austurlenskir réttir
Frosnir, 350 g

NÝTT Í BÓNUS

VEGAN

298 kr. 200 g

Emborg Ostur
Vegan, 3 tegundir

PRÓTEINBRAUÐ
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12g kolvetni pr. 100g

398 kr. 420 g

Bónus Próteinbrauð
420 g

LÁGKOLVETNA

398 kr. pk.

Bónus Lágkolvetnastykki
4 stk. í poka

VEGAN

498 kr. stk.

Júmbó Indversk Vefja
Vegan - Verð áður 549 kr.

NÝBAKAÐ!

598 kr. stk.

Bónus Vínarbrauðslengja
470 g

395 kr. 500 g

ES Hindber og Bláber
Frosin, 500 g

395 kr. 1 kg

ES Jarðarber
Frosin, 1 kg

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Aðeins **28kr** rúllan

200 blöð á rúllu

498 kr. 18 rúllur

Bónus Salernisrúllur
18 rúllur í pakka

28 þvottar

798 kr. 1820 g

Ariel Þvottaefni
28 þvottar

Þarftu að þrífa grillið?

398 kr. stk.

Bónus Scrubstone
Með svampi

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KS

2017 slátrun

698 kr. kg

KS Lambasúpukjöt
Frosið, 2017 slátrun

1.095 kr. kg

KS Lambalæri
Frosið, 2017 slátrun

KJARNAFÆÐI

Af nýslátruðu 2017

1.998 kr. kg

Kjarnafæði Lambahryggur
Af nýslátruðu

1.359 kr. kg

Kjarnafæði Lambalæri
Af nýslátruðu

ÍSLENSKT KJÖT AF NÝSLÁTRUÐU

Engin aukaefni
100% KJÖT

1.998 kr. kg

Ali Kjúklingabringur
Ferskar, 100% kjöt

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

Ali

698 kr. kg

Ali Grísabógur
Ferskur

Íslenskur
KJÚKLINGUR
á góðu verði

695 kr. kg.

Bónus Kjúklingaleggir
Ferskir

695 kr. kg.

Bónus Kjúklingur
Ferskur, heill

279 kr. kg.

Bónus Kjúklingavængir
Ferskir

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

KRAKKAR

Konráð og félagar á ferð og flugi

268

Konráð og félagar höfðu heldur betur komist í feitt. Þau fundu bláberja móa þar sem krökkt var af berjum. Allan daginn voru þau búin að vera að tína ber og nú var komið að því að skoða afraksturinn. Kata horfði ofan í hálftóma fötuna hjá Róberti og svo á berjabláan munninn hans. „Þú hefur nú bara tínt berin upp í þig sýnist mér," sagði hún hneykslað. Róbert fitjaði upp á nefið og sagði: „Ég er stór og sterkur og þarf mikið að borða." „Eða ert bara gráðugur," muldraði Kata en Róbert heyrði það ekki.

Það var mismikið í fötunum svo Konráð stakk upp á því að þau skiptu öllum berjunum jafnt á milli sín svo allir fengju jafn mikið. „Hann líka?" sagði Kata og benti á Róbert. „Já, allir," sagði Konráð. Kata var bersýnilega ekki mjög sátt við þá tilhögun en samþykkti hana þó með semingi.

Róbert hafði tínt 4 kíló, Lísaloppa 13 kíló, Kata 11 kíló og Konráð 12 kíló.

Hversu mörg kíló fær þá hvert þeirra í sinn hlut ef þau skipta öllum berjunum jafnt á milli sín?

Getur þú hjálpað þeim að reikna þetta út

Lausn á gátunni

til kíló

Elnu Mattínu finnst fallegast á Íslandi við Skógafoss og veit af gullkistu á bak við hann. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Bý til mína eigin dansa

Elna Mattína Matthíasdóttir er átta ára nemandi í Hólabrekkuskóla. Henni finnst langskemmtilegast að læra stærðfræði.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Mér finnst gaman að dansa ballett og hipphopp, spila á fiðluna mína, gera hárgreiðslur og teikna og ég er mjög mikill dýravinur. Mig langar mest af öllu í hvolp.

Áttu þér uppáhaldslag? Uppáhaldslögin mín eru Áhrifin með Áttunni, B.O.B.A. með JóaPé og Króla, og Ég vil það með JóaPé og Chase.

En uppáhaldssöngvara eða -söngkonu? Ég held mest upp á Sonju Rut Valdin í Áttunni.

Er langt síðan þú byrjaðir í ballett? Ég byrjaði í Klassíska listdansskólanum þegar ég var að verða fjögurra ára.

Ærir þú þig stundum að dansa heima? Já, ég bý til mína eigin dansa sem ég sýni fjölskyldunni við klassíska balletttónlist. Einu sinni fór mamma að gráta af því henni fannst dansinn svo fallegur.

Hvað er það skrítnasta sem hefur komið fyrir þig? Það skrítnasta var fyrir jólin 2015 þegar ég vaknaði um nótt og sá jólasvein teygja sig inn um gluggann minn til að setja mandarínu í skóinn. Ég þóttist vera sofandi og þorði ekki að segja neitt, því þá hefði honum getað brugðið og dottið niður úr stiganum sínum.

> **ÞAÐ SKRÍTNASTA VAR FYRIR JÓLIN 2015 ÞEGAR ÉG VAKNAÐI UM NÓTT OG SÁ JÓLASVEIN TEYGJA SIG INN UM GLUGGANN MINN TIL AÐ SETJA MANDARÍNU Í SKÓINN. ÉG ÞÓTTIST VERA SOFANDI OG ÞORÐI EKKI AÐ SEGJA NEITT.**

Hvað gerðir þú skemmtilegast í sumar? Mér fannst skemmtilegast að fara á reiðnámskeið og í sumarbústað í Fnjóskadal. Þar er húsdýragarður sem heitir Dalalíf og þar mátti halda á kanínum.

Hvar finnst þér fallegast á Íslandi? Hjá Skógafossi. Mér finnst fossinn svo fallegur og það er oft regnbogi í honum. Það leynist líka gullkista á bak við Skógafoss. Ef ég næði henni, sem ég get alveg, mundi ég gefa öllum fátækum gullið.

Lestrarhestur vikunnar Auður Hilda, 7 ára

Nú er sumarlestri barna á vegum Borgarbókasafnsins, Bókmenntaborgarinnar og Forlagsins lokið þetta árið og að endingu var dregið út nafn eins þátttakanda sem hlaut veglegan vinning. Í lukkupottinn datt hún Auður Hilda Magnúsdóttir. Hún fékk lestölvu að gjöf.

Auður Hilda, ertu búin að lesa margar bækur í sumar? Já, ég er búin að lesa eina bók um kanínur, Oliver Tvist svo las ég Amma óþekka og Súper amma líka.

Hver var skemmtilegust? Oliver Twist.

Hvernig finnst þér dýrabækur? Góðar. Maður getur séð svo margt um dýrin og sum af þeim eru mjög krúttleg. Mér finnst bækur um dýr skemmtilegar út af því að ég á hund sem heitir Brúnó og hann er rosa mjúkur og sætur.

Ef þú mundir skrifa barnabók, um hvað yrði hún? Börn sem eru alltaf glöð.

Auður Hilda alsæl með lesbrettið.

Hefur þú skrifað bók? Já, hún var um risaeðlutímann.

Langar þig að verða rithöfundur þegar þú verður stór? Mig langar ekkert sérstaklega að verða rithöfundur en kannski. Mest langar mig að vera leikskólakennari eða dýralæknir.

Hlakkar þú til að lesa á lestölvunni? Já, ég ætla að lesa barnabækur og svo unglingabækur þegar ég verð stærri.

KOKKUR ÁRSINS

2017

Kokkur ársins 2017

Úrslit í keppninni Kokkur ársins fara fram í salnum Flóa á jarðhæð Hörpu í dag.

Komið og fylgist með!

Frá kl. 12-18 er salurinn opinn gestum og gangandi sem geta fylgst með kokkunum að störfum. Aðgangur er ókeypis.

Kokkalandsliðskvöldverður kl. 18

Kokkalandsliðið matreiðir þriggja rétta máltíð sem borin verður fram með sérvöldu víni.

Gummi Ben sér um veislustjórn og heldur uppi keppnisstemningu ásamt tónlistarmanninum Eyþóri Inga.

Verðlaunaafhending
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, krýnir Kokk ársins 2017.

Uppselt er á kvöldverðinn!

Keppnin Kokkur ársins 2017 er í samstarfi við IKEA og Nettó

nettó

IKEA®

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Rigna mun talsvert á landinu í dag þegar hitaskil ganga norðvestur yfir landið. Mest mun þó rigna á Suðausturlandi og Austfjörðum. Skilunum mun einnig fylgja hvassviðri og stormasamt verður undir Eyjafjöllum og í nágrenni Skaftafells.

Heimurinn

Kaupmannah. 15°	Oslo 12°	Stokkhólmur 18°	Gautaborg 15°	Helsinki 15°	Þórshöfn 12°	Nuuk 1°
London 17°	Amsterdam 16°	París 19°	Berlín 18°	Madrid 25°	Brussel 17°	Róm 23°
Boston 18°	New York 19°	Orlando 23°	Moskva 15°	Singapúr 28°	Tókýó 18°	Sydney 26°

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
10° ↖ 11	10° ↖ 15	9° ↓ 3	11° ← 9	11° ↖ 12

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
9° ↖ 11	7° ↖ 8	9° ↖ 10	8° ↖ 4	7° ← 17

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
12° ↖ 15	8° ↖ 7	11° ↖ 13	11° ↖ 11	10° ↖ 19

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
11° ↖ 17	9° ↑ 8	9° ↖ 12	9° ↖ 12	9° ↖ 16

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
10° ↖ 15	11° ↖ 10	10° ↖ 13	11° ← 12	10° ↖ 15

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



TÖLUM SAMAN!

Styrkjum mannauð – Eflum vinnustaðatúlkun og tryggjum heyrnarlausum jafnt aðgengi sem virkur þjóðfélagsþegn!

Eftirtalin fyrirtæki styðja málefnið:

vodafone
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
ICELANDAIR CARGO
HB GRANDI
Lottó
KOLAPORTIÐ
skórnir þínir
VR
KFC
SS fremstir fyrir bragðið Síðan 1907
SPORTHÚSIÐ heilsurækt fyrir alla
Íslandsbanki
andat LÖGMANNSSTOFA
LímtréVirnet
HYUNDAI
BRIM
Frumherji
ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN
RÉTTSKIL Bókhaldsþjónusta
FOSSHOTEL
Akureyrarbær
Set ehf • Röraverksmiðja
HOTEL KEFLAVÍK ICELAND
málning - það segir sig sjálft -
Gæ Stofnað 1968
EFLING STÉTTARFÉLAG
SAMSKIP
Bílanaust
Hreint
ÁLTAK
KOPAR
GA SMÍÐAJÁRN Sterkir í stálinu síðan 1970
Landsvirkjun
NÝHERJI
ORMSSON
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN
Hringdu
Kópavogsbær
Kjörís
ÍTR
GARÐABÆR
KIA The Power to Surprise
Íspan GLER OG SPEGLAR
Verifone
Síldarvinnslan hf
ÍSLENSK ERFÐAGREINING
Hotel Cabin
100 ár VIÐSKIPTARÁÐ
VÍNBÚÐIN | ÁTVR
ÁTVR er handhafi gullmerkis jafnlaunaúttektar PWC 2016

Var ætlað að læra íslensku

Hinn kínverski Halldór Xinyu Zhang hefur náð slíkum tökum á íslenskri tungu á fjórum árum að hann er kominn á fullt skrið í þýðingum úr íslensku á kínversku.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

„Það sem mér finnst best við að vera á Íslandi er að heimamenn tala þetta tungumál sem ber heitið íslenska og ég hef svo mikinn áhuga á," segir Halldór.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það var fyrir hálfgerða tilviljun að ég byrjaði að læra íslensku í Peking árið 2013 og hugsa að mér hafi verið ætlað það hlutskipti. Hafði ætlað í sænskunám en það var ekki aðgengilegt þá stundina," segir Halldór Xinyu Zhang, 23 ára Kínverji sem býr á Íslandi nú og hóf nýlega meistaranám í íslenskum bókmenntum við HÍ. Svo er hann líka þýðandi íslenskra bóka yfir á kínversku.

Það á vel við að hitta Halldór í Veröld, alþjóðlegri miðstöð tungumála og menningar, þar sem hann situr þýðendaþing og kveðst þakklátur fyrir að eiga þess kost. Ég byrja á að spyrja hann út í Halldórsnafnið.

„Eins og flestir vita getur verið erfitt fyrir Íslendinga að bera fram kínversku. Eiríkur Sturla Ólafsson, íslenski sendikennarinn í Peking, gaf okkur nemendum sínum því íslensk nöfn og af því að síðasta orðið í kínverska nafninu mínu þýðir bókmenntahæfi þá datt honum strax í hug Halldór Laxness. Svo ég tók Halldórsnafnið upp. Það er ekki alþjóðlegt en mjög íslenskt."

Fyrsta bók í þýðingu Halldórs, Hundadagar eftir Einar Má Guðmundsson, kom út í Kína í fyrra og fékk kínversku bókmenntaverðlaunin sem besta erlenda skáldsaga 21. aldar. „Við Einar fórum til Kína í apríl í vor í tilefni afhendingar verðlaunanna," upplýsir Halldór brosandi. Nú kveðst hann vera með aðrar tvær skáldsögur í takinu, Meðan nóttin líður eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur og Riddara hringstigans eftir Einar Má – með meistaranáminu. „Ég vinn dálítið mikið. Það er nokkurs konar lífsmáti. Þýðing einnar skáldsögu á ári fyllir líf mitt að vissu leyti, því sögurnar verða hluti af mér."

Það er ótrúlegt að Halldór hafi kynnst íslenskunni fyrst fyrir fjórum árum, svo gott vald sem hann hefur á henni. Hann kveðst hafa kom hingað til lands árið 2015 með styrk Árnastofnunar og tekið BA-gráðu með íslensku sem annað mál, við Háskóla Íslands. „Það var í júlí síðastliðnum sem ég lauk því," útskýrir hann. „Kínverskan er auðvitað móðurmálið mitt en annað málið mitt er íslenska, því nú einbeiti ég mér bara að henni, svo tala ég líka ensku."

BA-verkefnið í íslensku kveðst Halldór hafa leyst undir handarjaðri Jóns Karls Helgasonar bókmenntafræðings og skrifað um Hundadaga á bókmenntafræðilegan hátt. „Ég skilgreini bókina sem sagnritunarsjálfsögu. Það er merkilegt hugtak sem kanadíski bókmennafræðingurinn Linda Hutcheon hélt fram fyrst manna á níunda áratugnum en fáir íslenskir fræðimenn hafa skrifað um. Sjálfum finnst mér það afar gagnlegt og áhugavert."

Hann segir Jón Karl og Dagnýju Kristjánsdóttur hafa hjálpað sér að velja verk til þýðingar. En hafa Kínverjar áhuga á íslenskum bókum? „Já. Halldór Kiljan var auðvitað þýddur á kínversku á sínum tíma og hann heimsótti Kína nokkrum sinnum. Snemma á 9. áratugnum var búið að þýða íslenskar smásögur yfir á kínversku eftir Svövu Jakobsdóttur, Jakobínu Sigurðardóttur, Hermann Stefánsson og Ólaf Jóhann Sigurðsson. Svo var ágætur þýðendahópur sem þýddi Íslendingasögurnar yfir á kínversku úr dönsku, sænsku og ensku. Sérstaklega finnst mér þýðingin á Egils sögu góð," segir Halldór og kveðst hafa lesið Íslendingasögurnar, Engla alheimsins og tvær glæpasögur eftir Arnald Indriðason, Grafarþögn og Mýrina, áður en hann kom til Íslands.

„Himnaríki og helvíti eftir Jón Kalman kom út í Kína fyrir tveimur mánuðum, snúin úr ensku, hún er mjög vinsæl. Allar þessar bækur sýna Kínverjum hlið sem þeir þekkja ekki, til dæmis kulda og hreinleika. Við Kínverjar segjum að Ísland sé á heimsenda – ekki þó í neikvæðri merkingu heldur finnst okkur það fallegt og framandi. Kínverjar hafa áhuga á erlendum bókmenntum og menningu og lesa þýddar bækur til jafns við frumsamdar kínverskar bækur."

En hvernig finnst honum að búa á Íslandi? Hann verður hugsi og horfir út um gluggann. „Skiptir máli hvar maður býr? Mér finnst það ekki skipta mestu máli. Svæði heimsins eru ólík hvert öðru en öll eiga þau eitthvað sameiginlegt. Þetta er einn heimur. Ég fór síðast heim til Kína sumarið 2016 en fannst of heitt, um 40 gráður, þannig að það var gott að koma hingað aftur. Það sem mér finnst best við að vera á Íslandi er að heimamenn tala þetta tungumál sem ber heitið íslenska og ég hef svo mikinn áhuga á."

Bækur kvenna sýna dálítið öðruvísi mynd af mannlífinu en bækur karla, að mati Halldórs. Því eru nokkrar slíkar á óskalista hans sem þýðingarverkefni. „Uppáhaldsbókin mín er Ástir fiskanna eftir Steinunni Sigurðardóttur og ég vona að ég fái að þýða hana. Mig langar líka að þýða Svövu Jakobs, sérstaklega Gunnlaðar sögu. Svo finnst mér Vigdís Grímsdóttir flott og núna er það Fríða sem ég er að glíma við. Við verðum að viðurkenna sérstöðu kvenna í því að bregðast við ýmsum aðstæðum í þessum heimi. Vissulega eru til karlkyns rithöfundar sem kunna að miðla viðkvæmum tilfinningum en þó ekki eins og konur gera.

Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík

Tónlistarnámskeið fyrir ung börn og foreldra þeirra

Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík, Sóltúni 24, 105 Reykjavík býður upp á námskeið fyrir börn á aldrinum 3ja mánaða til þriggja ára.

Á námskeiðinu verða kennd barnalög og kvæði, leikið, dansað og notið samverunnar. Kennari notar m.a. kennsluefni og hugmyndafræði Suzukiaðferðarinnar til grundvallar námskeiðinu og foreldrar læra leiðir til að nota söng og tónlist í daglegu uppeldi og umönnun barna sinna.

Kennari er Diljá Sigursveinsdóttir, Suzukifiðlukennari við skólann, sem einnig er menntuð söngkona og söngkennari og hefur margra ára reynslu sem kennari ungra barna.

Námskeiðið hefst fimmtudaginn 5. október nk. og er kennt vikulega í 8 vikur. Námskeiðið er kennt frá kl. 09:00 til 10:00.

Verð kr. 25.000

Skráning er á netfanginu: postur@suzukitonlist.is

SPENNA & ÞEYTINGUR!

VILDARVERÐ:
3.299.-
Verð:
3.899.-



1.
Metsölulisti Eymundsson

Stúlkan sem gat ekki fyrirgefið

VILDARVERÐ:
3.299.-
Verð:
3.999.-



Allskonar þeytingar fyrir alla



Grænmetisætan
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-

Engillinn í eyjunni
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.799.-



Umsátur
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.799.-



Bláköld lygi
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 25. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Fjórir leikstjórar á RIFF ræða verk sín

Kvikmyndaleikstjórarnir Tinna Hrafnsdóttir, Þóra Hilmarsdóttir, Vala Ómarsdóttir og Eva Sigurðardóttir sýna kvikmyndir sínar á RIFF, alþjóðlegri kvikmyndahátíð, í ár og segja frá verkum sínum.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Mikill fjöldi leikstjóra tekur þátt í RIFF, alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, í ár en hátíðin hefst í næstu viku. Þeirra á meðal eru Tinna Hrafnsdóttir, Þóra Hilmarsdóttir, Vala Ómarsdóttir og Eva Sigurðardóttir.

Tinna er leikstjóri og framleiðandi stuttmyndarinnar Munda auk Freyju Filmwork og Pegasus. „Bergþóra Snæbjörnsdóttir skrifaði handritið, það var eitt af fimm sem sigruðu í handritakeppni Doris sem haldin var á vegum Wift, félags kvenna í kvikmyndagerð. Eftir að ég fékk það fyrst í hendurnar gerði Bergþóra nokkrar aðlaganir en myndin átti upphaflega að heita Eikí Breikí hjarta," segir Tinna og bætir við að ýmislegt hafi breyst í samstarfi við handritshöfund þótt meginhugmyndin hafi haldið sér.

